

ÁRSSKÝRSLA

2019

+

STARFSÁÆTLUN

2020



Menningarhúsin í Kópavogi



Kópavogsbær

kopavogur.is

- * Ritstjóri
Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála
- * Samantekt og uppsetning
Íris María Stefánsdóttir

Forsíða: Menningarhúsin í Kópavogi
Ljósmyndari: Thorsten Henn

Útgefið: september 2020

EFNISYFIRLIT

Ávarp forstöðumanns menningarmála	4
Menningarmál	5
Menningarstefna	7
Kjarni menningar í Kópavogi	9
Helstu verkefni 2019	9
Samstarf	11
Fjölmennningarleg áhersla	12
Stefnumörkun	12
Lista- og menningarráð	13
Rekstur og mannauðsmál	15
Fjárhagsáætlun 2020	16
Mannauðsmál	17
Framtíðarsýn	17
Viðburðir, fræðsla og kynningarstarf	19
Sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	20
Markaðssetning og kynningarmál	26
Viðburðadagatal	27

Stofnanir sviðsins	
Bókasafn Kópavogs	29
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	41
Héraðsskjalasafn Kópavogs	55
Náttúrufræðistofa Kópavogs	61
Salurinn	73

ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS MENNINGARMÁLA

Mikill drifkraftur og metnaður einkenndi menningarstarfið í Kópavogi árið 2019. Starfsfólk Menningarhúsanna á heiður skilinn fyrir frumkvæði og mikla alúð við störf sín. Með einstöku samstarfi hefur sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna sjaldan verið jafn heilsteypt og markviss. Forstöðumenn Menningarhúsanna stýrðu starfseminni af útsjónarsemi og leituðu frumlegra leiða við að glæða starfsemi húsanna lífi og nýjum ljóma.

Styrkur menningarlífsins í Kópavogi felst meðal annars í nálægð Menningarhúsanna en óvída hér á landi er að finna slíkan menningarkjarna. Að auki endurspeglast metnaður bæjarfélagsins á sviði menningarmála í byggingunum sjálfum, sem voru langflestar reistar til þess að hýsa menningarstarfseminni sem þar fer fram.

Gestafjöldi Menningarhúsanna eykst frá ári til árs en árið 2019 heimsóttu 279.415 gestir húsin sem eru 39.415 fleiri en 2018 og því 17% aukning milli ára. Alls 66.029 gestir tóku þátt í þeim 1.290 skipulögðum viðburðum sem Menningarhúsin buðu upp á 2019 fyrir almenning og skóla. Á milli ára var þ.a.l. 14% aukning á fjölda viðburða. Alls 12.274 leikskóla- og grunnskólanemar voru í 432 skipulögðum heimsóknum árið 2019 sem er 58% fjölgun nemenda frá árinu 2018. Gestir sem sóttu viðburði fyrir almenning og skóla sem skipulagðir voru þvert á Menningarhúsin 2019 voru 20.812 sem er 27% aukning frá 2018.

Á árinu hófst samstarf Menningarhúsanna við systurstofnanir á Norðurlöndum og er stefnt að því að það standi til næstu þriggja ára. Er þetta stærsta einstaka verkefni sem Menningarhúsin hafa ráðist sameiginlega í með stuðningi frá Nordisk Kulturfond.

Með styrk frá Barnamenningarsjóði var málaflöknum gert kleift að ráða til sín verkefnastjóra sem ætlað var að kynna menningarstarfsemi bæjarins fyrir erlendum fjölskyldum á Íslandi. Starfið bar frábæran árangur og verður viðhaldið um sinn.


Skýrslunni er ætlað að fanga menningarstarfsemi Kópavogsbæjar hverju sinni, líta yfir farinn veg og setja mælanleg og raunhæf markmið næstu misserin.

Soffía Karlsdóttir

forstöðumaður menningarmála í Kópavogi

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

MENNINGARMÁL



LISTA- OG MENNINGARRÁÐ

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í menningarmálum.

KJÖRNIR

- D Karen Elísabet Halldórsdóttir, formaður
- Æ Auður Sigrúnardóttir
- D Guðmundur Gísli Geirdal
- B Páll Marís Pálsson
- S Þórunn Sigurðardóttir/Margrét Tryggvadóttir
- P Vígdís Ásgeirsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

TIL VARA

- Æ Bergþór Skúlason
- B Björg Baldursdóttir
- P Hákon Helgi Leifsson
- D Margrét Friðriksdóttir
- S Þóra Marteinsdóttir
- D Örn Thorstensen

- B Framsóknarflokkurinn
- D Sjálfstæðisflokkurinn
- P Piratar
- S Samfylkingin
- V Vinstrihreyfingin - grænt framboð
- Æ Björt framtíð

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

MENNINGARSTEFNA

Menningarstefna Kópavogsbæjar var samþykkt í maí 2015 og nær til alls lista- og menningarstarfs á vegum bæjarins og þar með Menningarhúsanna. Stefnunni er ætlað að skerpa sýn og hlutverk menningarstarfs í bænum, stuðla að markvissari ákvörðunum og betri nýtingu fjármagns. Tilgangur hennar er meðal annars að auka lífsgæði bæjarbúa, styrkja bæjarbrag og laða að nýja íbúa, en einnig innlenda sem erlenda gesti. Aðgerðaáætlun sem fylgir stefnunni er jafnan yfirfarin.

Átta lykilviðfangsefni, markmið og leiðir til að ná þeim.

- * Að vekja athygli á menningarstarfi í Kópavogi
- * Að nýta betur tækifærin sem felast í nálægð menningarhúsanna
- * Að efla næsta nágrenni
- * Að sækja á ný mið
- * Að efla tengingar og samtal við grasrótina
- * Að tengjast skólasterfi í bænum
- * Að móta sér sérstöðu
- * Að samnýta starfskrafta betur

Tilgangur menningarstarfsins í Kópavogi er að auka lífsgæði Kópavogsbúa á öllum aldri með fjölbreyttu menningar- og listalífi, fræðslu og miðlun. Lögð er áhersla á að þróa og bjóða viðburði og upplifun sem ekki er að finna annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og er það því hrein viðbót við þá menningarflóru sem í boði er.

Hjarta menningarstarfs bæjarins er í Menningarhúsunum sem reist hafa verið af miklum myndarskap við Hamraborgina. Samspil og nálægð húsanna gefur kost á rekstrarlegri samlegð með aukinni samvinnu starfsmanna og sameiginlegri markaðssetningu þvert á húsin og listgreinar. Með þessi orð að leiðarljósi hefur verið hlúð að menningarstarfi bæjarins og markmið og leiðir að stefnunni hafa varðað starfsemina.

Í stefnunni er gert ráð fyrir að unnið sé að fjölbreyttum markmiðum sem mörg hver hafa náðst, m.a. sameiginleg vefsíða og nýjar vefsíður hvers Menningarhúss fyrir sig sem voru teknar í notkun í maí 2018. Kynningarmál eru í stöðugri endurskoðun með það fyrir augum að nýta fjármuni sem best, t.d. með því að draga úr prentun en færa kynningu í bæjarblöðin nær íbúum. Um mitt ár 2019 var auglýst eftir markaðs- og kynningarstjóra fyrir Menningarhúsin og menningarmálaflokkinn í heild sinni, en kynningar- og markaðsmálin hafa verið helsti veikleiki málaflokksins. Vonir eru bundnar við að með því móti auðnist starfsfólki að draga enn betur fram hið öfluga menningarstarf sem fram fer í bæjarfélaginu og stuðla auk þess að meiri þátttöku innlendra jafnt sem erlendra gesta í viðburðum og heimsóknunum í húsin.

Á árunum 2020 og 2021 er stefnt að því að endurskoða menningarstefnu Kópavogs í ljósi stefnumótunarvinnu Kópavogsbæjar í tengslumviðinnleiðinguheimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

KJARNI MENNINGAR Í KÓPAVOGI

Menningarstofnanir bæjarins starfa samkvæmt samþykktum Kópavogsbæjar og viðeigandi lögum og reglugerðum. Yfir- stjórn menningarmála starfar í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar og mótast af forgangsröðun í verkefnum hennar.

Ef litið er yfir menningardagatalið árið 2019 kemur í ljós að það var ekki einvörðungu varðað einstaklega litríkri viðburðadagskrá. Áfram var unnið að styrkingu innviða menningarstarfsins meðal annars með því að hefja innleiðingu Mælkó upplýsingakerfis sem þróað hefur verið til að vinna með mælikvarða og greiningar innan stjórnsýslukerfis Kópavogsbæjar. Mikill vilji bæjarbúa og forstöðumanns Bókasafns Kópavogs er að opna nýtt útibú bókasafnsins í efri byggðum Kópavogs og hefur kjallari Kórsins komið til umræðu í því samhengi. Vonir eru bundnar við að áfram verði unnið að þeim hugmyndum. Um sumarið var í fyrsta sinn ráðinn til starfa við Menningarhúsin kynningar- og markaðsstjóri sem starfar þvert á málaflokkinn. Þá tók nýr forstöðumaður við keflinu í Gerðarsafni og starfsmannaskipti urðu á útibússtjóra við Lindasafn.

Mikill áhugi hefur verið á betri nýtingu og fegrun útivistar- svæðis við Menningarhúsin. Sumarið 2018 var þar settur upp ærslabergur, við miklar vinsældir yngri kynslóðarinnar og hefur mikið líf sprottið upp á svæðinu í kringum hann. Haustið 2019 var komið upp klifurgrind og undirbúningur hófst á uppsetningu gosbrunnns. Þá var ráðist í endurhönnun á útisvæðinu við Gerðarsafn og Pure Deli, með hellulögn, nýjum blómakerjum og fallegum útihúsgögnum. Vakti nýja svæðið mikla lukku og var þar þétt setið yfir sumartímann.

Á fjárhagsáætlun 2019 var samþykkt að veita um 25 milljónum í endurnýjun á hljóðkerfi í Salnum og er búist við að vali og uppsetningu ljúki árið 2020. Árið 2019 fékkst fjárveiting til að breyta sýningu Náttúrufræðistofu og einnig var veitt fjármagn til að skipta út lýsingu í sýningarsölum Gerðarsafns sem fer í framkvæmd haustið 2020. Nýtt gólfefni var lagt á 1. hæð safnahússins og enn fremur var lagt í endurhönnun á rýmum bókasafnsins og ný húsgögn sérhönnuð fyrir rýmið.

HELSTU VERKEFNI ÁRSINS 2019

Vatnsdropinn

Vatnsdropinn er samstarfsverkefni Kópavogsbæjar (IS), H.C. Andersen safnsins (DK), Múminálfasafnsins (FI) og Ilons Wonderland (EE). Verkefnið er unnið að frumkvæði forstöðumanns menningarmála í Kópavogi og er til þriggja ára. Tilgangur verkefnisins er að tengja saman norrænar barnabókmenntir og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmið þess er að fræða börn á Íslandi og á Norðurlöndum um mikilvæg gildi á borð við jafnrétti, sjálfbærni og umburðarlyndi – en þessi gildi er ekki aðeins að finna í markmiðum Sameinuðu þjóðanna heldur koma þau einnig oft fyrir í norrænum barnabókmenntum. Í verkefninu er lögð áhersla á að börn taki þátt í undirbúningi og hafi áhrif á útkomu þess. Fyrsti fundur fulltrúa Menningarhúsanna til að kynna verkefnið fór fram í Tampere í febrúarbyrjun. Annar fundurinn fór einnig fram í Tampere í apríl og þriðji samstarfsfundurinn fór fram í Óðinsvéum í desember. Á árinu hlaut verkefnið um 5,5 milljónir króna styrk af styrkjum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Verkefnastjóri fjölmennningar

Þann 26. apríl hlutu Menningarhúsin í Kópavogi 1,8 milljóna kr. styrk úr Barna- menningarsjóði til að standa straum að ráðningu verkefnastjóra til að kynna fyrir erlendum íbúum Kópavogs það fjölbreytta menningarstarf sem þar á sér stað og efla þá til þátttöku.



Bæjarlistamaður Kópavogs

Ragna Fróðadóttir, textílhönnuður og myndlistarkona, var valin bæjarlistamaður Kópavogs við hátíðlega athöfn í Salnum 24. maí. Ragna setti mark sitt að vinna að verkefnum og viðburðum sem tengjast textíl og umhverfissjónarmiðum með börnum og eldri borgurum.

17. júní

Hátíðahöld bæjarins á þjóðhátíðardaginn fóru fram á Rútstúni og á útisvæði Menningarhúsanna og hafa sjaldan verið eins fjölmenn, enda veðrið með eindæmum gott. Lögð var áhersla á að hátíðin væri sniðin fyrir fjölskylduna og að hún snerist um gleði, vináttu og samveru. Skipuleggjandi hátíðarinnar var Ingibjörg Gréta Gísladóttir.

Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun

Starfsfólk Menningarhúsanna kom saman í Hannesarholti 3. apríl þar sem unnið var að stefnumótun í anda heimsmarkmiðanna.

Sólarslóð

Á Hálsatorgi var afhjúpað vegglistaverkið Sólarslóð eftir Theresu Himmer þann 5. júlí. Sólarslóð sýnir hreyfingu sólarinnar yfir eins árs tímabil með tólf brotalínum. Hinar sindrandi, hvítu brotalínur verksins vísa einnig til umferðarinnar sem flæðir undir Hálsatorg, í kringum brúna og inn í hversdaginn. Verkið styrkti lista- og menningarráð.

RIFF

Lista- og menningarráð styrkti kvikmyndahátíðina RIFF og fólst samstarf þeirra í ókeypis kvikmyndasýningum á listrænum barna- og unglíngamyndum í Smárabíói. Um eitt þúsund börn úr Kópavogi nutu sýninganna sem voru um mánaðarmótin september / október.

Starfsnemar frá Kanada

Menningarhúsin tóku þátt í samstarfi við Worcester Polytechnic Institute háskólann í Kanada með því að taka á móti fjórum nemendum í tveggja mánaða starfsnám sem snerist um að gera könnun á upplifun gesta á menningarviðburðum húsanna. Nemendur unnu undir handleiðslu prófessors við skólann og verkefnastjóra hjá Menningarhúsunum. Afraksturinn var kynntur þriðjudaginn 8. október á Bókasafni Kópavogs og á Landsbókasafninu.

Menningarmiðlun HÍ

Forstöðumenn og verkefnastjórar Menningarhúsanna tóku annað árið í röð á móti nemendum úr menningarmiðlun við Háskóla Íslands 9. október. Þar fór fram kynning að starfsemi húsanna og fjörugar umræður fylgdu í kjölfarið.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI



Oodi í Helsinki

Kópavogsbær bauð hingað til lands Antti Sauli á alþjóðadeild almenningsbókasafnsins Oodi í Helsinki til að kynna fyrir starfsmönnum bæjarins hugmyndafræðina á bak við hið stórfenglega bókasafn sem opnað var í desember 2018. Antti hélt fyrirlestur fyrir valda starfsmenn Kópavogsbæjar 31. október og fyrir starfsmenn bókasafna á landinu í Salnum 1. nóvember.

30 ára afmæli Barnasáttmála SP

Menningarmálaflokkurinn ásamt sérfræðingi lýðheilsamála hjá Kópavogsbæ tóku saman höndum og héldu upp á 30 ára afmæli Barnasáttmála SP með veglegum hætti miðvikudaginn 20. nóvember. Hátíðarhöldin fóru fram í öllum Menningarhúsunum, grunnskólum, leikskólum, félagsmiðstöðvum og í Smáranum. Fjöldinn allur af listamönnum, fræðimönnum og sérfræðingum lögðu þar hönd á plóg.

Samstarf

Auk samstarfs sem rakið er hér að ofan var áfram unnið að verkefnum sem áður hafði verið stofnað til.

Sumarið 2018 hófst samstarfsáttak menningarmálaflokksins með almannatengli bæjarins, forstöðumönnum sundlauga og sóknarpresti Kópavogskirkju sem var beint að erlendum ferðamönnum undir heitinu Culture Hill. Verkefnið var unnið undir merkjum og í samstarfi við Reykjavík Loves, samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfsaðilarnir gáfu út lítinn bækling sem dreift var m.a. á Upplýsingamiðstöð Reykjavíkurborgar og þrátt fyrir að ekki liggi fyrir nákvæmar mælingar urðu starfsmenn varir við aukningu ferðamanna á svæðinu. Vorið 2019 var afráðið að halda þessu samstarfi áfram, bragarbót var gerð á bæklingi, veitingastaðurinn Pure Deli í Gerðarsafni bættist við og einnig

hófst samtal við Markaðsstofu Kópavogs. Dreifing bæklinganna var með öðru sniði sumarið 2019 þar sem Upplýsingamiðstöð borgarinnar var lögð niður.

Þverfaglegt samstarf um hátíðir, barnamenningu, menningar- og dægurviðburði auk kynningar- og markaðsmála er einnig á ábyrgð málaflokksins en reglulegir samstarfsfundir eru haldnir á meðal stjórnenda og verkefnastjóra menningarstofnana á höfuðborgarsvæðinu.

Málaflokkurinn hefur jafnframt umsjón með samstarfsvettvangi Leikfélags Kópavogs og hópum og einstaklingum sem þiggja framlög úr sjóðum lista- og menningarráðs. Forstöðumaður menningarmála sér um samninga, styrki og samskipti vegna þeirra málefna sem lúta að lista- og menningarlífi í Kópavogi og er bæjaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir hann heyrir.

Á árinu var lagður grundvöllur að samstarfi við velferðarsvið sem vonir standa til að geti eflst þegar fram líða stundir.

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

FJÖLMENNINGARLEG ÁHERSLA

Árið 2017 var lagður grunnur að fjölmennningarlegu samstarfi innan málaflokksins og áfram er stefnt að því að flétta atriði úr jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogs inn í starfsáætlun menningarmálflokksins. Þar verður lögð áhersla á að allir fái notið mannréttinda og að tryggt sé að fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu sem menningarstofnanir bæjarins bjóða upp á. Enn fremur að mennta- og æskulýðsstarf taki mið af þörfum barna fólks af erlendum uppruna og að þau fái notið framboðs bæjarfélagsins til jafns við önnur börn. Fjölbreytni og margbreytileiki samfélagsins verða þannig mikilvægur þáttur í menningarstarfi bæjarins þar sem áhersla verður lögð á að börnum og ungmennum gefist tækifæri til að kynna heimamenningu sína og móðurmál. Bókasafn Kópavogs hefur unnið með Rauða krossinum að stuðningi við fólk með annað móðurmál og verður því starfi viðhaldið. Verkefnið hlaut viðurkenningu Jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogs í ársbyrjun 2018 og var Menningarhúsunum mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Í ársbyrjun 2019 hlutu Menningarhúsin 1,8 milljóna króna styrk úr nýjum Barnamenningarsjóði forsætisráðuneytisins til tímabundinnar ráðningar verkefnastjóra sem fara á með málaflokk sem snýr að fjölmennningarlegum viðburðum fyrir fjölskyldur í öllum Menningarhúsunum. Vonir eru bundnar við öflugt starf á þessu sviði á næstu misserum en Safnaráð styrkti einnig fjölmennningarlegt verkefni með áttahundruð þúsund króna framlagi sem nýtt var árið 2019.

STEFNUMÖRKUN

Í viðhorfskönnun meðal bæjarbúa sem framkvæmd er af Capacent - Gallup hefur komið fram almenn ánægja bæjarbúa með menningarstarfið í bænum. Mikil áhersla er lögð á að fylgjast með nýjum straumum og stefnum en um leið halda í menningarleg gildi Menningarhúsanna. Starfsfólk Menningarhúsanna leggur áherslu á að meta reglulega starfsemina með það fyrir augum að bæta og gera betur. Mikilvægt er að horfa fram á veginn og setja sér mælanleg markmið fyrir samfélagið í heild sinni.

Á árinu 2020 verður eitt af stóru einstöku verkefnum Menningarhúsanna að koma hinu norræna samstarfsverkefni, Vatnsdropanum, til framkvæmda og sækja um styrki til að það standi undir sér. Leitað verður leiða við að efla enn frekar faglegt samstarf fræðslustofnana bæjarins við Menningarhúsin með margvíslegum leiðum. Fjölmennningarleg áhersla verður ofarlega á baugi með áframhaldandi starfi verkefnastjóra fjölmennningar og verður miðað að því að reglubundnir viðburðir sem tengjast málefnum erlendra íbúa verði tíðari á dagskrá.

Huga þarf að því að auka samstarf við grasrótina í Kópavogi; kóra og annan félagsskap sem nýtur styrkja frá lista- og menningarráði. Einnig væri æskilegt að starfsemi Leikfélags Kópavogs og Midpunkts væri í meira samtali við málaflokk menningar. Á árinu 2020 væri forvitnilegt að horfa til nýrra leiða í miðlun menningarviðburða með það m.a. fyrir augum að ná til breiðari hóps gesta og til að vekja almenna athygli á því metnaðarfulla og fjölbreytilega starfi sem Menningarhúsin í Kópavogi sinna. Þá er eftirsóknarvert að nota nýja miðlun til að ná til jaðarhópa, sem af einhverjum ástæðum geta ekki sótt Menningarhúsin heim, til dæmis í samstarfi við velferðarsviðið. Enn má leita nýrra leiða til að tvinna starf einstakra Menningarhúsa meira saman, en það færir í vöxt að listamenn vinni þvert á listgreinar og tengi sköpun sína við málefni samfélagsins. List í almenningsrými er málaflokkur sem orðið hefur nokkuð útundan og þar liggja sóknarfæri fyrir Kópavogsbæ. Þrátt fyrir að útsvæði Menningarhúsanna hafi tekið stakkaskiptum undanfarin ár þá er mikilvægt að svæðið verði tekið út og hannað sem ein heild.

LISTA- OG MENNINGARRÁÐ

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins, samkvæmt erindisbréfi. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í málaflokknum. Ráðið sér jafnframt um árlega útnefningu bæjarlistamanns og heiðurslistamanns þegar það á við og úthlutar styrkjum úr Lista- og menningarsjóði samkvæmt þeim reglum sem það hefur sett sér og samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Fundir ráðsins árið 2019 voru 11 talsins.

Ráðstöfunarsjóður lista- og menningarráðs hækkaði lítillega á milli árána 2018 og 2019. Í fjárhagsáætlun 2019 var lögð áhersla á að skilgreina og áætla fasta kostnaðarliði úr sjóðum ráðsins til að standa straum af reglubundnum viðburðum og hátíðum Menningarhúsanna og var fjármagn til þeirra liða aukið lítillega á milli ára.

Framlag til menningarmála

Hlutverk lista- og menningarsjóðs er að efla lista- og menningarlíf í Kópavogi, styrkja starf Menningarhúsanna í Kópavogi, framfylgja menningarstefnu Kópavogsbæjar, skapa vettvang fyrir fjölbreytt menningar- og listalíf og stuðla að fræðslu og miðlun lista og vísinda.

Ráðið stýrir sjóði sem ætlað er að verja til kaupa á listaverkum, launa bæjarlistamanns Kópavogs og útnefningar heiðurslistamanns. Einnig til ljóðahátíðarinnar Ljóðstafur Jóns úr Vör, til almennrar lista- og menningarstarfsemi í bæjarfélaginu og til árlegra styrkveitinga til einstaklinga, hópa og stofnana vegna almennrar menningarstarfsemi.

Styrkúthlutanir úr sjóðnum eru árlegar en einnig er unnt að sækja um skyndistyrki. Meðal þeirra sem lista- og menningarráð veitir styrki til úr sjóði sínum eru einstaklingar, listhópar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir og einnig til almennrar menningarstarfsemi eða verkefna á sviði lista, hönnunar eða arkitektúrs, sem eru í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar.

Úthlutun úr sjóði lista- og menningarráðs 2019

Þann 31. janúar 2019 fór fram í Gerðarsafni úthlutun úr sjóðnum vegna umsókna sem bárust árið 2018 og koma áttu til framkvæmda 2019. Sextíu og fimm umsóknir bárust, en um er að ræða 50% aukningu umsókna frá árinu áður.

Alls hlutu tuttugu umsækjendur styrk úr sjóðnum, en sjóðurinn hafði yfir 63 milljónum kr. að ráða. Hæsti styrkur ráðsins, 4,5 milljónir kr., kom í hlut Midpunkts, listamannarýmis við Hamraborg.

Styrki á bilinu 400-900.000 kr. hlutu Tónleikaröð kennara við Tónlistarskóla Kópavogs, Da Capo viðtalstónleikaröð Gunnars Guðbjörnssonar í Salnum, Jazztónleikaröð Sunnu Gunnlaugsdóttur í Salnum og Reynir Hauksson vegna flamengotónleika og heimsókna í grunnskóla Kópavogs.


Styrkir sem voru undir 250.000 kr. komu í hlut Sigurrósar Guðbjargar Björnsdóttur, félagasamtakanna in Projekt Polska, kammertónlistarhópsins Camerartica, Hannesar Þ. Guðrúnarsonar og Töframáttar tónlistar.

Auk þess hlutu ýmsir menningarhópar sem starfa innan bæjarins starfsstyrki fyrir árin 2019 og 2020, sem nema á bilinu 100.000 til 250.000 kr., hvort árið um sig. Þetta eru ljóðahópurinn á Gjabakka, Sögufélag Kópavogs, Kvinnakór Kópavogs og Ritlistarhópur Kópavogs.

Úr sjóði lista- og menningarráðs var einnig veitt 3,5 milljónum króna til listaverkakaupa Gerðarsafns sem var samþykkt árið 2017 að veita árlega til og með árinu 2019, 3,5 milljónum króna til Tíbrár, tónleikaraðar Salarins og 1,7 milljónum króna til ljóðahátíðar sem kennd er við Jón úr Vör. Auk þess veitti sjóðurinn einstökum viðburðum og sýningum á vegum Menningarhúsanna stuðning m.a. vegna afmælisdagskrár í Gerðarsafni og Salnum.

Árið 2017 undirritaði lista- og menningarráð einnig þriggja ára samning við Leikfélag Kópavogs sem felur í sér árlegan styrk að upphæð 3,2 milljónir króna. Þá veitir lista- og menningarráð bæjarlistamanni árlega styrk að upphæð kr. 1,5 milljónir.

Í anda menningarstefnu Kópavogsbæjar styður ráðið enn fremur eflingu viðburðadagskrár Menningarhúsanna í Kópavogi með 9,6 milljónum króna framlagi. Þær hátíðir og þeir viðburðir sem fengu styrk eru: Fjölskyldustundir á laugardögum, Barnamenningarhátíð, Safnanótt, Menning á miðvikudögum, Aðventuhátíð Kópavogs og Menning fyrir alla sem er heiti á skipulagðri fræðsludagskrá fyrir nemendur í leik- og grunnskólum sem boðið er upp á í öllum Menningarhúsunum. Ráðið úthlutaði einnig um 9,2 milljónum króna til 17. júní dagskrár bæjarins.






REKSTUR OG MANNAUÐSMÁL

Innan málaflokksins er lögð áhersla á hagkvæmni í rekstri á sama tíma og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnunnar. Árið 2020 nemur áætlaður launakostnaður rétt rúmlega 40% af rekstrargjöldum ársins og innri leiga um 20%. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna lánskírteina haldi áfram að lækka eins og verið hefur á undanförunum árum. Áætlað er að Salurinn verði með um 21% hlutdeild af tekjum málaflokksins en bókasafnið rétt rúmlega 7% hlutdeild. Um 86,4% af fjárhagsgranna málaflokksins árið 2019 er varið til rekstrar stofnana sviðsins.


FJÁRMÁL	Frumvarp 2019	Frumvarp 2020
Tekjur		
<i>Rekstrartekjur</i>	-185.389.557	-175.606.464
Gjöld		
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	351.032.363	374.611.993
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	529.756.051	531.334.546
Rekstrarniðurstaða	695.398.857	730.340.075

SKIPTING GJALDA



A	11%	Salurinn
B	4%	Jól og áramót, 17. júní og aðrar sumarhátíðir
C	7%	Menningarmál yfirstjórn
D	24%	Bókasafn Kópavogs
E	4%	Lindasafn
F	11%	Safnahús sameiginlegt
G	7%	Héraðsskjalasafn
H	10%	Náttúrufræðistofa
I	15%	Gerðarsafn
J	6%	Lista- og menningarráð
K	1%	Leikfélög

SKIPTING TEKNA



A	21%	Salurinn
B	7%	Bókasafn Kópavogs aðalsafn
C	1%	Lindasafn
D	59%	Safnahús sameiginlegt
E	9%	Náttúrufræðistofa
F	3%	Gerðarsafn

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	Rekstrar- niðurstaða 2018	Rekstrar- niðurstaða 2019	Áætlaðar tekjur 2020	Áætluð laun og launa- tengd gjöld	Áætlaður annar rekstar- kostnaður 2020	Áætluð rekstrar- niðurstaða 2020
Menningarmál yfirstjórn	40.177.709	94.204.488	0	41.926.511	17.894.196	59.820.707
Bókasafn Kópavogs	185.587.900	199.330.244	-12.735.000	128.040.696	86.283.792	201.589.488
Lindasafn	20.564.128	24.792.507	-950.008	18.737.888	16.711.499	34.499.379
Héraðsskjalasafn	46.593.168	47.805.475	-855.000	41.976.859	19.487.177	60.609.036
Gerðarsafn	111.284.511	121.913.531	-4.824.012	41.121.218	99.196.433	135.493.639
Náttúrufræðistofa	68.440.895	74.288.843	-16.166.762	56.580.996	30.667.942	71.082.176
Salurinn	53.001.126	68.212.219	-36.256.776	38.865.133	61.085.099	63.693.456
Safnahús sameiginlegt	-1	867.625	-103.818.906	500.000	103.318.906	0
Listasafn kaffitería	2.171.162	189.981		0	0	0
Lista- og menningarráð	52.616.456	53.425.155		6.862.692	50.345.300	57.207.992
Leikfélög	9.568.798	7.312.335		0	12.749.596	12.749.596
Tónlistarsafn Íslands	9.371	0		0	0	0
17. júní				0	3.274.154	3.274.154
Sumarhátíðir				0	1.780.452	1.780.452
Jól og áramót				0	28.540.000	28.540.000
Rekstrarniðurstaða	590.015.223	692.342.403	-175.606.464	374.611.993	531.334.546	730.340.075

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

MANNAUÐSMÁL

Hjá Menningarhúsunum í Kópavogi starfar öflugur og hæfileikaríkur hópur starfsmanna, sem telur á bilinu 55-60 manns. Mikilvægt er að hlúa vel að mannauði menningarmálaflokksins og búa þeim jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að njóta sín í starfi og styrkja sig í sessi með reglubundinni símenntun og fræðslu. Áhersla hefur verið lögð á að efla stjórnendur í hlutverkum sínum og byggja undir menningu sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeflingu, viðurkenningu og vellíðan. Því hefur m.a. verið mætt með árvissum starfsmannasamtölum auk símenntunar- og fræðsludagskrár sem fer hér að neðan:

- 25. janúar Kristín Linda Jónsdóttir, Huglind.
Um Listina að lifa og hygge sig.
- 15. mars Heimsókn á Náttúruminjasafn Íslands í Perlunni.
- 29. mars Skyndihjálparnámskeið með Ólafi Inga Grettissyni hjá Rauða krossinum.
- 3. maí Starfsdagur og stefnumótun í tengslum við heimsmarkmiðin í Hannesarholti.
- 31. maí Vorfagnaður starfsmannafélagsins Írisar.
- 23. ágúst Kennsla á hjartastuðtæki Menningarhúsanna.
- 6. september Þorgrímur Þráinsson.
Ástfangin(n) af lífinu.
- 20. september Haustferð starfsfólks Menningarhúsanna.
- 18. október Heimsókn í Borgarsögusafn.
- 1. nóvember Erindi Antti Sauli um Oodi almennings-
bókasafnið í Helsinki.
- 15. nóvember Erindi Ásmundar Richardssonar um
persónuverndarlögin.
- 13. desember Jólaárþítur og erindi með Bergi Ebba.

Fjöldi starfsmanna og stöðugildi

	Stöðugildi	Fastir starfsmenn	Starfsmenn í tímavinnu
Bókasafn Kópavogs	12,7	14	8
Lindasafn	1,75	2	4
Héraðsskjalasafn	3	3	
Náttúrufræðistofa	6,25	7	
Gerðarsafn	3,8	4	8
Stjórn menningarmála	3	3	
Salurinn	3,3	4	4

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

FRAMTÍÐARSÝN

Menningaruppeldi er afar mikilvægur hluti af starfsemi allra Menningarhúsanna og á sama tíma fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefnunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í bæjarfélaginu. Sem annað stærsta bæjarfélag landsins eru skyldur lagðar á herðar bæjarfélagsins og mikilvægt að málaflokkurinn gegni þar ákveðinni forystu. Fáheyrnt er að eitt bæjarfélag státi af svo ólíkum menningarstofnunum sem tengdar eru hver annari og felast í því fjölmörg tækifæri sem skapa um leið afar mikla sérstöðu ef litið er til höfuðborgarsvæðisins í heild sinni. Menningarhúsasamstæðan rennir styrkum stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf innan bæjarfélagsins og skapar bæjarfélaginu sterka og einstaka ímynd. Nánd Menningarhúsanna auk nálægðar þeirra við eina vinsælustu sundlaug landsins, Kópavogslaug, er tækifæri sem hægt er að nýta til að efla ferðaþjónustu innan bæjarfélagsins auk þess sem orðspor og vinsældir veitingastaðarins Pure Deli í Gerðarsafni hefur afar jákvæð áhrif á svæðið. Þá má einnig nefna að stutt er í alla útivist og opin svæði í kringum Menningarhúsin sem veitir fjölmörg tækifæri til leiks og náms. Menningarstarfsemi Kópavogsbæjar er nú að mestu leyti bundin við miðbæinn en áhugavert væri að skoða önnur svæði í nýrri byggð með það í huga að efla menningarstarf þar. Stöðugt er unnið markvisst og faglega á sviði söfnunar, rannsókna, varðveislu og miðlunar hjá Menningarhúsum bæjarins. Áhersla er lögð á að þau séu opin bæjarbúum og að þeir eigi góðan aðgang að þeim.



VIÐBURÐIR, FRÆÐSLA OG KYNNINGARSTARF

Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum og Foreldramorgnar á fimmtudögum eru fastir viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi en auk þess eru Dagar ljóðsins, Safnanótt, Barnamenningarhátíð í Kópavogi og Aðventuhátíð Kópavogs mikilvægir liðir í starfsemi húsanna. Þar að auki standa Menningarhúsin sameiginlega að fræðsludagskrá fyrir skólabörn með yfirheitinu *Menning fyrir alla* en auk þess var 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fagnað þann 20. nóvember 2019.

Bókasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Salurinn skiptast að öllu jöfnu á að hafa vikulegu viðburðina Fjölskyldustundir og Menningu á miðvikudögum auk Foreldramorgna aðra hverja viku en aðrir sameiginlegir viðburðir fara fram samtímis í öllum húsum. Gestir húsanna geta því gengið að ókeypis gæðaviðburðum í viku hverri en dagskráin miðar ávallt að grunnstarfsemi hvers húss.

Verkefnisstjóri viðburða ásamt viðburðateymi skipuleggur alla viðburði með löngum fyrirvara en í viðburðateymi eru fulltrúar frá hverju Menningarhúsi auk kynningarstjóra og verkefnastjóra viðburða og barnamenningar. Fagfólk er ráðið til að leiða smiðjur og halda erindi eða tónleika en fjölbreytni og gæði eru höfð að leiðarljósi við val á viðfangsefni og framkvæmd viðburða.

Mikil aðsókn var í Menningarhúsin 2019 en 50% fleiri almennir gestir mættu á sameiginlega viðburði Menningarhúsanna í Kópavogi en árið áður. Þátttaka grunnskólanema í Menningu fyrir alla jókst einnig milli ára eða um 12%.

FJÖLDI GESTA Á SAMEIGINLEGUM VIÐBURÐUM MENNINGARHÚSANNA 2019	Bóka-safn	Gerðar-safn	Héraðs-skjala-safn	Náttúru-fræði-stofa	Salurinn	Úti-svæði	Aðsókn alls 2018	Aðsókn alls 2019
Fjölskyldustundir á laugardögum	1661	539		1.102	398		3.530	3.700
Menning á miðvikudögum	337	289		191	907		1.670	1.724
Foreldramorgnar	134	28		0				162
Safnanótt	747	742	100	747	220		4.016	2.556
Barnamenningarhátíð*	350	250		391	1.754		1.817	2.745
17. júní	123	230		123		500		976
30 ára afmæli Barnasáttmálans	286	377		286	990			1.939
Aðventuhátíð Kópavogs	1.040	204		1.040	153	400	933	2.837
Aðrir sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna**	646	95		590				1.331
Gestir alls	5.324	2.754	100	4.470	4.422	900	11.966	17.970

*Fjöldi gesta á öllum viðburðum í Barnamenningarhátíðarviku
 ** þ.á.m. Haustkarnival, haustfrí og vetrarfrí grunnskóla Kópavogs

SAMEIGINLEGIR VIÐBURÐIR MENNINGARHÚSANNA

Fjölskyldustundir á laugardögum

Fjölskyldustundir á laugardögum voru með hefðbundnu sniði með listsmiðjum í tengslum við sýningar í Gerðarsafni, tónleikum í Salnum, náttúrutengdum viðburðum á Náttúrufræðistofu og ljóða- og bókmenntaviðburðum fyrir alla fjölskylduna á Bókasafni Kópavogs. Viðburðateymi lagði þó áherslu á að bæta við ýmsum nýjungum sem þó væru ná tengdar grunnstarfsemi hvers húss.

Fjölskyldustundir á laugardögum voru allt í allt 57, þ.e. 23 á Bókasafni Kópavogs, 13 á Gerðarsafni, 12 á Náttúrufræðistofu og 9 í Salnum.

Fjölskyldur fengu að fræðast um hvernig fuglar og dýr eru stoppuð upp, hljóðfærasmíðja fór fram og danssmíðja svo fáeinar nýjungar séu nefndar. Þá kom silkiormabóndi í heimsókn og matseðill fuglanna í fjörunni var rannsakaður en af hefðbundnum og sívinsælum viðburðum má nefna bolluvandasmiðju, páskaföndur og bingó.

Menningarhúsin buðu í fyrsta sinn upp á dagskrá fyrir fjölskyldur í júní og ágúst en meðal viðburða var sérlega vel heppnaður hjóladagur þar sem boðið var upp á ástandsskoðun, þrautabrautir, hjólaferð og pylsuparty. Þá fór fram sumarsólstöðujóga og blómaleit í Borgarholtinu þar sem blóm og jurtir voru skoðaðar. Dragdrottningin Starína leiddi hinsegin sögustund í tilefni af Hinsegin dögum og furðudýrateiknismiðja fór fram í ágúst.

Dagskrá haustsins hófst með karnivali þar sem fjöldi viðburða var í boði í öllum húsum. Marokkóskt teboð og hennatattú var á dagskrá á Bókasafni sem og dansfjör, teppasmíðja fór fram í Gerðarsafni en þar var einnig sett upp leiksvæði með bláum risakubbum sem sannarlega sló í gegn. Textíl- og útsaumssmiðja fór fram á Náttúrufræðistofu en viðfangsefnið voru farfuglarnir. Í Salnum fór Valgerður Guðnadóttir á kostum en hún setti saman dagskrá þar sem hún flutti lög frá öllum heimshornum í gervi stúlku sem ferðast um á baki fugls.

Dagskrá Fjölskyldustunda á haustönn var verulega fjölbreytt árið 2019. Náttúrusmiðja á Náttúrufræðistofu var meðal sérlega vel sóttar viðburða. Í smíðjunni var unnið með efni úr náttúrunni og fallett skraut búið til sem gestir tóku með sér heim. Kolasmíðja í Gerðarsafni var óvenjuleg og skapandi en gestir voru beðnir að hafa hlífðarfatnað meðferðis og í smíðju Náttúrufræðistofu voru gamlir bolir endurnýttir í pokasmíðju í félagi við skátafélag. Verulega ánægjuleg nýjung var kynning á undrabarninu Mozart með tveimur fiðluleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og ljóst af fjölda gesta að krefjandi viðfangsefni höfða sannarlega til gesta Menningarhúsanna en fólk á öllum aldri sótti viðburðinn í fordyri Salarins.

Menning á miðvikudögum

Silkiormaræktun og fatahönnun, erfða-breytingar og sveppir sem eyða mengun voru meðal spennandi viðburða á Náttúrufræðistofu og söngleiðsögn og táknmálsleiðsögn í Gerðarsafni. Norræn goðafræði og erindi um siði á þorra voru vel sóttir viðburðir á Bókasafni Kópavogs og langspilsspuni, endurreisnarhörpuleikur og verk eftir Stockhausen fyrir píanó vöktu athygli í Salnum. Þá var erindi um forvörslu listaverka einkar áhugavert sem og erindi í tengslum við Eurovision.

Menning á miðvikudögum fór einnig fram í júní og ágúst og meðal dagskrárliða var erindi um fóbiur og fælni og leiðsögn með ættingjum listakvennanna Gerðar Helgadóttur og Barböru Árnason í Gerðarsafni.

Haustið hófst á spjalli við nýtt útilistaverk Theresu Himmer, Sólarlóð, á Hálsatorgi og í tengslum við það rætt um útilistaverk í Kópavogi. Samstarf við kvikmyndahátíðina RIFF skilaði stuttmyndabíói til ánægðra gesta og grænn lífsstíll var til umræðu í erindum á Náttúrufræðistofu. Þá var vefurinn Sarpur.is kynntur en 50 söfn og stofnanir standa að vefnum. Þjóðbúningar og íslenskar matarhefðir á jólum voru meðal erinda á Bókasafni Kópavogs og heilagir dansar og heilagar nætur viðfangsefnið á sýningunni Fullt af litlu fólki í Gerðarsafni.

Allt í allt voru 40 Menning á miðvikudögum viðburðir; þ.e. 12 á Bókasafni Kópavogs, 10 á Gerðarsafni, 9 á Náttúrufræðistofu og 9 í Salnum.

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar voru með breyttu sniði en áður og voru þeir aðeins á dagskrá á Bókasafni Kópavogs. Haustið 2019 var sú leið farin að bjóða upp á dagskrá þvert á Menningarhúsin. Erindi um áhrif sem nýtt barn hefur á foreldra fór fram á Bókasafni Kópavogs og skynjunarstund í Gerðarsafni þar sem skemmtilegt efni var notað til að örva ungabörn.

Alls voru 11 Foreldramorgnar á árinu, 9 á Bókasafni Kópavogs, einn í Gerðarsafni og einn á Náttúrufræðistofu.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI



Dagar ljóðsins 2019

Fjölbreytt dagskrá var í boði fyrir börn jafnt sem fullorðna á Dögum ljóðsins. Ljóðasmíðja var haldin á Bókasafni Kópavogs og rappsmíðja með Sesari A í Salnum var sérlega ánægjuleg, þar sem börnum á aldrinum 10 – 14 ára var boðið að vinna daglangt að textum. Rapphátíð var haldin í Salnum en íslenskir og norrænir rapparar komu saman á þrennum tónleikum. Í Pure Deli á Gerðarsafni var haldið ljóðakvöld og erindi um ljóðaútgáfu fór fram undir dagskrárliðnum Menning á miðvikudögum. Hátíðinni lauk með afhendingu á Ljóðstafi Jóns úr Vör. Verðlaunin voru veitt í 17. sinn við hátíðlega athöfn í Salnum á afmælisdegi skáldsins þann 21. janúar. Alls bárust 302 ljóð í keppnina en jafnframt voru úrslit í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs kunngjörð en 170 ljóð bárust frá grunnskólabörnum. Dómnefnd skipuðu Bjarni Bjarnason formaður, Ásdís Óladóttir og Ásta Fanney Sigurðardóttir.

Handhafi Ljóðstafsins árið 2019 var Brynjólfur Þorsteinsson fyrir ljóðið Gormánuður. Í öðru sæti var Margrét Lóa Jónsdóttir fyrir ljóðið Allt sem lifir deyr og þriðja sætið hlaut Elías Knörr fyrir ljóðið Sunnudögum fækkar með sérhverri messu! Sérstaka viðurkenningu hlutu auk þess ljóðskáldin Eyrún Ósk Jónsdóttir, Dagur Hjartarson, Arndís Þórarinsdóttir, Vilhjálmur B. Bragason, Hjörtur Marteinson og Björk Þórgrímsdóttir.

Hlutskörpust í grunnskólakeppninni var Katrín Valgerður Gustavsdóttir sem var verðlaunuð fyrir ljóðið Súðavík en hún er nemandi í 10. bekk Kársnesskóla. Í öðru sæti var nemandi í 6. bekk Hörðuvallaskóla, Örn Tonni Ágústsson Christensen fyrir ljóðið Englar og í þriðja sæti Margrét Hrönn Róbertsdóttir í 10. bekk Kársnesskóla fyrir ljóðið Hæ.

Við athöfnina fluttu Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran og Guðrún Dalía Salomónsdóttir píanóleikari lög Þorkels Sigurbjörnssonar við ljóð Jóns úr Vör.

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

Gormánuður eftir Brynjólf Þorsteinsson

allir hrafnar eru gat
líka þessi sem krunkar
uppi á ljóðastaur

eins og brot
í himingrárri tönn

sjóndeildarhringurinn nakin tré
skorpin vör

pírðu augun
einblíndu á fjaðursortann

það glittir í úf

allir hrafnar eru gat
og innvolsið uppdráttur að morgundegi

líka í þessum sem krunkar
uppi á ljóðastaur

lestu hann
með vasahníf og opinn munn

hjartað springur
eins og ber undir tönn

bragðið er svart

Súðavík eftir Katrínu Valgerði Gustavsdóttur

Myrkur
Kílómetrum saman
Smýgur á milli minnstu glufa og sest á
fingurgóma mína

Þögnin
Svo ógurlega hávæ
Borar sig inn í heilann á mér
og vekur hjá mér ónotatilfinningu
Undarlega hughreystandi
og glottir út í annað

Kuldinn
Eins og löðrungur beint í andlitið
og einu sannindin um að þetta sé ekki
yfirstaðið

Með hverri sekúndu sem líður
rennur burtu sandkorn af von.

Safnanótt 2019

Þín eigin Safnanótt var yfirskrift dagskrár Menningarhúsanna. Þín eigin raftónlistarupplifun, þín eigin þjóðsaga, þinn eigin óperusöngvari, þín eigin rannsókn, þín eigin kirkja og þinn eigin hlátur voru meðal 24 viðburða sem í boði voru.

Á Bókasafni Kópavogs var það rithöfundurinn Ævar Þór Benediktsson sem leiddi gesti á vit ævintýra í takt við bækurnar Þitt eigið tímaferðalag, Þín eigin þjóðsaga og Þín eigin hrollvekja sem hann las upp og brá á leik. Ratleikur með sama þema var útbúinn og leikarar voru á sveimi um húsið til að aðstoða gesti að leysa úr þrautum og auka á upplifunina. Tviundarkóðun í formi perluhálsfesta var kennd og boðið var í arabíska dansveislu en dagskrá bókasafnsins lauk á uppistandara sem kitlaði hláturtaugar gesta.

Á Náttúrufræðistofu voru rannsóknir uppistaða dagskrár fyrir alla fjölskylduna en hægt var að skoða sýni og sýnatökugræjur stofunnar kynntar. Þá var teiknari á staðnum til að aðstoða gesti við að teikna uppáhalds dýrið sitt eða jafnvel furðudýr að fyrirmynd dýra Náttúrufræðistofu. Undir lok Safnanætur héldu sérfræðingar stofunnar kynningu á rannsóknnum sínum.

Kópavogskirkja tók að venju virkan þátt í Safnanótt en myndlistarkonan Hrund Atladóttir gerði verk sem varpað var á kirkjuna utanverða en kirkjan tók á sig náttúrulegan blæ sem vakti mikla athygli. Einnig var verkum hennar varpað á hvelvinguna innandyrna á meðan á raftónleikum Arnljóts Sigurðssonar stóð. Þá lék orgelnemandinn Hrafnkell Karlsson á orgel kirkjunnar og séra Sigurður Arnarson veitti leiðsögn og fjallaði sérstaklega um steind glerlistaverk Gerðar Helgadóttur en í kirkjunni skapaðist einstök stemmning við kertaljós.

Í Gerðarsafni voru viðburðir á dagskrá sem tengdust yfirstandandi sýningu Ó, hve hljótt. Spíralasmiðja með myndlistarkonunni Doddu Maggý, danssmiðja með Sögu Sigurðardóttur og leiðsögn um sýninguna sjálfa. Þá gafst ungu kvikmyndagerðar- og myndlistarfólki kostur á að varpa upp verkum sínum í sýningarsal á 1. hæð Gerðarsafns en Curver Thoroddsen leiddi viðburðinn. Í Pure Deli þeytti Arnljótur Sigurðsson skífum og lauk kvöldinu með kvikmyndatónlist og hamingjustund.

Héraðsskjalasafn Kópavogs tók einnig þátt í Safnanótt en til sýnis voru myndbrot úr Kópavogi og að venju tók Sögufélag Kópavogs þátt í viðburðinum. Í Salnum fóru fram tvennir tónleikar í fordyrinu en í forföllum Gissurar Páls Gissurarsonar kom Þóra Einarsdóttir sópransöngkona fram ásamt Kristni Erni Kristinssyni og þau fluttu léttu og skemmtilega dagskrá en þau tóku tónleikana að sér með einungis þriggja tíma fyrirvara.

Ýmislegt sem forstöðumenn og verkefnastjórar upplifðu í kynnisferð 2018 til Amsterdam var reynt á Safnanótt 2019, svo sem að huga að því að höfða til ólíkari hópa fólks en áður hafði verið gert. Gaman var að sjá annars konar gesti en áður höfðu komið á Safnanótt t.d. á raftónleikum í Kópavogskirkju og gleðina sem ríkti í dansveislunni á Bókasafni Kópavogs.



Barnmenningarhátíð 2019

Að þessu sinni var unnið að þremur langtímaverkefnum sem mynduðu sýningar á hátíðinni. Vikuna 8. – 12. apríl fóru svo fram smíðjur og margs konar tónleikar fyrir skólahópa en hátíðinni lauk með dagskrá fyrir alla fjölskylduna þann 13. apríl.

Fögnum fjölbreytileikanum var yfirheiti á verkefni sem myndlistarkonan Melanie Ubaldo vann með nemendum á unglingastigi í Vatnsendaskóla í samstarfi við myndmenntakennara skólans Sesselju Konráðsdóttur og verkefnastjóra Menningarhúsanna, Hrafnhildi Gissurardóttur. Verkin sem unglingarnir unnu yfir margra mánaða tímabil snérust um þeirra eigin upplifun af fordómum og verkefninu lauk með sýningu á 1. hæð Gerðarsafns.

Fuglar og fjöll nefndist verkefni sem Náttúrufræðistofa vann í samstarfi við leikskólana Arnarsmára, Álfatún, Marbakka og Sólhvörf. Leikskólarnir komu í heimsókn á stofuna og í kjölfarið fór fram vinna á leikskólunum en þær Hrafnhildur Gissurardóttir og Ríkey Hlín Sævarsdóttir sáu alfarið um framkvæmdina og afraksturinn var sýndur á fallettri sýningu í anddyri Náttúrufræðistofu og Bókasafns.

Heima nefndist sýning sem sett var upp á Bókasafni Kópavogs og unnin var af nemendum í 5. og 6. bekk Kópavogsskóla og Álfhóllsskóla en nemendurnir áttu það sameiginlegt að eiga rætur að rekja til annarra landa. Verkefnastjórar bókasafnsins, Friðrik Agni Árnason og Ágústa Bárðardóttir leiddu verkefnið.

List fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis bauð uppá sýninguna Flaututrúðurinn í Salnum en alls sáu 670 börn í 5. – 7. bekk sýninguna. Flaututrúðurinn hefur farið sigurför um allt Þýskaland en flautuleikarinn og trúðurinn Gabor Vosteen bar sýninguna uppi og börn í Kópavogi voru himinlifandi.



Í Salnum skemmti einnig Dúó Stemma tæplega 600 leikskólabörnum og unglingar fóru í heimshornaflakk með hljómsveitinni Mandólin sem hélt tvenna tónleika með kvikmynda- og gyðingatónlist fyrir fullum sal unglunga sem sannarlega kunnu að meta tónlistina og framsetningu hennar.

Í Gerðarsafni var hreyfimyndasmiðja með Sólrúnu Ylfu Ingimarsdóttur og Atla Arnarssyni, höfundum MarglITU marglyttunnar, en þau buðu nemendum í 3. og 4. bekk að gera stuttar hreyfimyndir með spjaldtölvum en alls fóru fram 10 smíðjur fyrir skólahópa.

Á Bókasafni Kópavogs var 5. bekkjum boðið að kynna hugleiðslu með Jógahjartanu og á Náttúrufræðistofu var nemendum í 1. og 2. bekk boðið að taka þátt í verkefnavinnu um fugla og fjöll.

Laugardaginn 13. apríl lauk svo Barnmenningarhátíð í Kópavogi með dagskrá í Menningarhúsunum sem ætluð var allri fjölskyldunni. Smíðjur, líkt og þær sem nemendur tóku þátt í á Bókasafni Kópavogs, Náttúrufræðistofu og Gerðarsafni, voru á dagskrá. Vorhljóð á tónleikum með Dúó Stemma vöktu gleði meðal yngstu gestanna í Salnum og bæjarlistamaður Kópavogs 2018, Stefán Hilmarsson, kom fram í Gerðarsafni ásamt nemendum úr Tónlistarskóla- og Skólahljómsveit Kópavogs. Dagskráin hófst með Jógahjartanu sem leiddi gesti í hugleiðslu og halarófu um króka og kima bókasafnsins og Náttúrufræðistofu. Við tók páskafröndur á bókasafni og smíðja sem snérist um fugla og fjöll í fjölnotasal á 1. hæð Bókasafns Kópavogs/Náttúrufræðistofu. Í Gerðarsafni voru það Sólrún Ylfa og Atli Arnarsson sem kenndu hreyfimyndagerð með snjalltækjum.

Ljóst er að sú stefna að hafa nokkur langtímaverkefni í vinnslu yfir skólaárið, sem lýkur með sýningu eða annarri uppákomu á Barnmenningarhátíð, skiptir miklu máli fyrir nemendum í Kópavogi, enda fá þeir ómetanlegt tækifæri til að vinna með listamönnum yfir lengra tímabil.

30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Þann 20. nóvember fór fram dagskrá í Menningarhúsunum til að fagna afmæli sáttmálans en aðaláherslan var á umhverfis- og loftslagsmál, frið, réttindi og þátttöku barna í samfélaginu. Auk þess var sýning á teikningum leikskólabarna í Smáralind og unglingar dönsuðu fyrir réttindum barna og ungmenna í félagsmiðstöðinni Þebu.

Dagskráin hófst með opnun á sýningunni Friður í fordyri Salarins en verkin á sýningunni voru unnin af börnum á leikskólanum Rjúpnahæð með Hrönn Valentínusdóttur í fararbroddi. Túlkun barnanna á friði naut sín í fallegu rýminu en stefna skólans byggist á sjálfraði með lýðræði að leiðarljósi og lögð er áhersla á að hlusta á sjónarmið barnanna. Við opnun sýningarinnar var Friðarlagið flutt af börnum leikskólanna Rjúpnahæðar, Urðarhóls, Grænatúns, Kópasteins, Austurkórs og Álfaheiðar en lagið var samið sérstaklega í tengslum við verkefnið og er eftir Hjört Jóhannsson, texti eftir Kristján Hreinsson.

Verkefnastjóri Náttúrufræðistofu, Ríkey Hlín Sævarsdóttir, vann með nemendum úr 8. bekk í grunnskólum Kópavogs að verkefninu Pláneta A og fékk til liðs við sig Sævar Helga Bragason sem hélt fyrirlestra og tók þátt í umræðum við nemendur um umhverfis- og loftslagsmál. Nemendur unnu auk þess að verjum sem sett voru upp á sýningu á Náttúrufræðistofu en þeir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri, Andri Snær Magnason og Sævar Helgi voru viðstaddir opnunina. Með verkefninu var lögð áhersla á að raddir ungmennanna heyrðust og skoðanir þeirra kæmu skýrt fram.

Málþingið Krakkaveldi var haldið í Salnum en 200 börn úr 5. bekk í grunnskólum Kópavogs tóku þátt. Hugmyndir barnanna um hvernig þau vilja sjá Ísland þegar þau verða fullorðin voru ræddar en bæjarstjóri og Andri Snær voru meðal þeirra sem komu fram og tóku þátt í umræðum með krökkunum. Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir próaði verkefnið Krakkaveldi með það að markmiði að valdefla börn og velta upp spurningum um lýðræði og vald barnanna til að hafa áhrif í samfélaginu.

Þar sem afmæli Barnasáttmálans var á miðvikudegi og Menning á miðvikudögum vikulegur liður í dagskrá Menningarhúsanna var ákveðið að fá Skólahljómsveit Kópavogs til að halda hádegistónleika í Salnum. Össur Geirsson og Jóhann Björn Ævarsson stýrðu A og B sveitum hljómsveitarinnar í troðfullum sal við glimrandi undirtektir. Meðlimir sveitanna sögðu hvaða skilaboðum þeir vildu koma á leiðis með sínum tónlistarflutningi en Skólahljómsveitin hafði gagngert tengt tónlist við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Allan daginn fóru svo fram smíðjur og viðburðir í Menningarhúsunum, bænafnasmiðja í Gerðarsafni, hamingjusmiðja á Bókasafni Kópavogs og póstkortasmiðja á Náttúrufræðistofu. Auk þess var boðið upp á friðarkrakkajóga, sögustund og dans. Þá var Mælaborð barna sett upp á Bókasafninu og gátu börn komið með tillögum um bættu líðan barna.

Aðventuhátíð Kópavogs 2019

Í fyrsta sinn var framkvæmd Aðventuhátíðar Kópavogs alfarið í umsjá verkefnastjóra viðburða í Menningarhúsunum í Kópavogi. Dagskrá var í Menningarhúsunum, á útsviði og við jólatré á útivistarsvæði sem og í Gjábakka. Smíðjur fóru fram á Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni og á Náttúrufræðistofu en í fordyri Salarins jólatónleikar með Valgerði Guðnadóttur sem fékk til liðs við sig steppdansara.

Í Gerðarsafni komu fram Kvennakór Kópavogs og Karlakór Kópavogs, flautukór úr Tónlistarskóla Kópavogs lék sem og gítarleikarar úr Tónlistarskólanum. Tónlistarflutningurinn jók mjög á stemmningu í Gerðarsafni en á 1. hæð fóru fram vel sóttar listsmiðjur. Kórar og hljóðfæraleikarar úr Tónlistarskóla og Skólahljómsveit Kópavogs komu einnig fram í Gjábakka þar sem hinn árlegi laufabrauðsdagur fór fram.

Söluhofum var komið fyrir á útisvæði en söluaðilar í húsunum voru Pure Deli, Möndlubásinn og jólaspilið, Bjarteyjarsandur sem seldi eigin framleiðslu, Verkstæðið Ás sem seldi ýmsan varning sem fólk á vernduðum vinnustað í Kópavogi framleiðir, Rauði krossinn seldi ýmis konar handverk s.s. sokka og peysur og Mariella Thayer leirlistakona seldi fallegar vörur. Tónlist var leikin á útisvæði og skapaðist góð stemmning. Eiginleg dagskrá á sviði hófst með Skólahljómsveit Kópavogs sem lék syrpu af jólalögum en dagskrá á útsviði hófst með Margréti Friðriksdóttur, forseta bæjarstjórnar, sem hafði það hlutverk að kveikja á jólatré bæjarins sem var sérlega glæsilega skreytt að þessu sinni. Margrét fékk til liðs við sig börn frá Sómalíu, Bosníu og Póllandi en í fréttatíma RÚV var spjallað við börnin. Salka Sól skemmti, söng 3 lög áður en jólasveinar stigu á svið, tóku með henni lagið og sungu og sprelluðu með gestum. Dansað var í kringum jólatré með jólasveinum og gestir Aðventuhátíðar Kópavogs ánægðir með upphaf aðventu.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI



Menning fyrir alla

Menning fyrir alla er yfirskrift metnaðarfullrar fræðsludagskrár fyrir nemendur í leik- og grunnskólum. Grunnþættir menntunar, eins og þeir birtast í aðalnámskrám, eru hafðir að leiðarljósi og áhersla lögð á hugtökin sköpun, tjáningu og miðlun, gagnrýna hugsun, sjálfstæði og samvinnu.

Árið 2019 hófst á dagskrá fyrir 4. bekkina á Náttúrufræðistofu þar sem rannsóknir í vötnum voru viðfangsefnið.

Að venju var nemendum 1. bekkja boðið á Bókasafn Kópavogs í maí til að kynna safninu í þeim tilgangi að hvetja verðandi lestrarhesta til dáða.

Að loknum sumarleyfum hófst dagskráin með heimsóknum rithöfunda fyrir 9. bekkina en að þessu sinni voru það rithöfundarnir Gunnar Helgason, Guðrún Eva Mínervudóttir og Þógrímur Þráinsson sem spjölluðu við nemendur um hvernig bók verður til og sköpuðust oft skemmtilegar og líflegar umræður.

Í október og nóvember var 6. bekkjum boðið á dagskrá á Bókasafni og Gerðarsafni en dagskráin bar yfirskriftina Draumasmiðja – Fullt af litlu fólki. Þjóðsögur og draumar voru viðfangsefnið á Bókasafni Kópavogs og rætt um hlutverk drauma í bókmenntum og nemendur fengu að spreyta sig í myndasögusmiðju að loknu spjalli. Hugsanir, tilfinningar og draumar var útgangspunktur heimsóknar á sýningu í Gerðarsafni og heimsókn lauk með æfingu með lokuð augun.

Í nóvember var leikskólabörnum boðið í Salinn þar sem söngkonan Valgerður Guðnadóttir og félagar fluttu frumsamið tónlistarævintýri um litlu stúlkuna Fljóð. Nemendur fengu að taka þátt í flutningnum og að hjálpa litlu stúlkunni með framvindu ævintýrisins.

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

Lokaliður í dagskránni Menning fyrir alla árið 2019 var Komdu kisa mín: Af jólakettinum og öðrum kattategundum sem leikskólahópum var boðið að taka þátt í á Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu. Dagskráin miðaði að því að fræða börn um ýmsar kattategundir í leik og söng en jólakattarratleikur var meðal nýjunga í dagskránni.

Verkefnastjórar Menningarhúsanna kynntu fræðsludagskrá húsanna á Kjarvalsstöðum í september en fræðslufulltrúar allra safna og menningarstofnana á höfuðborgarsvæðinu kynna dagskrá sína á sam-eiginlegum viðburði sem kennurum og skólustjórnendum er boðið á.

MENNING FYRIR ALLA	Fjöldi nemenda
4. bekkur hjá Náttúrufræðistofu	363
1. bekkur hjá Bókasafni Kópavogs	508
Stefnumót við rithöfunda - 9. bekkur í Bókasafni Kópavogs	264
Draumasmiðja - Fullt af litlu fólki - 6. bekkur í Gerðarsafni og Bókasafni Kópavogs	517
Tónlistarævintýri með Valgerði Guðnadóttur - leikskólabörn í Salnum	930
Komdu kisa mín - leikskólabörn í Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu	260
Heildarfjöldi nemenda	2.842

Ratleikur, sumarnámskeið, haust- og vetrarfrí í grunnskólum

Ratleikur þvert á Menningarhúsin varð að veruleika í sumarbyrjun en safnasjóður veitti húsunum 1,5 milljón í styrk til verkefnisins. Teiknarinn Unnie Arendrup teiknaði lífligar myndir og tákn og StudioStudio sá um hönnun ratleikjar en það voru verkefnastjórar Náttúrufræðistofu, Bókasafns Kópavogs og Gerðarsafns auk verkefnastjóra barnamenningar sem þróðu verkefni sem ætluð eru allri fjölskyldunni. Ratleikurinn leiðir gesti á milli húsa og þrautir eru leystar innandyrna og utan en haft var að leiðarljósi í gerð leiksins að engin ein lausn væri rétt heldur gætu þátttakendur leyst leikinn aftur og aftur. Ratleikurinn var prentaður á íslensku, ensku og pólsku og hefur sannað gildi sitt enda grípa gestir oft til leiksins í heimsóknum sínum.

Sumarnámskeið Menningarhúsanna var haldið í fjórða sinn en námskeiðið er heilsdag námskeið fyrir 6 – 9 ára börn. Að þessu sinni var bókagerð á Bókasafni Kópavogs á dagskrá, hljóðfæragerð og myndlist í Gerðarsafni og lífið í fjörunni og í Borgarholti kannað með sérfræðingum Náttúrufræðistofu. Í lok námskeiðs var afrakstur vinnu barnanna sýndur í Gerðarsafni og fjölskyldum boðið upp á veitingar. Alls sóttu 18 börn námskeiðið og viðfangsefni hafa aldrei verið jafn fjölbreytt enda sýndi það sig á sýningunni að jafnvel efniviður úr fjöru og holti varð að listaverkum barnanna.

Í haust- og vetrarfríum grunnskóla buðu Menningarhúsin upp á skemmtilegar og fjölbreyttar smíðjur fyrir börn og þeirra fylgifyrirlu. Fjölbreytnin var í fyrirrúmi og því hægt að tefla, mála, teikna, horfa á bíó og búa til hljóð í hljóðsmíðu.

MARKAÐSETNING OG KYNNINGARMÁL

Í janúar og ágúst voru gefnir út dagskrárbæklingar og var þeim dreift í öll hús í Kópavogi. Þá voru samfélagsmiðlar helsti vettvangur auglýsinga fyrir fasta viðburði s.s. Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og Foreldramorgna. Kynningarefni fyrir Safnanótt var dreift á hvert heimili í Kópavogi sem og kynningarefni fyrir Barnamenningarhátíð.

Í lok september 2019 hóf Íris María Stefánsdóttir, nýr markaðs- og kynningarstjóri menningarmála störf en þar er um að ræða nýtt starf hjá málaflokknum.

Nýr markaðs- og kynningarstjóri vinnur þvert á húsin og náið með verkefnastjórum og forstöðumönnum húsanna. Nýjar áherslur í markaðs- og kynningarmálum voru lagðar fram þar sem strax var dregið úr prentauglýsingum og lögð meiri áhersla á að nýta net- og samfélagsmiðla.

Lögð var ríkuleg áhersla á að auka vörumerkjavitund og í lok árs var auglýsingastofan Pipar/TBWA fengin til að útbúa leiknar auglýsingar með slagorðinu "Menningarhúsin í Kópavogi taka vel á móti þér!"

Einnig var lögð áhersla á að samræma allt kynningarefni fyrir viðburði sem liggja þvert á húsin þannig að ímynd Menningarhúsanna væri sýnileg á öllu efni.

Keyptir voru tveir skjáir til að auglýsa starfsemi húsanna og er einn í Gerðarsafni hjá veitingastaðnum Pure Deli og hinn í glugga Bókasafns Kópavogs og vísar út aðgötu.

Menningarhúsin á samfélagsmiðlum

Samfélagsmiðlar, og þá sérstaklega Facebook, eru orðnir stór hluti af kynningarstarfi allra Menningarhúsanna. Hvert hús er með sína eigin Facebook síðu að Héraðs-skjalasafni undanskildu.

Í lok desember 2019 hafði fylgi við Menningarhúsin í Kópavogi aukist um 48% á Facebook frá því í lok 2018.

FJÖLDI FYLGJENDA Á FACEBOOK	lok 2018	lok 2019	aukning milli ára
Menningarhúsin í Kópavogi	1.054	1.564	48%
Bókasafn Kópavogs	2.589	2.984	15%
Gerðarsafn	3.760	4.130	10%
Náttúrufræðistofa Kópavogs	700	947	35%
Salurinn	7.450	7.691	3%

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

FJÖLSKYLDUSTUNDIR Á LAUGARDÖGUM 2019

- 5/1** Bókasafn Kópavogs
Tæknilegó.
- 5/1** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Opin rannsóknarstofa.
- 12/1** Salurinn
Rappsmiðja með Sesar A fyrir 10-14 ára á Dögum ljóðsins.
- 19/1** Bókasafn Kópavogs
Ljóðasmiðja á Dögum ljóðsins.
- 26/1** Gerðarsafn
Spíralar og mynstur með Doddu Maggý. í tengslum við sýninguna Oh, So Quiet.
- 2/2** Lindasafn
Forritunarnámskeið fyrir 6-12 ára.
- 2/2** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Brynja Davíðsdóttir og galdurinn við uppstoppun.
- 9/2** Salurinn
Söngur og hreyfing með Regínu Ósk.
- 16/2** Gerðarsafn
Leiðsögn um gerð kviksjár. Í tengslum við sýninguna Oh, So Quiet.
- 23/2** Bókasafn Kópavogs
Hljóðfærasmíða.
- 2/3** Lindasafn
Föndrum bolluvendi.
- 2/3** Gerðarsafn
Videósmíða í tengslum við sýninguna Oh, So Quiet.
- 9/3** Salurinn
Gagnvirk tónlistarsmiðja með meðlimum Sláturs.
- 16/3** Bókasafn Kópavogs
Vísindasmiðja Háskóla Íslands.
- 23/3** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Silkiormar með Signýju Gunnarsdóttur silkiormabónða.
- 30/3** Bókasafn Kópavogs
Tæknilegó.
- 6/4** Lindasafn
Páskaföndur.

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

- 13/4** Menningarhúsin í Kópavogi
Lokadagur Barnamenningarhátíðar.
- 27/4** Gerðarsafn
Danssmíða með listakrákunni lðu.
- 4/5** Lindasafn
Bingó.
- 4/5** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Matseðill fuglanna í fjörunni. Fjöruferð í Kópavogsfjöru.
- 11/5** Menningarhúsin í Kópavogi
Listkennsludeild LHÍ.
- 18/5** Bókasafn Kópavogs
Flugdrekasmiðja.
- 25/5** Bókasafn Kópavogs
Upphaf Sumarlesturs.
- 1/6** Menningarhúsin í Kópavogi
Hjóladaður fjölskyldunnar.
- 15/6** Menningarhúsin í Kópavogi
Ratleikur Menningarhúsanna kynntur.
- 29/6** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Blómaleit í Borgarholti.
- 31/8** Menningarhúsin í Kópavogi
Haustkarnival.
- 7/9** Lindasafn
Bókastund með Gunnari Helgasyni.
- 7/9** Bókasafn Kópavogs
Orri óstöðvandi og sjálfstraustið.
- 14/9** Salurinn
Ég sá sauð - ljóðatónleikar fyrir börn með Jóni Svavari Jósefssyni og Guðrúnu Dalíu Salómondóttur.
- 21/9** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Náttúrusmiðja með haustþema.
- 28/9** Gerðarsafn
Drekar og hugrekki.
- 5/10** Lindasafn
Bingó.
- 5/10** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Endurvinnslusmiðja með sérfræðingum Sorpu.

- 12/10** Gerðarsafn
Kola- og hnoðleðursmiðja með listakonunni Sigrúnu Úu.
- 19/10** Salurinn
Flautufjör með Flautukerunum.
- 26/10** Lindasafn
Grímusmiðja.
- 26/10** Bókasafn Kópavogs
Hrekkjavökusögustund.
- 2/11** Lindasafn
Forritunarnámskeið.
- 2/11** Gerðarsafn
Luktir skapaðar úr silkipappír.
- 9/11** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Pokasmiðja með Skátafélaginu Kópum.
- 16/11** Bókasafn Kópavogs
Degi íslenskrar tungu fagnað með smíðu fyrir alla fjölskylduna.
- 23/11** Salurinn
Guðrún Hrund Harðardóttir víóluleikari og Laufey Jensdóttir fiðluleikari kynna verk Mozart.
- 30/11** Menningarhúsin í Kópavogi
Aðventuhátíð Kópavogs.
- 7/12** Lindasafn
Jólafondur.
- 7/12** Gerðarsafn
Snjókornasmiðja með Þórdísi Erlu Zoëga.
- 14/12** Bókasafn Kópavogs
Jólafondur úr endurnýttum bókum og tímaritum.



MENNING Á MIÐVIKUDÖGUM 2019

9/1 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Signý Gunnarsdóttir með
erindi um silkiormaræktun og
silki framleiðslu.

16/1 Bókasafn Kópavogs
Alþjóðleg ljóðaskrif, erindi frá Ós
Pressunni á Dögum ljóðsins.

23/1 Gerðarsafn
Söngleiðsögn með Hrafnhildi
Árnadóttur sópransöngkonu um
sýninguna Oh, So Quiet.

30/1 Salurinn
Sólveig Thoroddsen
hörpuleikari flytur verk frá
endurreisnartímanum.

6/2 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Ástarlíf Mývatnsbleikjunnar, erindi
Árna Einarssonar líffræðings.

13/2 Gerðarsafn
Þögn leiðsögn með táknmálstúlki
um sýninguna Oh, So Quiet.

20/2 Bókasafn Kópavogs
Árni Björnsson þjóðháttá-
fræðingur með erindi um þorrann.

27/2 Salurinn
Hallveig Rúnarsdóttir sópran og
Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari
flytja tónverk eftir Brahms,
Jórunni Viðar, Hildigunni
Rúnarsdóttur o.fl.

6/3 Gerðarsafn
Leiðsögn safnstjóra um sýninguna
Oh, So Quiet.

13/3 Bókasafn Kópavogs
Emil Hjörvar Petersen fjallar um
norræna goðafræði í íslenskum
skáldskap.

20/3 Salurinn
Sif Túlinius fiðluleikari og Sólveig
Anna Jónsdóttir píanóleikari.

27/3 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Erindi Sigrúnar Thorlacius
líffræðings og vöruhönnuðar um
sveppi sem eyða mengun.

3/4 Gerðarsafn
Erindi Nathalie Jacquemet um
forvörslu listaverka Gerðarsafns.

10/4 Salurinn
Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari.

17/4 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Erindi Eddu Ólgudóttur um
hagnýtingu erfðabreytinga.

24/4 Bókasafn Kópavogs
Erindi um Marc Chagall og
gyðinga í Austur-Evrópu með Jóni
Björnssyni sagnfræðingi.

8/5 Salurinn
Eyjólfur Eyjólfsson flytur
langspilsspuna og söngva.

15/5 Bókasafn Kópavogs
Erindi um Eurovision.

22/5 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Rannsóknir sumarsins kynntar af
sérfræðingum stofunnar.

29/5 Gerðarsafn
Leiðsögn safnstjóra um sýninguna
Garður.

4/9 Salurinn
Grísk og spænsk þjóðlaga-
tónlist í flutningi grísku mezzó-
sópransöngkonunnar Marina
Karagianni og píanóleikarans Evu
Þyriar Hilmarsdóttur.

11/9 Gerðarsafn
Jón Proppé listfræðingur gengur
um nágrenni Menningarhúsanna
og dregur fram áhrifin sem
framandi menningarheimar höfðu
á Gerði Helgadóttur.

18/9 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Erindi frá fulltrúa Umhverfis-
stofnunar um grænan lífsstíl og
minni neyslu.

25/9 Bókasafn Kópavogs
Stuttmyndabíó í samstarfi við
RIFF.

2/10 Gerðarsafn
Heilagir dansar Gurdjeff með
listakonunni Sati í tengslum við
sýninguna Fullt af litlu fólki.

9/10 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Erindi Bjarka Valberg,
umhverfisfulltrúa Kópavogsbæjar,
um stöðu sorphirðu- og
endurvinnslumála bæjarfélagsins.

16/10 Bókasafn Kópavogs
Kynning á www.sarpur.is.

23/10 Salurinn
Sólborg Valdimarsdóttir og
Laufey Sigrún Haraldsdóttir flytja
ólík verk sem samin voru eða
útsett fyrir tvö píanó.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

30/10 Bókasafn Kópavogs
Myndavefur Kópavogsbæjar
kynntur af sérfræðingum
Héraðsskjalasafns Kópavogs.

6/11 Gerðarsafn
Samkoma með Jasper Bock,
prófessor í Háskólanum í Ghen, í
tengslum við sýninguna Fullt af
litlu fólki.

13/11 Bókasafn Kópavogs
Erindi frá Annríki
þjóðbúningastofu um stöðu
þjóðbúningans í dag.

20/11 Salurinn
Tónleikar með Skólahljómsveit
Kópavogs í tilefni af Alþjóðlegum
degi barna og 30 ára afmæli
Barnasáttmála Sameinuðu
þjóðanna.

27/11 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Fataverkefni Rauða krossins
kynnt.

4/12 Bókasafn Kópavogs
Erindi Alberts Eiríkssonar um
íslenskar matarhefðir á jólum og
síði frá öðrum löndum.

11/12 Salurinn
Jólaög í flutningi
sópransöngkonunnar Valdísar
Gregory og Guðríðar St.
Sigurðardóttur píanóleikara.

18/12 Gerðarsafn
Kynning á draumadagbók og
ferlinu í gegnum hinar 13 heilögu
nætur sem tengjast einnig
íslensku jólasveinunum.

FORELDRAORGNIÐ Á FIMMTUDÖGUM

12/9 Bókasafn Kópavogs
Að vera kynvera og foreldri. Sigga
Dögg kynfræðingur fjallar um
þau áhrif sem nýtt barn hefur á
foreldra og samband þeirra.

26/9 Náttúrufræðistofa Kópavogs
Söngstund á safninu. Hvernig
koma dýrin afkvæmum sínum
á legg? Hvernig eru fuglar
og ferfætlingar myndgerðir í
menningunni, m.a. í gegnum
sögur, söngva og leikrit?

10/10 Bókasafn Kópavogs
Erindi Unu Maríu Óskarsdóttur,
uppeldis-, menntunar- og
lýðheilsufræðings, um
uppeldisaðferðir foreldra og
lýðheilsu.

24/10 Gerðarsafn
Myndlist og gripir á sýningunni
Fullt af litlu fólki skoðaðir
og skynjaðir með öllum
skilningarvitum.

14/11 Bókasafn Kópavogs
Anna Eðvaldsdóttir og Sýlvía Rut
Sigfúsdóttir kynna bók sína Fyrstu
mánuðirnir – ráðin hennar Önnu
ljósu.



ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020





BÓKASAFN KÓPAVOGS

HLUTVERK

Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að hittast, verja tíma með vinum og fjölskyldu og nýta sér fjölbreyttan safnkost. Meginhlutverk safnsins er fyrst og fremst að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgengi að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi- og fræðslu fyrir samfélagið í heild.

Bókasafn Kópavogs er rekið af Kópavogsbæ og starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994 og menningarstefnu Kópavogsbæjar að leiðarljósi í starfi sínu. Bókasafn Kópavogs rekur tvö söfn, aðalsafn í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpalind 7.

LEIÐARLJÓS

Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað.

MARKMIÐ

Að vera bæjarbúum „heimili að heiman“ í daglega lífinu.

- * Bjóða fjölbreytta og góða þjónustu sem nær til allra hópa samfélagsins óháð staðsetningu.
- * Aðgengi að fjölbreyttum og lífandi safnkosti og hlýlegu umhverfi.
- * Bjóða fjölbreytta viðburði, námskeið og klúbba sem höfða til allra aldurshópa og allra hópa samfélagsins.
- * Nýta og styrkja samstarf og nálægð við hin Menningarhúsin í Kópavogi í þágu gesta safnsins.

Að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu.

- * Bjóða starfsmönnum sí- og endurmenntun og gott vinnuumhverfi til að auka færni, þekkingu og ánægju í starfi.
- * Innleiða nýjustu tækni, búnað og miðlun í starfsemi safnsins hverju sinni.
- * Styrkja samstarf við önnur söfn innanlands og erlendis.
- * Fylgjast með nýjungum og nýsköpun í hlutverki bókasafna bæði innanlands og á alþjóðavísu.

STARFSEMI 2019

Hér er stiklað á stóru yfir þau helstu verkefni sem unnin voru á Bókasafni Kópavogs árið 2019.

Opnunartími og aðgangseyrir

Bókasafn Kópavogs er starfandi á tveimur stöðum í bæjarfélaginu. Aðalsafn er í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpalind 7.

Sjálfsafgreiðsluopnun hefur verið á aðalsafni frá 1. júlí 2019 og opnar safnið nú kl. 8:00 mánudaga til fimmtudaga. Lánþegar eru hvattir til að afgreiða sig sjálfir eftir bestu getu en starfsfólk er þeim sem fyrr innan handar.

Afgreiðslutími Lindasafns breyttist á árinu og safnið opnar nú kl. 13:00 á virkum dögum.

Afgreiðslutími aðalsafns:

Mánudaga – fimmtudaga	kl. 8 - 18
Föstudaga – laugardaga	kl. 11 - 17

Afgreiðslutími Lindasafns:

Mánudaga – fimmtudaga	kl. 13 - 19
Föstudaga	kl. 13 - 17
Laugardaga	kl. 11- 14

Á sumrin er lokað á laugardögum (júní-ágúst).

Enginn aðgangseyrir er inn á safnið, en breyting var gerð á gjaldskrá safnsins og samþykkt af bæjarráði fyrir nýtt fjárhagsár 2019. Árgjald safnsins var hækkað um 100 kr. úr 1.900 kr. í 2.000 kr. 1. janúar 2019.

Þjónusta

Þjónustan er einn af lykilþáttunum í starfsemi safnsins. Safnið er í stöðugri þróun og endurskoðun og reynir eftir fremsta megni að halda góðri þjónustu og bæta hana eins og hægt er. Þjónustukönnun var gerð í febrúar og niðurstöður hennar sýndu ótvírætt að gestir safnsins eru ánægðir með þjónustuna og það sem safnið býður upp á. Einhverjir vildu betra úrval af safnkosti og rýmri afgreiðslutíma.

Sjálfsafgreiðsla var áfram einn af áherslupáttum þjónustunnar á aðalsafni og var mikil aukning í notkun hennar á árinu.

Bókasendingar á milli samstarfssafnanna þriggja Bókasafns Kópavogs, Bókasafns Garðabæjar og Bókasafns Hafnarfjarðar hófust aftur á árinu eftir nokkurra ára hlé og eru nú vel nýttar af lánþegum í öllum þremur sveitarfélögum. Hægt er að skila safngögnum á aðalsafn Bókasafns Kópavogs, Lindasafn og á samstarfssöfnin Bókasafn Hafnarfjarðar, Bókasafn Garðabæjar og Álftanessafn.

Netspjallið tók breytingum á árinu, en frá og með ágúst var það lagt niður og áherslan á að lánþegar nýti spjallið á Facebook í staðinn. Hefur það mælst vel fyrir.

Leitir.is, leitargátt safnsins, fékk andlitslyftingu í febrúar og var viðmótið einfaldað til að koma til móts við lánþega. Einn liður í því að bæta aðgengi lánþega að leitarvélum á safninu var að setja upp Ipad snjalltæki sem leitarvélar á báðum söfnum. Hefur það mælst vel fyrir.

Gestir og útlán

Erfitt er að bera saman gestafjölda milli ára þar sem gestateljari var því miður ekki virkur á aðalsafni á árinu 2018. Á árinu komu samtals 170.012 gestir á bæði söfn. Þar af 152.357 gestir á aðalsafn og 17.665 gestir á Lindasafn. Áætla má að það sé 13% aukning frá því árinu áður, en áætlað var að um 150.000 gestir hafi komið á safnið árið 2018.

Í takt við fjölgun gesta fjölgaði útlánum einnig milli ára. Var aukningin 2%, úr 193.711 í 197.645 á báðum söfnum.

Þjónusta við gesti af erlendum uppruna

Safnið bauð upp á nokkra þjónustubætti á árinu fyrir fólk af erlendu bergi brotið, m.a. var boðið upp á ráðgjöf fyrir innflytjendur í Kópavogi einu sinni í viku á aðalsafni á vorönninni. Ráðgjöfin var vel nýtt og þeir sem nýttu sér hana voru mjög ánægðir með þessa viðbótarþjónustu safnsins. Einnig var Heilahristingur – heimanámsaðstoð í boði vikulega á báðum söfnum. Reynt hefur verið að miða þessa þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Hefur heimanámið verið vel sótt af þeim nemendum. Sú nýjung var í boði í mars að fólki af erlendu bergi brotið bauðst sú þjónusta að fá aðstoð við skattframtalið sitt. Var það sérstaklega gaman að sjá hve margir nýttu sér þessa þjónustu og allir sem fengu aðstoð voru mjög þakklátir fyrir hana. Einnig hafa konur frá Rússlandi búsettar á Íslandi fengið aðstöðu á aðalsafni og hist þar u.þ.b. einu sinni í mánuði ýmist með eða án barna. Það er stefna safnsins að auka enn frekar við þjónustu gagnvart þessum hópi íbúa í Kópavogi og mun það vonandi takast með nýráðnum verkefnastjóra fjölmennningar hjá Menningarhúsunum í Kópavogi.

STARFSMANNAMÁL

Árið 2019 voru 24 starfsmenn í 14,45 stöðugildum á safninu, þar af 12,7 stöðugildi á aðalsafni og 1,75 stöðugildi á Lindasafni.

Sigrún Guðnadóttir, útibússtjóri Lindasafns, lét af störfum þann 20. október 2019 eftir 11 ára starf á safninu. Í hennar stað var ráðin Sigurlaug Jóna Hannesdóttir sem kom til starfa árið 2020.

Friðrik Agni Árnason, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, lét einnig af störfum 2019, þann 1. apríl. Í hans stað var ráðin Helga Einarsdóttir sem kom til starfa þann 1. ágúst.

Bókaverðirnir Arna Norðdahl Gísladóttir og Ágústa Bárðardóttir létu af störfum í ágúst. Halldóra Ingimarsdóttir, bókavörður, kom til starfa þann 1. september. Sumarstarfsmenn voru í samtals fjórum stöðugildum á báðum söfnum.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

BÓKASAFN KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

Sí- og endurmenntun

Starfsfólk var duglegt að sinna sí- og endurmenntun af ýmsum toga. Má þar nefna að tveir fræðslufundir voru haldnir fyrir starfsfólk bókasafna Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar, og málþing var haldið á vegum Upplýsingar. Starfsfólk sótti bæði fræðslufundi og námskeið innan vinnutíma og utan og drjúgur hluti starfsfólks í hlutastarfi er í háskólanámi meðfram vinnu svo vinnustaðurinn er í góðum tengslum við skólasamfélagið sem er hverju almenningsbókasafni mikilvægt.

Félagsstörf

Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs, er fulltrúi Upplýsingar í nefnd um Gerðubergsráðstefnu.

Lísa Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður, situr í stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis, ásamt því að sitja í fulltrúaráði þjónustumiðstöðvar bókasafna.

Ragna Guðmundsdóttir, deildarstjóri listgreina, er trúnaðarmaður starfsfólks hjá Bandalagi háskólamanna.

Eva Hrund Kristinsdóttir er trúnaðarmaður starfsfólks hjá Starfsmannafélagi Kópavogsbæjar.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Innkaup

Eitt hjartastuðtæki var keypt fyrir öll Menningarhúsin og er það staðsett á 1. hæð bókasafns. Keypt voru ný húsoðgn á sameinað vinnusvæði aðalsafns; hækkunleg skrifborð, skrifborðsstólar og hillur. Einnig voru sérsníðuð tvö vinnuborð fyrir frágang og plöstudun bóka. Nýir sófar voru keyptir á Lindasafn.

Endurbætur

Farið var í töluverðar endurbætur á aðalsafni. Tvö vinnurými voru sameinuð í eitt. Vinnurýmið var endurhannað af arkitekt með nýjum húsgögnum. Vinnurýmið sem tæmdist var málað og er notað í dag sem fjölnotasalur fyrir húsið. Nefnist hann Huldustofa.

Arkitekt teiknaði ný afgreiðsluborð fyrir báðar afgreiðslustöðvar aðalsafns og voru afgreiðslur bókasafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs á 1. hæð sameinaðar í eina. Afgreiðsluborðin voru smíðuð af fyrirtækinu Hjólum atvinnulífsins og tekin í notkun í lok árs.

Á 1. hæð aðalsafns var skipt um gólfefni um mitt ár, en bjartur og fallegur gólfdukur var settur yfir steinteppið sem er í öllu húsinu. Ein sjálfsafgreiðsluvél var keypt til viðbótar við þær tvær sem voru til staðar á aðalsafni. Sett var upp nýtt tölvutengt símkerfi á báðum söfnum og símtæki tekin úr notkun.

SAFNEIGN/SAFNKOSTUR

Safnkostur Bókasafns Kópavogs sem skráður er í Gegni var 80.233 eintök í árslok 2019 og nær bæði yfir aðalsafn og Lindasafn. Sérstök áhersla var lögð á að kaupa inn vinsælt og fjölbreytt efni til að koma til móts við lánþega og frátektarlista.

Gagnaflétt er í höndum gagnavalsnefndar sem hittist á tveggja vikna fresti. Í jólabókaflóðinu hittist nefndin þó að jafnaði tvisvar sinnum í viku. Við innkaup, gagnaflétt og grisjun er stuðst við aðfangastefnu safnsins sem gildir í eitt ár í senn en hana má finna á vefsíðu safnsins.

Á safninu fer fram skráning, flokkun og tenging innlendra og erlendra bóka, tímarita, hljóðbóka og mynddíska auk annarra gagna. Þunginn af þessari vinnu fer fram á aðalsafni en útibússtjóri Lindasafns sér um flokkun, skráningu og tengingu safnkosts sem eingöngu er keyptur fyrir Lindasafn. Auk þess skráir deildarstjóri aðfanga bækur fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs og skólabókasöfn í Kópavogi þegar þörf er á.

Farið var í heilmikla tiltekt í safnkosti í geymslum safnsins í Fannborg. Hillur settar upp og safnkostur endurraðaður. Tók þetta stóra verkefni lungann úr árinu.

Verk í almenningsrými og stofnunum

Safnið fékk í mars til sín verkið Book Space eftir Elínu Hansdóttur. Verkefnið hefur verið í gangi síðan árið 2006 og samstarfsverkefni við opinber bókasöfn víðs vegar í Evrópu og hér á Íslandi. Verkið saman stendur af u.þ.b. 2000 hvítum, auðum bókum sem settar eru saman í hillur á bókasöfnum. Gestum er boðið að fá bækurnar lánaðar í mánuði í senn og mega fylla þær af hverju sem er. Stundum eru þetta handskrifaðar sögur, stundum klippimyndir, uppskriftir, skoðanir svo fátt sé nefnt. Bækurnar hafa verið á flakki í Þýskalandi, Belgíu, Spáni og hér á Íslandi hafa þær verið settar upp á Borgarbókasafninu, Þjóðarþóklöðunni, Bókasafni Listaháskóla Íslands og Bókasafninu á Litla Hrauni. Hugmyndin er sú að bækurnar muni halda áfram að ferðast og safna innihaldi næstu 20 árin. Verkið fór frá Bókasafni Kópavogs í lok september.

Stafræn og rafræn gögn

Sem almenningsbókasafn Kópavogsbæjar greiðir Bókasafn Kópavogs fyrir landsaðgang að rafrænum áskriftum á Hvar.is fyrir Kópavogsbæ. Hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritsgreinum.

Lánþegar Bókasafns Kópavogs hafa aðgang að Rafbókasafninu sem starfrækt er í samvinnu við Landskerfi bókasafna og Borgarbókasafn. Raf- og hljóðbækur eru lánaðar út í gegnum Rafbókasafnið en safnkostur þess er eins og er einkum á ensku. Vonir standa til að efni á íslensku bætist við á þessu ári.

Gjafir

Bókasafn Kópavogs fær margar góðar bókagjafir á hverju ári frá velunnurum sínum og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir hugulsemi og örlæti.

SAMSKIPTI

Kynningarmál

Kynningarmál hafa verið í góðum farvegi undanfarin ár en með aukinni samvinnu við önnur Menningarhús í Kópavogi hafa einhverjar breytingar orðið.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum er lögð áhersla á kynningu stakra og fastra viðburða, auk þess sem ýmis fróðleikur og skemmtun er sett inn.

Útgáfa

Í október hóf safnið að gefa mánaðarlega út bæklinga yfir nýtt efni á safninu. Bæklingarnir birtast bæði rafrænt á vefsíðu safnsins og eru prentaðir út og liggja frammi í afgreiðslum þess. Hafa þeir mælst vel fyrir hjá lánþegum.

Fjölmiðlar

Bókasafn Kópavogs hefur lagt áherslu á að senda inn fréttatilkynningar í þá Kópavogsmiðla sem út koma hverju sinni og fréttabréf með því sem er að gerast á safninu er sent út á póstlista hálfsmánaðarlega. Með ráðningu nýs markaðs- og kynningarstjóra Menningarhúsanna í Kópavogi færðust fjölmiðlatengsl að mestu þangað.

SAMSTARF

Samstarfssöfn Bókasafns Kópavogs eru Bókasafn Hafnarfjarðar og Bókasafn Garðabæjar og gildir eitt lánþegaskírteini á öllum þremur söfnum. Bókasendingar á milli safnanna hófust aftur á árinu eftir nokkurra ára hlé og eru nú vel nýttar af lánþegum í öllum þremur sveitarfélögum. Hægt er að skila safngögnum á aðalsafn Bókasafns Kópavogs, Lindasafn og á samstarfssöfnin Bókasafn Hafnarfjarðar, Bókasafn Garðabæjar og Álftanessafn. Útlánareglur og gjaldskrá miðast við það safn sem notað er hverju sinni og sektir og önnur gjöld eru greidd á viðeigandi safni.



MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

BÓKASAFN KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

VIÐBURÐIR

Fjölmarginir viðburðir eru orðnir fastir liðir í starfsemi bókasafnsins og eru vel sóttir af gestum safnsins á öllum aldri.

Bókamarkaður

Bókamarkaður hefur verið fastur liður í starfsemi safnsins í mörg ár. Hann er í gangi fyrstu vikuna í hverjum mánuði á aðalsafni þar sem fjölbreytt efni er til sölu á lágu verði.

Forritunarnámskeið

Forritunarnámskeið fyrir 6-12 ára krakka héldu áfram á árinu með fjölbreyttri kennslu í grunnforritun. Námskeiðin voru vel sótt og voru í höndum teymis sem samanstóð af starfsfólki bókasafnsins og tölvunarfræðinemum úr Háskóla Íslands.

Gáfnaljós

Í samstarfi við sjálfboðaliðastarf Rauða kross Íslands hefur verið boðið upp á heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanema, Gáfnaljós, á aðalsafni á þriðjudögum og Lindasafni á miðvikudögum. Heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanemendur hélt velli á vorönn og að hausti 2019 og er um að ræða þriðja árið sem sú þjónusta var í boði á bókasafninu. Samtals var um að ræða 34 skipti á aðalsafni og 34 á Lindasafni.

Hananú

Bókmenntaklúbburinn Hananú er opinn öllum. Meðlimir klúbbsins hittast hálfsmánaðarlega og umsjón með honum hefur Sigurður Flosason. Klúbburinn hefur aðsetur í fjölnotasal á 1. hæð aðalsafns. Klúbburinn fær reglulega til sín rithöfund í heimsókn sem jafnan vekur mikla lukku.

Heiti potturinn

Ný erindaröð hóf göngu sína í byrjun árs og fékk hún nafnið Heiti potturinn. Erindin voru haldin þriðja þriðjudag í mánuði og fjölluðu um málefni í brennidepli.

Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur fjallaði um nýjustu jólabækurnar eins og tíðkast hefur undanfarin ár.

Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur flutti erindi um ofnotkun internetsins með sérstaka áherslu á netfíkn barna og unglunga.

Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir fjallaði um kulnun og streitu í starfi en hátt í 300 manns sóttu fyrirlesturinn sem þurfti að flytjast í tónlistarhúsið Salinn sökum fjölda.

Guðrún Sóley Gestsdóttir, dagskrárgerðarkona hjá Ríkisútvarpinu, flutti erindi um veganmataræði og Sævar Helgi Bragason jarðfræðingur sagði frá umhverfisbreytingum á jörðinni og leiðum til að sporna gegn þeim.

Kaðlín

Hannyrðaklúbburinn Kaðlín er starfræktur vikulega yfir vetrartímann og er einnig opinn öllum. Á árinu voru fengnir nokkrir gestir í klúbbinn með fræðslu um þrjón eða handavinnu og var almennt mikil ánægja með kynningarnar.

Komdu og prófaðu

Til að bjóða upp á enn fjölbreyttari viðburðadagskrá var ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefnið Komdu og prófaðu á haustdögum. Þar stóð gestum til boða að prófa arabíska dansa, skyggnilýsingarfund og laufabrauðsútskurð. Mikil aðsókn var á viðburðina og ánægja með þá meðal gesta.

Lesið á milli línanna

Bókaklúbburinn Lesið á milli línanna var settur á fót á aðalsafni í byrjun nóvember. Klúbburinn var ætlaður öllum hressum konum sem vilja hittast, lesa á milli línanna og spjalla um yndislestur á léttu nótonum. Klúbburinn kom saman fyrsta fimmtudag í mánuði og hefur nú fest sig í sessi sem fastur viðburður bókasafnsins.

Lesið fyrir hunda

Lesið fyrir hunda varð fljótt einn vinsælasti viðburður bókasafnsins. Verkefnið hefur verið fastur liður í viðburðadagskrá safnsins síðan í ársbyrjun 2018 og var áfram unnið í samstarfi við samtökin Vigdís, vini gæludýra á Íslandi.

Fullbókað var í lestrarstundirnar á árinu 2019 með margra vikna fyrirvara. Til að anna eftirspurn var hundunum sem mættu með sjálfboðaliðum, eigendum sínum, á safnið fjölgað úr tveimur í þrjá og því komust níu börn að í hvert skipti.

Lestrarvinir

Viðburðir og fræðsla á safninu eru í sífelldri þróun þar sem lögð er áhersla á þarfir gesta safnsins og skólasamfélagsins í hvívetna. Lögð var áhersla á aukna fjölmenningu og viðburði sem höfða til fólks af erlendum uppruna.

Haustið 2019 hófst verkefnið Lestrarvinir sem gengur út á það að auka lesskilning, bókaáhuga og íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna. Auglýst var eftir sjálfboðaliðum, jafnt einstaklingum til þess að gerast lestrarvinir en eins var auglýst eftir fjölskyldum barna af erlendum uppruna sem hefðu áhuga á að nýta sér þessa þjónustu.

Fjórir sjálfboðaliðar voru tengdir við fjórar fjölskyldur, eitt barn í þremur fjölskyldum en tvö í einni fjölskyldunni. Frá byrjun október hafa sjálfboðaliðar farið að meðaltali vikulega í heimsókn til fjölskyldnanna með nýtt og spennandi lesefni í farteskinu og lesa upphátt fyrir börnin, ræða við þau um það sem lesið var og hvetja þannig til aukins lesskilnings, örva lestraráhuga barnanna og efla færni þeirra í íslensku. Verkefnið hefur gengið mjög vel og bæði fjölskyldur og sjálfboðaliðar ánægðir með gengi þess. Í langflestum tilvikum hefur lesskilningur barnanna aukist og hafa myndast góð vinatengsl sjálfboðaliðanna og fjölskyldnanna. Verkefnið mun halda áfram að minnsta kosti fram til vors 2020.

Slökunarjóna

Slökunarjóna er í boði vikulega yfir vetrartímann og eru þeir jógatímar mjög vel sóttir. Boðið var upp á qigong í fyrsta sinn á haustdögum og njóta þeir tímar aukinna vinsælda.

Snjalltækjaspjall

Snjalltækjaspjall hófst einnig á haustönn þar sem fólk sem vill læra betur á snjalltækin sín var hvatt til að mæta með þau á safnið. Starfsmaður bókasafnsins og teymi tölvunarfræðinema sáu um að kenna fólk á snjallsíma og spjaldtölvur. Ekki virtist vanþörf á kennslunni sem var vel sótt strax frá upphafi.

Sögustundir

Sögustundir fyrir yngri börnin hafa í áraraðir verið fastur liður yfir vetrarmánuðina bæði á aðalsafni og Lindasafni. Á árinu voru fimm sögustundir haldnar í hverri viku; tvær opnar sögustundir fyrir alla, tvær fyrir leikskólahópa og ein fyrir börn í dægradvöl haldin á Lindasafni.

Fjórir rithöfundar komu í heimsókn í opnu sögustundirnar á árinu; Áslaug Jónsdóttir og Bergrún Íris Sævarsdóttir lásu úr bókum sínum á aðalsafni og Jóna Valborg Árnadóttir og Arndís Þórarinsdóttir lásu á Lindasafni.

Einnig hefur reglulega verið boðið upp á sögustundir fyrir alla fjölskylduna þar sem barnabókahöfundar hafa mætt og lesið upp úr bókum sínum fyrir börnin. Þar má meðal annars nefna Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur, Arndísi Þórarinsdóttur, Birgittu Haukdal og Gunnar Helgason.

Sagnakonan Björk Bjarnadóttir sá um þematengda sögustund í desember þar sem þemað var álfar og huldufólk. Lista- og menningarráð styrkti heimsóknir barnabókahöfunda og vill safnið koma á framfæri þökkum til þess fyrir rausnarlegan styrk.

Aðrir viðburðir

Aðrir viðburðir á árinu voru fjölmargir og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan.

Jón Björnsson rithöfundur hélt tvö sagnfræðileg erindi um Gota og Mára á Spáni á miðöldum. Sölvi Tryggvason fjölmiðlamaður kom á safnið í febrúar og fjallaði um betri heilsu og innihaldsríkara líf í erindi sem hann byggði á bók sinni Á eigin skinni. Rúmlega 100 manns gerðu sér ferð á aðalsafn til að hlusta á Sölva.

Dagskrá í minningu Kópavogsbúans Kjartans Árnasonar var haldin í febrúar. Kjartan stuðlaði að öflugum menningarlífi í bænum og var einn af hvatamönnum Ljóðstafs Jóns úr Vör. Kjartan skilur eftir sig arfleifð af smásögum, örleikritum og ljóðum sem hann samdi og voru verk hans í hávegum höfð á viðburðinum með bæði upplestri og leik.

Bókasafnið bauð ókeypisaðstoð við skattframtal í marsmánuði í samvinnu við Soumiu I. Georgsdóttur, viðskiptafræðing, og Margréti V. Friðþjófsdóttur, viðurkenndan bókara. Fjölmargir lögðu leið sína á safnið, þá sérstaklega eldri borgarar og svo innflytjendur sem voru að skila inn skattframtali á Íslandi í fyrsta skipti.

Ókeypis heilsufarsmælingar fóru fram á aðalsafni í mars í samvinnu við SÍBS og Heilsueflandi samfélag í Kópavogsbæ. 400 manns nýttu sér mælingarnar þar sem m.a. var farið yfir blóðþrýsting, blóðfitu, blóðsykur og súrefnismettun.

Erindi um „gömlu“ Kópavogsskáldin var haldið á aðalsafni í mars og var þar sagt frá ævi og störfum skáldanna Steinþórs Jóhannssonar, Geirlaugs Magnússonar og Guðmundar G. Hagalín. Frímánn Helgason og Þóra Elfa Björnsson frá Sögufélagi Kópavogs stóðu fyrir viðburðinum og var hann vel sóttur.

Bókasafn Kópavogs fagnaði 66. starfsári sínu 15. mars og af því tilefni var blásið til afmælishátíðar á aðalsafni. Rými á 3. hæð var hannað með ungt fólk í huga og formlega enduropað á hátíðinni. Boðið var upp á afmælsköku og skemmtilega dagskrá þar sem ungt listafólk var í brennidepli.

Í byrjun apríl flutti Steinn Kárason garðyrkjumeistari erindi um íslenskar drykkjar- og lækningajurtir fyrir fullum sal. Leiðbeindi hann gestum um söfnun jurtanna og lagði áherslu á sjálfbærni og virðingu við náttúruna.

Félagar úr Ritlistarhópi Kópavogs lásu ljóð sín á aðalsafni á afmælisdegi Kópavogsbæjar 11. maí. Meðal þeirra voru Eypór Rafn Gissurarson, Sigríður Helga Sverrisdóttir, Eyvindur P. Eiríksson og Hrafn Andrés Harðarson.

Í byrjun maí sendi deildarstjóri barnstarfs bréf í grunnskóla bæjarins til að kynna sumarlestur fyrir 5-12 ára börn sem stóð yfir 25. maí til 22. ágúst. Þátttaka í sumarlestrinum var sem áður ókeypís og hugsuð til að börnin viðhaldi þeirri lestrarleikni sem þau tileinka sér í skólanum. Þátttakendur fengu pésa til að skrá í lestur sinn og tóku jafnframt þátt í happaleik með því að fylla út miða fyrir hverja lesna bók. Dregið var úr miðunum vikulega og fengu heppnir þátttakendur vinning. Í ágúst var svo haldin uppskeruhátíð þar sem fimm að auki fengu vinning og allir sem mættu fengu glaðning.

Til að fagna jólabókaflóðinu voru fjögur höfundakvöld haldin á haustönn. Þeir rithöfundar sem lásu úr nýjum verkum sínum voru Sirrý Arnardóttir, Hrafn Andrés Harðarson, Karl Ágúst Úlfsson og Guðrún Guðlaugsdóttir. Árlegt bókasjall bókasafnsins var svo haldið 29. nóvember undir stjórn Maríönnu Clöru Lúthersdóttur bókmenntafræðings. Rithöfundarnir Auður Jónsdóttir, Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Ármann Jakobsson lásu úr nýjustu verkum sínum og tóku þátt í líflegum umræðum. Var fjölmenni á aðalsafni og allir skemmtu sér hið besta við góða dagskrá og léttar veitingar.

Aðventan er skemmtilegur tími á Bókasafni Kópavogs og er barnastarfið þá í hámarki. Bókasafnið tók þátt í aðventuhátíð bæjarins og spiluðu nemendur Tónlistarskóla Kópavogs ljúfa jólatónlist nokkur eftirmiðdegi í desember, gestum til mikillar gleði.

Síðasti viðburður ársins var svo jólastund á Þorláksmessu. Arndís Þórarinsdóttir sá um sögustund og las hún um jólaköttinn, fjölskyldur mættu í jógatíma hjá Helgu Einarsdóttur, verkefnastjóra safnsins, og að lokum var sýnd jólamynd í fjölnotasalnum fyrir alla fjölskylduna.

Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi

Ýmsir sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi voru í gangi allt árið. Má þar nefna Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og Foreldramorgna.

Í Fjölskyldustundum á bókasafninu var boðið upp á smíðjur af ýmsu tagi t.d. bingó, hljóðfærasmíðu, flugdrekasmiðu, vísindasmiðu Háskóla Íslands, föndur-, ljóða- og ritsmiður og sögustundir. Alls var boðið upp á 23 Fjölskyldustundir á aðalsafni og Lindasafni.

Í Menningu á miðvikudögum var boðið upp á 12 fróðlega fyrirlestur á bókasafninu af ýmsu tagi m.a. um þorrann og hrekkjavöku og kvikmyndasýningar í samstarfi við RIFF.

Foreldramorgnar héldu sínu striki og voru þeir níu talsins á aðalsafni. Þar voru foreldrar ungra barna meðal annars fræddir um svefn, kvíða, matarvenjur, kynlíf, skyndihjálpar, leik og samskipti yngstu barnanna, uppeldisaðferðir og lýðheilsu.

Dagar ljóðsins í Kópavogi voru haldnir hátíðlegir 12. til 21. janúar en 21. janúar er fæðingardagur Jóns úr Vör, fyrsta bæjarbókavardar í Kópavogi. Árlega afhendir lista- og menningarráð Kópavogsbæjar ljóðaverðlaunin Ljóðstaf Jóns úr Vör á þeim degi. Brynjólfur Þorsteinsson var handhafi Ljóðstafsins að þessu sinni og Katrín Valgerður Gustavsdóttir var hlutskörpust í ljóðakeppni grunnskólanna.

Safnanótt var haldin 8. febrúar með sérstöku þema sem unnið var í samstarfi við Ævar Þór Benediktsson rithöfund. Kvöldið fékk nafnið Þín eigin Safnanótt og fjölskyldutengdir viðburðir voru í anda „Þín eigin“ bókaflöks Ævars.

Haukarnival Menningarhúsanna var haldið í lok ágúst og var fjölbreytt og lifandi dagskrá í öllum Menningarhúsunum. Á bókasafninu var boðið upp á marokkóskan mat, danspartí og jóga fyrir alla fjölskylduna.

Aðventuhátíð Kópavogs hefur nú þegar skipað sér fastan sess og mættu yfir þúsund manns á hina fjölmörgu viðburði sem í boði voru. Á bókasafninu voru fönndraðir músastigar, boðið var upp á jólaþerl og jólastrautsskiptimarkað.

SKÓLAHEIMSÓKNIR OG SAFNFRÆÐSLA

Síðustu ár hefur bókasafnið ásamt Menningarhúsunum í Kópavogi unnið markvisst að því að auka samstarf við grunnskóla Kópavogs og bókasafnið lagði svo sannarlega sitt af mörkum til að auka áhuga á lestri meðal yngri kynslóðarinnar.

Hefð er orðin fyrir því að bjóða 4ja ára leikskólabörnum á námskeiði í meðferð bóka á aðalsafni. Reynt er að hafa ekki fleiri en 10 börn í einu til að ná sem bestum árangri. Börnin lærðu um framkomu á safninu, að handleika bækurnar hreinlega, fletta varlega og leggja þær rétt frá sér. Í lokin tóku allir smá próf og fengu prófskírteini.

1. bekkingar komu í heimsókn á safnið í maí, við lok skólaárs. Þetta gekk vel og það var ánægjulegt að bjóða nemendum sem voru nú orðnir hagvanir í skólanum í heimsókn á safnið til þess að minna þá á mikilvægi þess að halda áfram að lesa sér til gleði yfir sumarið. Þetta gekk svo vel að ákveðið var að gera þessar heimsóknir að föstum lið framvegis.

Safnið hefur í gegnum tíðina haldið sumarnámskeið fyrir grunnskólanema í sumarfríi. Námskeiðið 2019 kallaðist „Stefnumót við rithöfunda – hvernig verður bókin til?“ og stóð það yfir síðustu vikuna fyrir skólabyrjun í ágúst. Á námskeiðið komu rithöfundar í heimsókn og spjölluðu við krakkana sem voru á aldrinum 9-12 ára. Einnig varíð farið í heimsókn í bókaforlög og prentsmíðu ásamt því að krakkarnir unnu verkefni.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Safnið bauð grunnskólakennurum í Kópavogi upp á tvö eins dags endurmenntunarnámskeiði í ágúst til undirbúnings fyrir kennslu. Á fyrri námskeiðinu var fjallað um mikilvægi íslenskra barnabóka í kennslu, auk þess sem fjallað var um yndislestur og barnabókmenntir í víðara samhengi. Á seinna námskeiðinu voru unglingsbókmenntir teknar fyrir og rætt um hvernig þær hafa í gegnum tíðina endurspeglad samtíma sinn. Mikil ánægja var meðal grunnskólakennara með bæði námskeiðin, en þau hafa verið liður í endurmenntun grunnskólakennara síðastliðin fjögur ár.

Boðið hefur verið upp á safnfræðsludagskrána Menning fyrir alla á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi. Um er að ræða metnaðarfulla dagskrá fyrir leik- og grunnskólanema og er leitast við að miða fræðsluna út frá aðalnámskrá eins og best verður á kosið.

9. bekkjum í grunnskólum Kópavogs var boðið á svokallað stefnumót við rithöfund. Í ár voru það höfundarnir Guðrún Eva Mínervudóttir, Gunnar Helgason og Þorgrímur Þráinsson sem tóku þátt í stefnumótunum og lásu upp úr bókum sínum, spjölluðu við nemendur og sköpuðust lifandi umræður og vangaveltur. Nemendur fengu tækifæri til að ræða um þá hugmyndavinnu og sköpunarferli sem á sér stað þegar ritverk verður til.

Bókasafnið og Gerðarsafn komu einnig saman og buðu upp á skólaheimsóknina Draumasmiða – Fullt af litlu fólki fyrir 6. bekk grunnskólanna. Viðfangsefni heimsóknarinnar voru sýningin Fullt af litlu fólki á Gerðarsafni og þjóðsögur og draumar á bókasafninu og var hún sniðin út frá markmiðum aðalnámskrár grunnskóla fyrir viðkomandi aldurstig. Nemendur fengu áhugaverða fræðslu og leiðsögn í Gerðarsafni hjá Hrafnhildi Gissuraróttur, verkefnastjóra, og á bókasafninu leiddi Helga Einarsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, myndasögusmiðu sem byggð var á vangaveltum út frá draumum og þjóðsögum. Hver einasti 9. bekkur í grunnskólum Kópavogs nýtti sér þessa fræðsluleið sem fékk góðar viðtökur kennara og nemenda.

BÓKASAFN KÓPAVOGS


Komdu kisa mín: Af jólakettinum og öðrum kattategundum er samstarfsverkefni bókasafns og Náttúrufræðistofu og er um að ræða uppfærða og endurbætta útgáfu jólakattardagskrár fyrri ára. Á bókasafninu fóru nemendur í fræðandi og skemmtilegan jólakattarráttaleik þar sem þau leituðu að kettinum sem hafði komið sér fyrir á ýmsum stöðum, tóku jógateygjur og hlustuðu á jólasögu. Á Náttúrufræðistofu fræddust börnin um kattardýr af ýmsum stærðum og gerðum og við lok heimsóknar var sungið og dansað í kringum jólatréð.

SÝNINGARHALD

Sýningaraðstaða í fjölnotasal á 1. hæð var vel nýtt á árinu og var sýningartími almennt fjórar vikur í senn. Alls voru níu sýningar á safninu, þar af var stærsta sýningin, Tíðarandi í teikningum, sett upp í janúar og stóð hún í tvo mánuði. Á sýningunni mátti finna frumgerðir myndverka sem íslenskir listamenn hafa unnið fyrir íslenskar námsbækur allt frá því fyrir lýðveldisstofnun. Var sýningin styrkt af lista- og menningarráði Kópavogsbæjar og sett upp í framhaldi af sýningunni Barnabókin í 100 ár frá 2018. Málþingið Mál í myndum var haldið um miðjan febrúar 2019 í tengslum við námsbókasýninguna. Fyrirlesarar voru Ragnar Þór Pétursson, formaður Kennarasambands Íslands, Ingimar Ólafsson Waage, aðjúnkt við Listaháskóla Íslands, og Ragna Gunnarsdóttir, teiknari og rithöfundur.



ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020



HELSTU VERKEFNI 2020

Framtíðarsýn

Bókasafn Kópavogs sem hluti af Menningarhúsunum í Kópavogi mun festa sig enn frekar í sessi sem hjarta menningarstarfs í Kópavogi með jákvæða mynd í samfélaginu og trausta stöðu. Einnig er mikilvægt að safnið nái að þjónusta alla íbúa bæjarfélagsins með markvissari hætti en nú er gert með útibúi í efri byggingum.

Þjónusta

Útlán í sjálfsafgreiðsluvél verða áfram í brennidepli, en á árinu verður keypt sjálfsafgreiðsluvél á aðalsafn og ein vél færð á Lindasafn. Stefnt er að því að setja RFID örflögur í öll gögn aðalsafns á árinu og setja upp öryggishlið. Örflögurnar eru í senn þjófavörn og auðkenni safngagna. Verður það mikil bylting þegar þetta verður komið í öll gögn og mun þetta einfalda útlán gagna ásamt því að útlán verða fljótlegri og öruggari.

Frátektargjald á bókum verður felld niður á árinu og mun það bæta þjónustuna gagnvart lánþegum til muna.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Fræðslutengdir viðburðir og kynningar á áhugaverðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Fastir viðburðir verða á sínum stað og með haustinu er von á ýmsum nýjungum hvað varðar staka viðburði. Áhersla verður á skiptimarkaði og umhverfsvæna dagskrá. Sýningarhald á aðalsafni verður áfram með svipuðu sniði og áður.

Safnfræðsla í samstarfi við Menningarhúsin í safnfræðsluröðinni Menning fyrir alla heldur áfram á árinu 2020, meðal annars með ljóðafræðslu og vinnusmiðju fyrir 4.bekk á vorönn. Að hausti er stefnt að því að bjóða áfram upp á fasta liði á borð við Stefnumót við rithöfund fyrir 9.bekk og leitina að jólakettinum fyrir leikskólabörn.

Húsnæði og búnaður

Á árinu verður langþráður draumur að veruleika þegar nýjar útstillingarhillur og -borð koma á aðalsafn, en þörf hefur verið á endurnýjun um langt skeið. Nýir starfsmannskápar verða settir upp og kaffistofa aðalsafns endurnýjuð að hluta. Einnig verður sett upp lyklalaust aðgengi að aðalsafni og rýmum innan safnsins.

Farið verður í einhverjar tilfærslur á hillum og húsgögnum á aðalsafni eftir teikningum frá arkitekti og útlánasalur gerður aðgengilegri.

Markaðs- og kynningarmál

Samfélagsmiðlar og vefsíða safnsins verða áfram notuð í markaðs- og kynningarstarfi. Vefsíða safnsins er í stöðugri endurskoðun og verður áfram með sífelldum breytingum og verður áfram með sífelldum breytingum á samfélaginu, innan safnsins og auknu samstarfi við hin Menningarhúsin í Kópavogi.

Stefnt er að því að fara í kynningarátak á Lindasafni og auglýsa safnið vel í hverfunum umhverfis safnið.

Safnkostur

Gagnafl, innkaup og grisjun safnkosts verður í samræmi við aðfangastefnu safnsins og enn meiri áhersla lögð á eftirspurn lánþega. Áhersla verður lögð á að grisja „dauðan“ safnkost og mikilvægi þess að nýta plássið með safnkosti sem er virkur. Stefnt er að því að bæta við borðspilum fyrir bæði börn og fulloröna í útlánakost safnsins á báðum söfnum.

Farið verður í heilmikla grisjun á Lindasafni og safndeildir sameinaðar og reynt eftir fremsta megni að gera vinsælasta efnið aðgengilegt fyrir lánþegum. Eldra efni sem lítið lánast út mun verða afskráð og gefið eða selt á bókamarkaði.




MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða	Gestafjöldi 2019
Gestafjöldi á Bókasafn Kópavogs		171.813
- þar af á Aðalsafn		155.148
- þar af á Lindasafn		17.655
Viðburðir á Bókasafni Kópavogs	533	13.035
- þar af sérvíðburðir Bókasafns Kópavogs	484	7.711
- þar af viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	49	5.324
Skólaheimsóknir á Bókasafn Kópavogs	340	6.226
- þar af Menning fyrir alla	24	1.549
- þar af óskipulagðar heimsóknir	137	2.203
- sögustundir	179	2.474
	Fjöldi	
Útlán		197.647
- þar af á Aðalsafn		162.760
- þar af á Lindasafn		34.885
Eintök í Gegni		79.010
- þar af á Aðalsafn		64.507
- þar af á Lindasafn		15.726

BÓKASAFN KÓPAVOGS

FJÁRMÁL 2019 OG ÁÆTLUN 2020	2019 í þús. kr.	2020 í þús. kr.
Tekjur		
Rekstrartekjur	11.025	12.735
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	118.043	128.041
Annar rekstrarkostnaður	92.312	86.284
Rekstrarniðurstaða	199.330	201.589

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020





GERÐARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtímalistasafn í Kópavogi. Í Gerðarsafni er boðið upp á fjölbreytt sýningarhald á verkum íslenskra og erlendra samtímalistamanna samhliða sýningum úr safneign. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928-1975). Gerður var fjölbreytt myndlistarmaður sem fékkst við skúlptúr, steint gler og mósaik. Með geómetrískum járnverkum á sjötta áratugnum ávann Gerður sér sess sem frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar á Íslandi.

HLUTVERK

Í Gerðarsafni er lögð áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Safnið stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspeglar strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign. Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg og upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Gerðarsafn hefur það að meginhlutverki að hafa umsjón með listaverkæign Kópavogsbæjar, safna, miðla og varðveita. Gerðarsafn starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

LEIÐARLJÓS

Gerðarsafn hefur það að leiðarljósi að vera lifandi vettvangur fyrir listir. Listrænt starf Gerðarsafns miðar að því að kynna fjölbreytileika myndlistar og auka skilning á menningarlegu samhengi listaverka og listamanna. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928-1975). Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar er leiðarstefið í sýningargerð, viðburðum og fræðslustarfi. Verk hennar og arfleifð er virkjuð í samtali við samtímalist og hugðarefni samtímans.

Gerðarsafn er vettvangur fyrir virkt samtal og öflugt samstarf. Gerðarsafn leitast við að tengjast gestum sínum á nýjan hátt; dýpka samtal, áhuga og skilning á myndlist og menningu. Gerðarsafn er staður til að doka við og njóta samverustunda, vettvangur til íhugunar og uppfyllingar, og farvegur fyrir áskoranir og ógrandi hugmyndir.

Gerðarsafn trúir á mátt myndlistar og menningar og veitir aukin lífsgæði í opnu og frjálsu samfélagi. Listin er máttarstólpi í samfélaginu og sækir orku í sköpunarkraftinn sem sameinar alla.

MARKMIÐ

Gerðarsafn leggur áherslu á að vera leiðandi safn og vettvangur samtímalistar á Íslandi. Með fjölbreyttu sýningarhaldi er ekki einungis ætlunin að endurspeglar og veita nýja sýn á mikilvæga þætti listasögunnar, heldur einnig að varpa ljósi á lifandi tungumál samtímalistarinnar.

Markmiðsafnsins er að blása krafti og forvitni í safnfræðslu með skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni. Að efla samband við nærumhverfið með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins. Jákvætt og opið viðmót gagnvart öllum gestum er eitt af grunnildum safnsins og gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum.

Frumkraftur og frumkvöðlastarf endurspeglast í starfsemi Gerðarsafns og er sérstaða safnsins leiðandi í allri ímynd og kynningu.

Gerðarsafn starfar í alþjóðlegu samhengi myndlistarinnar og hefur það að markmiði að efla tengsl og samvinnu við listamenn, sýningarstjóra og samstarfsaðila á alþjóðavísu.

STARFSEMI 2019

Gerðarsafn er í eigu Kópavogsbæjar og leggja eigendur fram stærstan hluta rekstrarfjár samkvæmt fjárframlögum Kópavogsbæjar. Árið 2019 hlaut Gerðarsafn 5.723.414 krónur í rekstrar- og verkefnastyrki frá safnasjóði, lista- og menningarráði Kópavogs, Pro Helvetia, Iona Stichting og Antroposofiska félaginu á Íslandi. Aðrir tekjuliðir voru aðgangseyrir, vörusala og útleiga.

Gerðarsafn leggur áherslu á eftirfarandi fjögur atriði í starfsemi safnsins til að styrkja þá ímynd að það sé lifandi vettvangur fyrir listir:

- * Sýnileika safnsins og gildi þess að eiga í virku samtali.
- * Að safnið verði þekkt fyrir góða þjónustu og frábært starfsumhverfi.
- * Að safnið bjóði upp á skapandi starf fyrir alla fjölskylduna.
- * Að safnið verði leiðandi í faglegu samstarfi innanlands sem utan.

Ávinningur af þessum áherslum fyrir Gerðarsafn og Kópavogsbæ er að safnið verði lifandi vettvangur þar sem listin er máttarstólpi tjáningarfrelsisins og birtingarmynd þess hvernig Íslendingar hafa lagt rækt við skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfleið sína.

Opnunartími

Árið 2019 var opnunartími safnsins lengdur og er það nú opið alla daga kl. 10–17. Lokað er yfir hátíðardaga, t.a.m. páska og jól. Hægt er að óska eftir aðgangi utan auglýsts opnunartíma og er t.d. gjarnan tekið á móti nemendum og öðrum hópum á morgnana fyrir opnun safnsins kl. 10. Veitingastaðurinn Pure Deli er opin samhliða safninu.

Aðgangseyrir

Bæjarráð samþykkti breytingar á gjaldskrá Gerðarsafns fyrir árið 2018 og hefur sú gjaldskrá verið við gildi síðan.

- * 1.000 kr. fyrir almenna gesti.
- * 500 kr. fyrir námsmenn og aldraða.
- * ókeypis fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára og öryrkja.
- * Félagar í SÍM, ICOM, FÍMK og FÍSOS fá ókeypis aðgang gegn framvísun skírteinis.

Aðgangur er ókeypis á ákveðnar sýningar og viðburði, ókeypis er á sýningaropnanir, Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og sérstaka viðburði sem auglýstir eru sérstaklega, t.a.m. Safnanótt og Aðventuhátíð Kópavogs.

STARFSMANNAMÁL

Föst stöðugildi árið 2019 voru 3,2. Tveir starfsmenn voru í 100% starfi; forstöðumaður og verkefnastjóri.

Kristín Dagmar Jóhannesdóttir forstöðumaður lét af störfum á árinu. Jóna Hlíf Halldórsdóttir tók við stöðu forstöðumanns 15. júlí 2019.

Hrafnhildur Gissurardóttir starfaði sem verkefnastjóri fræðslu og miðlunar frá 1. ágúst 2019 til 31. desember 2019.

Mari Mathlin og Signý Þórhallsdóttir hófu störf í september 2109 í móttöku og gæslu, auk þess er Signý með umsjón yfir Safnbúð Gerðarsafns.

Sí- og endurmenntun

Menningarhúsin í Kópavogi standa reglulega fyrir sameiginlegri símenntun og fræðslu. Gerðarsafn hvetur starfsmenn til að sækja og kynna sér fjölbreyttar leiðir til símenntunar á eigin vegum. Starfsfólk Gerðarsafns sótti Siðareglunámskeið ICOM árið 2019 sem var haldið á vegum þeirra og Listasafns Íslands.

Stjórn og ráðgjafarnefnd

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar fer með stjórn Gerðarsafns og skal ráðið vinna að viðgangi þess í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM), annast stefnumörkun, fjalla um fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag og starfsemi þess.

Ráðgjafarnefnd Gerðarsafns tók til starfa árið 2016 og er eitt af meginhlutverkum nefndarinnar að veita faglega ráðgjöf um listræna starfsemi og stefnumótun safnsins í samvinnu við forstöðumann safnsins. Í nefndinni sitja Björg Stefánsdóttir, Jón B.K. Ransú og Ólöf Nordal og er skipunartímabil þeirra frá 1. nóvember 2019 til 1. nóvember 2020.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Gerðarsafn er í jaðri Borgarholtsins í Kópavogi og var opnað árið 1994. Benjamín Magnússon arkitekt teiknaði húsið. Tveir 200 m² sýningarsalir eru á efri hæð. Á neðri hæð safnsins er fjölnotasalur, listaverkageymsla, tæknirými og snyrtingar. Að sunnanverðu á neðri hæð er kaffistofa undir glerhýsi. Rekstraraðili er Heiðarlegur matur ehf. (Pure Deli) og er staðurinn opin í samræmi við opnunartíma Gerðarsafns.

Safnið hefur afnot af geymslurými fyrir sýningarbúnað í kjallara Safnaðarheimilis Kópavogskirkju og leigir geymslu í Hamraborg.

Vorið 2019 voru settar ristar í gluggana inn á skrifstofu til þess að bæta loftgæði og eftir verklok var skrifstofan flutt á sinn upprunalega stað og skrifstofubúnaður uppfærður.

Tækjabúnaði hjá Gerðarsafni hefur verið mjög ábótavant og vegna þess var fjárfest í þremur Samsung 55 tommu sjónvörpum og einum skjávarpa á árinu 2019.

Geymslan á efri hæðinni var endurskipulögð með þarfir safnbúðarinnar og starfsfólks í móttöku í huga. Settur var upp vaskur á ný, keyptur skápur fyrir vörur safnbúðarinnar og skjalaskápur fyrir veggspjöld, kort og sýningarskrár.

Fjárfest var í bláum kubbum “Imagination Playground”. Kubbarirnir leika stórt hlutverk í nýja fjölskyldurýminu, Stúdíó Gerðar, en þar getur öll fjölskyldan byggt skúlptúra og skapað ævintýraheima. Fjölskyldurýmið hefur vakið mikla athygli á samfélagsmiðlum og er mikil ánægja meðal safngesta að geta komið og notið bæði myndlistar og sköpunar.

ENDURBÆTUR

Stúdíó Gerðar

Farið var í að betrubæta Stúdíó Gerðar með því að sérhanna og byggja fræðslurými fyrir alla fjölskylduna. Markmið fjölskyldurýmisins er að skapa Gerðarsafni sérstöðu sem gríðastaður fyrir fólk á öllum aldurs skeiðum, til að upplifa samtímamyndlist en einnig til að skapa sjálf og mennta huga og hönd í öruggu og þægilegu umhverfi. Í Stúdíó Gerðar eru haldnar fjölbreyttar smíðjur í tengslum við sýningar safnsins og sem hluti af Fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi. Þar er einnig tekið á móti skólahópum í tengslum við leiðsagnir og boðið upp á styttri smíðjur sem miða að aldri og getu hvers hóps fyrir sig. Árið 2019 komu 56 skólahópar á öllum skólastigum í heimsókn og voru haldnir 56 viðburðir þar sem 4303 gestir tóku þátt á vegum Gerðarsafns og Menningarhúsanna.

Gerðarsafn fór í samstarf við leikskólann Marbakka þar sem 3-5 ára nemendur skólans unnu klippimyndir út frá verkum Gerðar Helgadóttur. Þær myndir prýða nú vegg í endurhönnuðu rými Stúdíó Gerðar sem opnaði um miðjan janúar 2020. Rýmið er hannað af Arnari Frey Guðmundssyni og Friðriki Steini Friðrikssyni, samhliða grunnsýningunni á verkum Gerðar Helgadóttur.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

GERÐARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020



Loftræstikerfið og ljósabúnaður

Í lok árs 2018 var hafist handa við að endurnýja loftræstikerfi Gerðarsafns af Raflofti ehf. og var verkinu lokið vorið 2019. Unnið er að því að endurnýja lýsingu í sýningarsölum Gerðarsafns og það verður gert haustið 2020. Kristján Kristjánsson lýsingarhönnuður og Arnar Leifsson raftækni-fræðingur voru ráðnir sem ráðgjafar og fara yfir öll tilboð sem berast í verkið undir stjórn Gunnars Más Karlssonar. Áætluð verklok eru 15. október 2020.

Móttaka og fatahengi

Í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir rekstrarárið 2020 óskaði Gerðarsafn eftir viðbótarfjármagni frá Kópavogi til að fara í nauðsynlegar endurbætur á húsakosti safnsins. Nauðsynlegt er að bæta aðgang að safninu með því að endurhanna anddyri þess með þarfir gesta í huga. Jafnframt munu breytingarnar gera safnverslunina meira aðlaðandi og bæta möguleika safnsins á viðbótarverkum í gegnum sölu á varningi.

Upphafleg hönnun Gerðarsafns gerir ráð fyrir móttökuborði og fatahengi í anddyri safnsins. Borðið og fatahengið voru höfundarréttarvarin húsgögn, en því miður voru þau fjarlægð og þeim fargað. Með tilliti til þessa er nauðsynlegt að gera breytingar við anddyri safnsins og setja upp nýtt móttökuborð og fatahengi. Heppilegast yrði að endurhanna rýmið við anddyri hússins, þannig að í stað húsgagna sem var fargað kæmu ný og endurhönnuð móttökuborð og fatahengi. Slík húsgögn yrðu unnin í samstarfi við upphaflegan arkitekt hússins, Benjamín Magnússon.

Heildarúttekt á ástandi hússins

Forstöðumaður telur mikilvægt að farið verði í heildarúttekt á ástandi hússins á næsta ári en það eru liðin 26 ár síðan Gerðarsafn opnaði formlega og er margt komið til ára sinna enda hefur aðsókn gesta aukist til muna en árið 2014 komu 7.901 og árið 2019 komu 48.679 gestir sem gerir rúmlega 500% fjölgun gesta.

SAFNEIGN

Skipuleg söfnun listaverka í Kópavogi hófst á tíu ára afmæli bæjarins árið 1965 þegar samþykkt var að stofna Lista- og menningarsjóð og verja til hans fastri árlegri fjárhæð í safneign.

Safneign Gerðarsafns telur um 4.250 verk. Uppistaðan er um 1.400 verk eftir Gerði Helgadóttur, um 300 verk eftir hjónin Barböru og Magnús Á. Árnason og 1.640 verk eftir Valgerði Briem, aðallega teikningar. Önnur verk sem ýmist hafa verið keypt eða gefin til safnsins eru um 650 að tölu.

Innkaup

Forstöðumaður Gerðarsafns í samráði við ráðgjafarnefnd vann að nýrri söfnunar- og innkaupastefnu safnsins 2016. Stefnan var lögð fyrir og samþykkt af lista- og menningarráði Kópavogsbæjar sem veitir 3.500.000 kr. til listaverkakaupa árin 2018 og 2019, eða 7.000.000 kr. í heildina.

Árið 2019 voru keypt verk eftir fjóra samtímalistamenn en verkin höfðu öll verið á sýningum í Gerðarsafni: Litrof (2017) eftir Harald Jónsson, fjórtán mynda ljósmyndaröð, sem sýnd var á sýningunni Líkamleiki í ársbyrjun 2018. Horfið sumar (2013), þrjú verk úr ljósmyndaröð eftir Katrínu Elvarsdóttur, sem var einnig á fyrrnefndri sýningu. Skipulag (2018), lágmynd eftir Áslaugu Írisi Katrínu Friðjónsdóttur, sem unnin var fyrir sýninguna Skúlptúr / skúlptúr árið 2018. Tape (2016), vídeóverk eftir Sigurð Guðjónsson, sem var sýnt á sýningunni Ó, hve hljótt í ársbyrjun 2019.

Vörslusamningur

Þann 1. júní 2001 var gerður samningur á milli sjálfseignarstofnunar listaverkasjóðs Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur annars vegar og Gerðarsafns hins vegar um vörslu listaverka í eigu sjóðsins. Samningurinn var óuppsegjanlegur af beggja hálfu á samningstímanum en rann út þann 1. júní 2005. Heildarfjöldi listaverka sjóðsins er um 1400 verk.

Frá því að vörslusamningurinn var gerður hafa Gerðarsafni verið færð um 1750 listaverk og er listaverkageymsla safnsins fullnýtt. Gerðarsafn leigir tímabundið geymslurými til að bregðast við stöðunni, þar sem safnið rúmar ekki lengur safneignina að viðbættum þeim listaverkum sem samið var um vegna listaverkasjóðs Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur. Geymslurýmið sem safnið styðst við um þessar mundir er tímabundið úrræði, þar sem það mun ekki geta uppfyllt með varanlegum hætti kröfur og skilmála sem Gerðarsafn þarf að starfa eftir með vísan til safnalaga, nr. 141/2011, að því er varðar húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi.

Vegna þessa var lögð fram beiðni frá Gerðarsafni til sjálfseignarstofnunarinnar um að listaverkasjóði Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur yrði fundinn varanlegur samastaður. Óskað var eftir að verkin yrðu flutt úr listaverkageymslu Gerðarsafns fyrir lok árs 2020.

Verk í almenningsrými og stofnunum

Talsvert af listaverkageign safnsins er á bæjarskrifstofum og öðrum stofnunum bæjarins. Á árinu 2017 voru stjórnsýslusvið, menntasvið, umhverfissvið og móttaka bæjarskrifstofa flutt á Digranesveg 1. Vegna flutninganna voru þau verk úr safneign Gerðarsafns sem voru á sviðunum í Fannborg 2 flutt í listaverkageymslu safnsins. Verkin voru í heild um 65 talsins.

Undir lok árs 2017 hófst vinna við að velja og setja upp verk úr safneign Gerðarsafns í nýjar bæjarskrifstofur á Digranesvegi 1. Árin 2018-2019 var unnið að því að setja upp ný verk í öllum skrifstofurýmum í samráði við bæjarstjóra og aðra starfsmenn. Unnið var þematengt með hverja deild og verk valin í samræmi við settar áherslur. 2019 var unnið að uppsetningu verka á velferðarsviði Kópavogsbæjar eftir flutning og endurskipulagningu húsnæðis þeirra við Fannborg 6. Valin voru verk eftir þemanu kyrralíf og landslag þar sem lögð var áhersla á milda liti og róandi áhrif verka. Verkin sem sett upp voru á velferðarsviði eru eftir Barböru Árnason, Eggert Pétursson, Gerði Helgadóttur, Guðrúnu Kristjánsdóttur, Hafdís Ólafsdóttur, Hafstein Austmann, Húbert Nóa Jóhannesson, Jón Óskar Hafsteinsson, Magnús Á. Árnason, Sigtrygg Bjarna Baldvinsson og Þórð Hall.

SAFNEIGN, SKRÁNING OG AÐBÚNAÐUR

Safnið hlaut árið 2019 styrk úr safnasjóði til áframhaldandi átaks í skráningu safnkosts. Unnið verður að ítarskráningu og yfirfærslu upplýsinga.

Unnið er að því að mæta niðurstöðum úr matsskýrslu sem safnið fékk árið 2017 í kjölfar eftirlits safnaráðs. Heildarmat er að ástand á listaverkageymslu sé almennt mjög gott. Safnið þarf að bæta sig á nokkrum sviðum sem hugað verður að á árunum 2019 og 2020.

Helstu tillögur til úrbóta eru eftirfarandi:

- * Huga að þáttum er varða umhverfisþætti (ljósamál, mælingar á hita og raka, skordýraeftirlit).
- * Útbúa þarf skriflegar húsreglur fyrir starfsfólk, sérstaklega um aðbúnað og aðgengi að húsi (húsverðir).
- * Verklagsreglur um aðgang, umgengni og frágang listaverka í geymslum.
- * Útbúa skriflegt verklag fyrir starfsmenn sem sjá um þrif.
- * Skipuleggja sérrými fyrir járnskúlptúra í innri geymslu.
- * Finna langtímaúrræði fyrir ytri listaverkageymslu.
- * Mikilvægt er að íhuga framtíðaráætlun um stækkun listaverkageymsla fyrir safnið.

Natalie Jacqueminet forvörður var fengin í ráðgjöf fyrir umbúnað í listaverkageymslu safnsins á árinu þar sem ræddir voru möguleikar í betri umbúnaði fyrir járnskúlptúra Gerðar Helgadóttur í lista- verkageymslu.

Á árinu 2019 var unnið að því að flytja lista- verk úr ytri geymslu safnsins og þeim komið fyrir í fremra rými listaverkageymslunnar.

Stafræn og rafræn gögn

Gerðarsafn hefur unnið að átaksverkefni í skráningu og umsjón safneignar undir yfirskriftinni „Skráð fyrir opnum dyrum“ frá árinu 2016. Verkefnið hefur verið unnið með styrkjum frá safnasjóði og er unnið að yfirferð og samræmingu skráningar á verkum í safneign.

Skráningarverkefnið felst í því að samræma skráningu á safneign Gerðarsafns í gagnagrunninn Sarp en samræma þarf skráningu úr þremur kerfum; spjaldskrá, FileMaker og Sarp. Við vinnslu verkefnisins hefur komið í ljós að mikið af upplýsingum var aðeins að finna á spjaldskrá og útkeyrslu úr FileMaker fylgir mikil eftirvinna. Verkefnið hefur því verið unnið af nákvæmni og vandvirkni, að færa upplýsingarnar úr fyrri kerfum yfir á Sarp.

Fyrri fasi verkefnisins var unninn sumarið 2016 við að flytja rafræna skráningu af FileMaker yfir í Sarp og var skráning yfir verk Gerðar Helgadóttur gerð opin almenningi á ytri vef Sarps. Seinni fasi verkefnisins var að yfirfara skráningu um verk á spjaldskrá og á FileMaker og koma upplýsingum yfir á Sarp til að hægt væri að leggja fyrri kerfum.

Árið 2019 var unnið að skráningar- verkefninu á tvo vegu. Annars vegar var haldið áfram að fara yfir spjaldskrá og viðbótarupplýsingar settar inn í Sarp, mynd af verki af spjaldskránni var skönnuð til að bæta myndgæðin og spjöldin úr spjaldskrá voru einnig skönnuð og hengd við hverja skráningu í Sarp. Sumarið 2019 var fullunnin skráning á 66 verkum Gerðar Helgadóttur eftir þessari vinnuáferð.

Annar hluti verkefnisins var að yfirfara fyrri skráningu verka í FileMaker og fundnir þeir textadálkar sem ekki höfðu flust með útkeyrslu á skráningu 2016. Var þar lögð áhersla á einstaklingssafn Valgerðar Briem í safneign Gerðarsafns, sem telur 1634 verk. Miklar upplýsingar eru til um hennar verk þar sem skráningin í FileMaker var unnin af Valgerði Bergsdóttur, dóttur listakonunnar. Var því unnið að því af vandvirkni að flytja textaupplýsingarnar sem var að finna um verkin yfir í Sarp. Yfirferð og flutningi viðbótarupplýsinga um verk Valgerðar Briem er nú lokið og hafist handa við samskonar yfirferð yfir verk Gerðar Helgadóttur. Var yfirferðin unnin af Silju Pálmarsdóttur sem hélt utan um flutning skráningarinnar úr FileMaker 2016 í samstarfi við Cecilie Gaihede, verkefnastjóra hjá Sarpi.

Áfram verður unnið að samræmingu og yfirferð skráningar á safneign Gerðarsafns. Við verkefnið bætist að uppfæra ljósmyndir af verkum og upplýsingar fyrir ytri vef Sarps. Gerðarsafn hefur undirritað samning við Myndstef sem tók gildi í ársbyrjun 2020. Samningurinn gerir Gerðarsafni kleift að hafa alla safneignina á ytri vef Sarps svo almenningur geti kynnst öllum verkum safnsins.

KYNNINGARMÁL

Fjölmíðlar

Öflugt markaðsstarf og virk útgáfustarfsemi er Gerðarsafni nauðsynleg til að safnið nái til safngesta, listamanna, safnara, hagsmunasamtaka, skóla og stuðningsaðila. Virkni á samfélagsmiðlum og ferskt og aðgengilegt kynningarefni eru hornsteinar þess að Gerðarsafn sé lifandi vettvangur fyrir listir. Allt markaðsstarf er unnið með það í huga að það sé hvetjandi fyrir áhugasama. Gerðarsafn vinnur markvisst að því að efla samtöl við öll skólastig í Kópavogi og stofnanir í Kópavogi og nærliggjandi sveitarfélögum með því markmiði að það sé áhugavert og eftirsóknarvert að koma í Gerðarsafn.

Sýningar og viðburðir í Gerðarsafni hafa hlotið athygli fjölmíðla og má greina mikinn áhuga á því starfi sem unnið er. Sýningin Ó, hve hljótt var víða tekin fyrir í fjölmíðlum. Um hana birtust greinar í Fréttablaðinu og á Mbl 12.01.19. Sýningin var til umfjöllunar í útvarpsþættinum Lestarklefinn 18.01.19 og á RÚV 21.01.19. Einnig var grein um sýninguna í Mannlíf 28.02.19. Auk þess var vakin sérstök athygli á sýningunni hjá Félagi heyrnarlausra í tengslum við táknmálsleiðsögn um sýninguna sem haldin var 13.02.19.

Sýningin Útlína fékk góða umfjöllun í Fréttablaðinu og á Vísi á opnunardegi sýningarinnar 06.04.19.

Sýningin Fullt af litlu fólki vakti mikla athygli og fékk greinargóða umfjöllun í fjölmíðlum. Fjallað var um sýninguna í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Stundinni 19.09.19 og Grapevine 30.09.19. Fullt af litlu fólki var einnig til umfjöllunar í útvarpsþáttum. Morgunútvarpið fjallaði um sýninguna 24.09.19, Lestarklefinn 22.12.19 og Menningin 17.12.19.

Árskort

Farið var í átak til að selja fyrirtækjum og stofnunum í Kópavogi árskort fyrir tvo á 3000 krónur. Hugmyndin var að fá fyrirtæki til þess að gefa starfsmönnum sínum upplifun sem umhverfisvæna jólagjöf. Sömu árskort fóru á sölu fyrir almenning í febrúar 2020 og voru viðtökurnar frábærar og seldust 120 árskort.

Samfélagsmiðlar

Gerðarsafn heldur úti Facebook-síðu með 4287 fylgjendum og Instagram-síðu með 1425 fylgjendum. Á samfélagsmiðlasíðum Gerðarsafns eru í hverri viku settar inn fréttir, fróðleikur, myndir frá viðburðum og sýningum.

Útgáfa

Sýningarskrár eru gefnar út samhliða sýningum í Gerðarsafni. Árið 2019 voru gefnar út sýningarskrár fyrir sýningarnar Ó, hve hljótt, 12. janúar – 31. mars 2019, og sýninguna Fullt af litlu fólki, 19. september 2019 – 5. janúar 2020. Í sýningarskránum er að finna inngang sýningarstjóra og texta um listamenn og listaverk á sýningunni. Í sýningarskránum er einnig birt viðburðadagskrá þar sem sýningartengdir viðburðir fyrir gesti af öllum aldurshópum eru útlistaðir.

SAFNVERSLUN

Unnið var að því að efla til muna safnverslun Gerðarsafns. Safnverslunin er ein af undirstöðum sértekna listasafnsins, líkt og á við um önnur söfn á höfuðborgarsvæðinu. Eitt af því sem safnið leggur áherslu á er að hanna smávörur sem tengjast safneign Gerðarsafns og sýningum. Í tengslum við sýninguna Fullt af litlu fólki voru gerð eftirprent af verkum Hilmu af Klínt og Gerðar Helgadóttur, eftirprentin seldust mjög vel og vöktu veggspjöldin eftir Hilmu af Klínt mikla athygli á heimsvísu.

Gerður var umboðssamningur við fyrirtæki sem selja umhverfisvænar heimilis- og gjafavörur og einnig fengnar inn vörur frá íslenskum hönnuðum og listamönnum. Vöruúrvalið hefur stóraukist og eru núna um 300 vörur til sölu í safnbúð Gerðarsafns.

SAMSTARF OG NÝSKÖPUN

Sýningarnar Ó, hve hljótt og Fullt af litlu fólki voru umfangsmikil samstarfsverkefni þar sem unnið var með innlendum og alþjóðlegum menningarstofnunum og sjálfstætt starfandi listamönnum og sýningarstjórum.

Sýningin Ó, hve hljótt var unnin í samstarfi við CNAP – miðstöð myndlistar í Frakklandi og Verksmiðjuna á Hjalteyri, þar sem sýningin var haldin 2018. Sýningin var unnin með stuðningi frá franska sendiráðinu á Íslandi og galleríinu Berg Contemporary í Reykjavík. Verkin á sýningunni voru vídeóverk franska, ítalskra og bandarískra samtímalistamanna úr safneign CNAP og auk þeirra voru sýnd verk íslenskra samtímalistamanna.

Sýningin Fullt af litlu fólki var unnin í samstarfi við sjálfstæða sýningarstjóra og voru þátttakendur tuttugu og einn talsins, þar af listamenn í ólíkum listgreinum og fræðimenn frá Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Hollandi, Ítalíu, Þýskalandi, Sviss og Svíþjóð. Á sýningunni voru einnig verk liðinna listamanna; Hilmu af Klínt, Josephs Beuyes og Rudolfs Steiner, sem fengin voru að láni frá Rudolf Steiner Archive í Sviss, Albert Steffen Stiftung í Sviss og Nýlistasafninu í Reykjavík. Sýningin var styrkt af Prohelvetia-Swiss Arts Council, Iona Stichting, Kanton Basel-Stadt Kultur auk íslenskra styrkja frá safnaráði, Myndlistarsjóði og Antroposofiska félaginu á Íslandi.

Í viðburða- og fræðslustarfi safnsins eru samstarfsaðilar Gerðarsafns margir, þar á meðal skólar, frístundaheimili, leikskólar og sjálfstætt starfandi kennarar og listamenn. Á árinu 2019 fór Gerðarsafn í samstarf við Telmu Björk Jónsdóttur, hönnuð og jógakennara, að gerð viðburðadagskrár undir yfirkriftinni Slakað og skapað. Viðburðurinn var miðaður að fullorðnum gestum safnsins þar sem handverk og hugleiðsla voru tengd saman. Gestirnir unnu að útsaum á dúk, hugleiddu og ræddu saman svo úr varð skapandi samverustund.

Gerðarsafn og leikskólinn Marbakki hófu samstarf á árinu 2019 við tvenn verkefni. Leikskólinn hafði frumkvæði að Gæðastundum í Gerðarsafni þar sem smáir hópar barna úr leikskólanum komu í leiðsögn og smíðju í safninu. Leikskólinn vann einnig með Gerðarsafni að gerð nýs fræðslurýmis þar sem 3-5 ára börn úr leikskólanum gerðu klippimyndir í anda verka Gerðar Helgadóttur sem voru stækkuð upp og skreyta nú vegg Stúdíó Gerðar.

VIÐBURÐIR 2019

Opunarviðburður er haldinn fyrir hverja sýningu sem opnuð er í Gerðarsafni. Haldnar voru þrjár sýningaropnanir árið 2019 og voru að meðaltali 254 gestir á hverri opnun.

Menningarhúsin í Kópavogi skipuleggja viðburðadagskrá í þremur liðum; Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum og Foreldramorgnar.

Gestum á Fjölskyldustundum fjölgaði töluvert eftir því sem leið á árið, í fyrstu þremur Fjölskyldustundum ársins voru að meðaltali 17 gestir en á síðustu þremur voru gestir að meðaltali 58 á hverjum viðburði.

Auk þeirra viðburða sem haldnir voru í samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi stóð Gerðarsafn fyrir 24 sérvíðburðum. Má þar nefna listamannaspjall, sýningarstjóraspjall, tónleika, tónheilun, spjall við ættingja Gerðar Helgadóttur, spjall við ættingja Barböru Árnason, fyrirlestra, námskeið o.fl. Viðburðahald í Gerðarsafni tekur mið af yfirstandandi sýningum.

Fyrri hluta árs 2019 voru haldnir viðburðir í tengslum við sýninguna Ó, hve hljótt. Boðið var upp á söngleiðsögn, táknmálsleiðsögn og vídeósmíðjur auk fleiri viðburða.

Á meðan sýningin Útlína stóð yfir voru haldnar teiknismiðjur, gestum boðið í spjall með ættingjum Gerðar Helgadóttur, leiðsögn um glugga Gerðar í Kópavogskirkju og leiðsögn með Jóni Proppé um útilistaverk Gerðar.

Haldnir voru fjölmargir viðburðir tengdir sýningunni Fullt af litlu fólki. Dansnámskeið í heilögum dönsum Gurdjeff, tónheilun, teathöfn, málþing, námskeiðið Listin að leika sér, fyrirlesturinn Innsæi í list, leiðsagnir um sýninguna og kynning á draumadagbók voru meðal þess sem var í boði fyrir fullorðna gesti. Smíðjur fyrir börn voru m.a. Drekasmiðja og Að ná í ljósið, Fjölskyldustund þar sem gerðar voru tilraunir með kol.

Stúdíó Gerðar

Stúdíó Gerðar er opið fræðslurými þar sem börnum, fjölskyldum og öðrum gestum gefst færi á að njóta samverustunda, fræðast og skapa saman. Í Stúdíói Gerðar eru haldnar fjölbreyttar smíðjur í tengslum við sýningar safnsins og sem hluti af Fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi. Þar er einnig tekið á móti skólahópum í tengslum við leiðsagnir og boðið upp á styttri smíðjur sem miða að aldri og getu hvers hóps fyrir sig. Um helgar er boðið upp á Skapað með Gerði, samverustundir þar sem gestir geta gert sín eigin listaverk úr þeim efnivið sem starfsmenn safnsins draga fram hverju sinni, t.a.m. vatnslitum, leir og teikningu með ljósaborðum.

Skólaheimsóknir

Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu í Gerðarsafni og Menningarhúsunum í Kópavogi síðastliðin ár og hefur heimsóknum skól barna fjölgað gríðarlega. Börn af öllum skólastigum komu í fræðslu á safninu árið 2019. Heildarfjöldi nema í skipulögðum heimsóknum á safnið árið 2019 var 1444. Auk skólaheimsókna hafa viðburðirnir Fjölskyldustundir á laugardögum og Menning á miðvikudögum fest sig í sessi, þar sem boðið er upp á ókeypis vikulegar smíðjur, leiðsagnir, tónleika og fyrirlestra í öllum Menningarhúsum Kópavogs.

Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar

Boðið var upp á sérsniðnar leiðsagnir og heimsóknir í Gerðarsafni fyrir alla aldurshópa skólastiganna. Skólahópar koma í leiðsagnir um yfirstandandi sýningu safnsins þar sem lögð er áhersla á samtal og túlkun nemenda á verkunum. Fyrir áhugasama hópa, sérstaklega þá yngri, hefur einnig verið boðið upp á sérsniðnar smíðjur í Stúdíói Gerðar í tengslum við sýningarnar hverju sinni.

Menning fyrir alla

Menning fyrir alla er yfirskrift fræðsludagskrár fyrir nemendur í leik- og grunnskólum þvert á Menningarhúsin í Kópavogi. Í Gerðarsafni var boðið upp á tvær ólíkar heimsóknir 2019. Elstu deild leikskólanna var boðið í leiðsögn um sýninguna Ó, hve hljótt í Gerðarsafni vorið 2019. Nemendurnir kynntust vídeóverkum sýningarinnar og sköpuðu í kjölfarið eigin verk í fræðslurými safnsins, Stúdíói Gerðar. Nemendum í 6. bekk var boðið í Draumasmiðju í Gerðarsafni og Bókasafni Kópavogs haustið 2019. Nemendurnir fengu þar leiðsögn um sýninguna Fullt af litlu fólki í Gerðarsafni þar sem hugsanir, tilfinningar, innsæi og draumar koma fyrir. Á Bókasafni Kópavogs var tengt við umfjöllunarefni sýningarinnar með spjalli um drauma og hlutverk þeirra í bókmenntum. Fjöldi nemenda í þemaheimsóknunum var 811.



Gæðastundir

Gerðarsafn hóf nýjan lið í safnfræðslu undir yfirskriftinni Gæðastundir árið 2019. Heimsóknirnar voru frumkvæði leikskólans Marbakka og voru þróaðar í samstarfi við verkefnastjóra fræðslu í Gerðarsafni. Í Gæðastundum komu fámennir hópar úr leikskólanum í leiðsögn og skapandi samverustund í Stúdíói Gerðar. Í hópunum voru 4-8 börn sem gaf færi á aukinni nánd, samtali og rölegheitum.

Skapað og slakað

Skapað og slakað var vikulegur dagskrárliður sem sló í gegn í Gerðarsafni í nóvember 2019. Eldri borgurum var boðið á viðburðinn sem Thelma Björk Jónsdóttir, fatahönnuður og jógakennari, miðlaði. Skoðuð voru tengsl milli hugleiðslu og handverks í gegnum teygjur og öndunar- og slökunaræfingar. Viðburðurinn var styrktur af velferðarsviði Kópavogsbæjar.


GREIÐSLUR TIL LISTAMANNA

Listamenn sem sýna í Gerðarsafni fá greitt vegna sýningarhalds í samræmi við verklagsreglur sem samþykktar voru af bæjarráði Kópavogs 11. mars sl. Gerðarsafn greiðir þóknun til listamanna fyrir þátttöku í sýningum og miðast greiðslur við umfang sýninga eins og tiltekið er í verklagsreglunum. Grunnviðmið greiðslu eru starfslaun listamanna hverju sinni. Einnig greiðir Gerðarsafn fyrir vinnuframlag eftir taxa Sambands íslenskra myndlistarmanna. Markmið verklagsreglnanna er að tryggja að listamenn fái sanngjarnar greiðslur fyrir þátttöku í sýningum og vinnuframlag sem innt er af hendi í tengslum við sýningar á verkum þeirra.

SÝNINGAR 2019

Ó, HVE HLJÓTT, TÓNLIST EINS OG VIÐ SJÁUM HANA: MYNDLIST OG KVIKMYNDIR

12. janúar – 31. mars 2019



Sýningin samanstóð af völdum kvikmyndum, hljóð- og vídeóverkum eftir bæði íslenska og alþjóðlega samtímalistamenn. Leiðarljós sýningarinnar var að veita innsýn í samruna tónlistar og kvikmynda í listsköpun samtímans.

Listamenn
Doug Aitken
Charles de Meaux, Dominique Gonzalez- Foerster
Pierre Huyghe
Ange Leccia
Romain Kronenberg, Jean-Luc Vilmouth, Lorna Simpson
Steina
Dodda Maggý
Sigurður Guðjónsson

Sýningarstjórar Pascale Cassagnau og Gústav Geir Bollason

ÚTLÍNA

6. apríl – 6. september 2019



Útlína er sýning á verkum úr safneign Gerðarsafns frá 1950 til dagsins í dag. Á sýningunni er útlínan notuð til þess að tengja verk þvert á miðla. Línan flæðir á milli teikninga, málverka og prentverka og útlínan öðlast eigið líf í (þrívíðu) formi skúlptúra og rýmisverka. Útlínan verður allt í senn: Þráðurinn á milli verka, afmörkun og endaleysa.

Listamenn
Anna Hallin
Barbara Árnason
Gerður Helgadóttir
Hólmfríður Árnadóttir
Hrafnkell Sigurðsson
Hreinn Friðfinnsson
Katrín Sigurðardóttir
Kristján Davíðsson
Rúrí
Theresa Himmer
Valgerður Briem

Sýningarstjórar Brynja Sveinsdóttir
Hrafnhildur Gissurardóttir

FULLT AF LITLU FÓLKI

19. september 2019 – 5. janúar 2020



Sýningin Fullt af litlu fólki tekst á við hið andlega í listum. Þátttakendur sýningarinnar eiga það sameiginlegt að rannsaka ríki hins óþekkta og sækja innblástur í andleg, spíritísk, esóterísk og/eða mannspekileg gildi og birta þau í myndlist, grafískri hönnun, dansi, tónlist og jafnvel fræðum. Auk listaverka á sýningunni er boðið upp á fyrirlestra, námskeið og samræður þar sem leitast er eftir að dýpka tengsl og skilning á sambandi milli hins andlega og efnislega.

Listamenn
Elsa Dórotea Gísladóttir (IS)
Guðrún Vera Hjartardóttir (IS)
Jón B. K. Ransú (IS)
Julius Rothlaender (IS)
Sigrún Gunnarsdóttir (IS)
Dawn Nilo (CA)
Maartje Brandsma (NL)
Philipp Tok (DE)
Henk Jan Meyer (NL)
Zvi Szir (CH)
Christa Lichtenstern (DE)
Sati Karenina (UK)
Gerður Helgadóttir (IS)
Hilma af Klint (SE)
Rudolf Steiner (CH)

Sýningarstjórar Guðrún Vera Hjartardóttir
Jasper Bock
Jón B. K. Ransú
Sigrún Gunnarsdóttir

SÝNINGAR 2020

AFRIT

17.01.-14.06.2020

Sýningin Afrit er haldin í tilefni af Ljósmyndahátíð Íslands 2020 og verður ljósmyndin að umfjöllunarefni verka í ólíkum miðlum. Á sýningunni eru ný og nýleg verk samtímalistamanna sem hafa unnið með ljósmyndina eða birta afrit af veruleikanum á annan hátt.

Listamenn Anna Júlía Friðbjörnsdóttir
Bjarki Bragason
Claudia Hausfeld
Hallgerður Hallgrímsdóttir
Katrín Elvarsdóttir
Pétur Thomsen
Þórdís Jóhannesdóttir

Sýningarstjóri Brynja Sveinsdóttir

GERÐUR

17.01.-14.06.2020 / 31.10.-07.02.2021

Ný grunnsýning á verkum Gerðar Helgadóttur opnar á neðri hæð safnsins í janúar 2020. Sýningin er framhald af yfirlitssýningu sem haldin var 2018 þar sem 1400 verk hennar í safneign Gerðarsafns voru höfð til grundvallar. Sýningin mun standa til janúar 2024, þó með uppbroti tvisvar á ári. Sýningin GERÐUR er í nánú samtali við fræðslurými Gerðarsafns, Stúdío Gerðar, þar sem gestum gefst færi á að fræðast og skapa myndlist.

Listamaður Gerður Helgadóttir

Sýningarteymi Arnar Freyr Guðmundsson
Brynja Sveinsdóttir
Friðrik Steinn Friðriksson

HLUTBUNDIN ÞRÁ

23. júní – 23. ágúst 2020

Object of Desire er samsýning átta samtímalistamanna frá Íslandi og Singapúr sem hverfist um samband mannsins við hlutlægni og hluti. Sýningin verður haldin í samstarfi við Institute of Contemporary Art í Singapore og verður sett þar upp í júní 2019.

Listamenn Daniel Hui
Dagrún Aðalsteinsdóttir
Guo Liang
Guðlaug Mía Eypórsdóttir
Luca Lum
Styrmir Örn Guðmundsson
Sæmundur Þór Helgason
Weixin Chong

Sýningarstjórar Dagrún Aðalsteinsdóttir
Guo Liang
Weixin Chong

FYLGID OKKUR Í HönnunarMars

23.júní -23. ágúst 2020

Fylgið okkur teflir fram völdum verkum frá nýjum og upprennandi íslenskum hönnuðum. Samruni og samvinna þvert á greinar er einkennandi en hönnuðirnir líta inn á við og út á við í marglaga veruleika í leit að nýjum leiðum til að takast á við viðfangsefni nútíðar og framtíðar: Sjálfbærni og flétta samfélags við manngerð vistkerfi; vistvæn gjörnýting dýraafurða annars vegar og staðgenglar dýraafurða í fæðuhringnum hins vegar; frammistöðukvíði og innblástursleysi á móti óhindruðum leik- og sköpunarkrafti; framtíð tískunnar og sjálfsmýnd okkar í sýndar- og raunveruleika.

Hönnuðir

Anna Diljá Sigurðardóttir
Arnar Grétarsson
Arnar Már Jónsson
Helga Lára Halldórsdóttir
Jóna Berglind Stefánsdóttir
Sigríður Birna Matthíasdóttir
Steinarr Ingólfsson
Valdís Steinarsdóttir

Sýningarstjóri Sara Jónsdóttir

ÚTSKRIFTARSÝNING BA NEMA Í hönnun, arkitektúr og myndlist við Listaháskóla Íslands

27. ágúst -13. september 2020

Útskriftarsýning BA nemenda frá Listaháskóla Íslands verður haldin í Gerðarsafni haustið 2020. Verkin endurspeglar nám, rannsóknir og listsköpun nemendanna síðustu þrjú ár. Á sýningunni getur að líta myndlist, grafíska hönnun, arkitektúr, fatahönnun og vöruhönnun.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR

31.10.2020-07.02.2021

Sýningaröðin Skúlptúr / skúlptúr opnar í fjórða sinn í Gerðarsafni með einkasýningum þeirra Ólafar Helgu Helgadóttur og Magnúsar Helgasonar. Með sýningaröðinni er gerð tilraun til að skoða skúlptúrinn í samtímanum og þróun þrívíðrar myndlistar, ekki einungis sem mikilvægan hluta listasögunnar heldur einnig sem lifandi sjónrænt tungumál samtímalistarinnar. Sýningunum er ætlað að heiðra Gerði Helgadóttur (1928-1975) og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar um leið og dregnar eru línur sem tengja verk hennar við samtímaskúlptúr.

Listamenn Ólöf Helga Helgadóttir
Magnús Helgason

Sýningarstjóri Jóna Hlíf Halldórsdóttir

FRAMTÍÐARSÝN

Hjarta menningarmála Kópavogsbæjar liggur í Hamraborginni og nálægðinni milli Menningarhúsanna. Hamraborgin er í senn sérstaðan og styrkurinn í menningarmálum bæjarins, enda undirstaða fyrir þá þætti sem hægt er að byggja á til framtíðar; nálægðin leiðir af sér virkt samtal og öflugt samstarf.

Nálægðin er einnig er undirstaða þess grundvallarmarkmiðs að Gerðarsafn sé lifandi vettvangur fyrir listir. Í því felst að Kópavogsbúar, íbúar höfuðborgarsvæðisins, aðrir landsmenn og erlendir ferðamenn, fái reglulega aðgang að viðburðum og upplifunum sem vekja áhuga þeirra. Virkt sýningarhald stuðlar að því að gestir kynnist fjölbreytileikanum sem myndlistin nær utan um og öðlist skilning á því sögulega, félagslega og menningarlega samhengi sem listaverk og höfundar þeirra tengjast.

Tvennt leiðir af því að Gerðarsafn sé ávallt lifandi vettvangur. Fyrri atriðið er virk þátttaka safngesta. Það er mjög mikilvægt að Kópavogsbúar upplifi að safnið sé þeirra. Í því felst að þeir geti leitað þar afþreyingar og í leiðinni upplifað nýja sýn eða aflað þekkingar, en einnig er mikilvægt að þeir fái tækifæri til að hafa áhrif á sýningarhald og segja sína skoðun á því sem safnið býður upp á. Seinna atriðið felur í sér að safneignin, þ.e. verk Gerðar Helgadóttur myndhöggvara og listaverkæign Kópavogsbæjar, sé aðgengileg og lifandi. Mikilvægt er að safneignin sé lifandi í þeim skilningi að hún sé í senn arfur sem ber að virða og skilja og hvati til að skapa nýja list og vekja áframhaldandi umræður.

GEDRARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

Fræðslustarf

Gerðarsafn hefur unnið að metnaðarfullu fræðslustarfi frá árinu 2015 þar sem lögð er áhersla á skapandi viðburði fyrir fjölskyldur, eldri borgara og innflytjendur. Safnið sótti um Öndvegisstyrk frá safnasjóði til þess að þróa fræðslustarf safnsins í samræmi við Barnasáttmála og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem felur í sér heilsteypa dagskrá þar sem hver viðburðarliður teygir sig yfir lengra tímabil en áður og byggist upp yfir tíma. Með þeim hætti má ná enn betra samtali við gesti safnsins og þróa samspil með ólíkum samfélagshópum.

Gerðarsafn opnaði nýtt betrubætt fræðslurými fyrir alla fjölskylduna í byrjun árs 2020 og er markmiðið að skapa Gerðarsafni sérstöðu sem griðastað fyrir fólk á öllum aldurs skeiðum, til þess að upplifa samtímamyndlist og einnig til að skapa sjálf, mennta huga og hönd í öruggu og þægilegu umhverfi.

Betrubætt fræðslurými mun blása krafti í fræðslustarfsemina og auka forvitni safngesta. Fræðslustarfið mun einkennast af skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni og munum við efla samband við nærumhverfið, þvert á kynslóðir og þjóðerni, með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins og safneignina.

Gerðarverðlaun


Sótt var um styrk frá lista- og menningarráði Kópavogs til þess að setja á laggirnar Gerðarverðlaun. Verðlaunin verða veitt árlega til framúrskarandi listamanns og er þeim ætlað að heiðra minningu Gerðar Helgadóttur (1928-1975) myndhöggvara og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar. Jafnframt er verðlaununum ætlað að efla og styrkja listsköpun á Íslandi. Áætlað er að veita fyrstu verðlaunin þegar Skúlptúr / skúlptúr sýningarnar opna í lok október 2020.

LOKAORÐ

Gerðarsafn er fjölradda, inngildandi rými sem eflir lýðræði og þjónar sem vettvangur fyrir gagnrýna umræðu um fortíð og framtíð. Mikilvægt er að viðurkenna og ávarpa átök og áskoranir samtímans með því að varðveita muni og sýnishorn fyrir samfélagið, gæta fjölbreyttra minninga fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnrétti og jafnan aðgang alls fólks að menningararfi.

Mikilvægt er að hafa í huga að söfn eru ekki starfrækt í hagnaðarskyni. Þau eru þáttökumiðuð og gagnsæ og vinna virkt með og fyrir fjölbreytt samfélag að því að safna, varðveita, rannsaka, túlka, sýna og auka skilning á heiminum. Gerðarsafn hefur það að markmiði ásamt öllum öðrum söfnum í heiminum að stuðla að mannlegri reisn og félagslegu réttlæti, jafnrétti á heimsvísu og hnattrænni velferð.

Listin er mættarstólpi tjáningarfrelsisins og birtingarmynd þess hvernig Íslendingar hafa lagt rækt við skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfleifð sína. Listin sækir orku í sköpunarkraftinn sem tengir allt fólk. Listafólk beitir hæfileikum sínum til að skapa verk sem öðlast merkingu með því að vera móttækin á söfnum – þegar söfn ná því markmiði að verða lifandi vettvangur. Með hugrekki og hugsjónum getur listin ræktað lífið.





MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða	Gestafjöldi 2019
Gestafjöldi á Gerðarsafn		48.679
Viðburðir á Gerðarsafni	57	4.303
- þar af sérvíðburðir Gerðarsafns	24	1.549
- þar viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	33	2.754
Skólaheimsóknir á Gerðarsafn	56	1.444
- þar af Menning fyrir alla	17	811
Útleiga	10	363
		Fjöldi
Verk í safneign		4.278
Verk í Sarpi		4.259
Útlán listaverka		5

GERÐARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

FJÁRMÁL 2019 OG ÁÆTLUN 2020	2019 í þús. kr.	2020 í þús. kr.
Tekjur		
Rekstrartekjur	13.578	4.824
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	41.871	41.121
Annar rekstrarkostnaður	93.620	99.196
Rekstrarniðurstaða	121.914	135.494

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020





HÉRAÐSSKJALASAFN KÓPAVOGS

HLUTVERK

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs 28. nóvember 2006, skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerðum á grundvelli þeirra laga. Hlutverk Héraðsskjalasafnsins er m.a. að taka við og heimta inn skjöl frá afhendingarskyldum stofnunum, stjórnvöldum, stjórnnum og ráðum bæjarfélagsins og varðveita þau og veita aðgengi að þeim skv. lögum og leiðbeina um notkun þeirra. Einnig að hafa eftirlit með skjalavörslu þessara aðila bæjarins. Héraðsskjalasafnið skal safna markverðum skjölum einstaklinga fyrirtækja og félagasamtaka, sem ekki eru skilaskyld til safnsins, auk ljósmynda, hljóð- og myndbanda og sambærilegra gagna, sem varða sögu starfssvæðisins eða íbúa þess á einhvern hátt og tryggja aðgengi að þeim skjölum. Það skal leitast við að eignast eftirtökur af öðrum skjölum, sem varða starfssvæðið og ekki fást í frumriti og gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkostinum.

LEIÐARLJÓS

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar á grundvelli lýðræðishugmynda um opið, gagnsætt, borgaralegt þjóðfélag sem rekja má aftur til upplýsingar 18. aldar. Það hefur að leiðarljósi að bæta og styðja við skjalavörslu Kópavogsbæjar, efla og viðhalda vitund Kópavogsbúa um sögu sína og borgaralegan rétt til skjala. Þar skipta máli fagleg og siðleg vinnubrögð í samræmi við alþjóðleg viðmið, en Héraðsskjalasafnið á aðild að Alþjóðlega skjalaráðinu. Mikilvæg eru öflug tengsl við bæjarbúa t.d. með samvinnu við Sögufélag Kópavogs, miðlun safnkostsins og fræðslu til yngri kynslóðar Kópavogsbúa. Meðalhóf og jafnræði eru kjarninn í þeirri festu og skýrleika sem einkenna eiga starfsemi og þjónustu Héraðsskjalasafnsins.

MARKMIÐ

Meginmarkmið Héraðsskjalasafns Kópavogs er að rækja stjórnvöld- og menningarhlutverk sitt eins og best verður á kosið miðað við aðstæður hverju sinni. Þannig verður Héraðsskjalasafnið að þeirri miðstöð réttinda Kópavogsbúa og Kópavogsbæjar sem því er ætlað að vera auk þess að gegna mikilvægu hlutverki sem uppspretta heimilda til sögu Kópavogs og Kópavogsbúa með aðgengi að safnkostinum og miðlun hans.

STARFSEMI 2019

ÞJÓNUSTA

Afgreiðslutími og aðgangseyrir

Lestrarsalur er opinn á afgreiðslutíma Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaga-föstudaga kl. 10-16 og eftir samkomu-
lagi að auki. Allir sem vilja kynna sér eða nýta safnkostinn eru
velkomnir í Héraðsskjalasafn Kópavogs án endurgjalds.

Gestir

Samkvæmt almannþjónustuhlutverki Héraðsskjalasafnsins
veita starfsmenn gestum og notendum sem eftir því leita
aðstoð við aðgengi að skjölum í vörslu þess. Eftir því sem
safnkosturinn hefur aukist undanfarin ár hefur þetta verið
vaxandi þáttur í starfsemi.

Gestafjöldi árið 2019 var 1043 manns, þar af 100 á Safnanótt 8.
febrúar 2019 og 423 á myndgreiningarmorgnum.

STARFSMANNAMÁL

Starfsmenn, fyrir utan húsumsjón og ræstingar, eru þrír
í fullu starfi, héraðsskjalavörður, skjalavörður og marg-
miðlunarfræðingur og auk þess er einn starfsmaður í 20%
starfi við myndavef.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Húsnæði Héraðsskjalasafns Kópavogs er að Digranesvegi 7
og að auki skjalageymslur (116,6 m²) að Fannborg 3-5.

Almenn vinnuástaða	88,7 m ²
Skrifstofuástaða	88,9 m ²
Skjalageymslur	261,4 m ²
Lestrarsalur, ástaða gesta og fræðimanna	57,9 m ²
Samtals	496,9 m ²

Geymslurými í hillum í skjalageymslum er 2.551 hillumetri.

Geymslurými er á þrotum eftir miklar afhendingar undanfarinna
tveggja ára frá bæjarskrifstofum og sníður það starfsemi
nú þröngan stakk.

Minjasafn Kópavogsbæjar í Austurkór sem er í umsjá
Héraðsskjalasafnsins er 105,9 m².

SAFNEIGN/SAFNKOSTUR

Aðföng

Aðföng skjala 2019 voru minni um sig
en undanfarin ár m.a. vegna þess að
flutningum er lokið hjá stjórnslu bæjarins.
Geymslurými er af skornum skammti vegna
mikilla afhendinga undangenginna ára og
takmarkað svigrúm til viðtöku skjala hefur
haft hamlandi áhrif.

Fjöldi og umfang afhendinga er því minna
en verið hefur. Afhendingar árið 2019 voru
67 talsins og ná yfir um 31 hillumetra.

Nefna má sérstaklega að Jóhannes
Borgfjörð Birgisson, þekktur sem Boggi
á blaðinu, arfleiddi Héraðsskjalasafnið að
ljósmyndum sínum, en hann lést árið 2018.

Handbókasafn Héraðsskjalasafns Kópavogs
hefur vaxið og eflst á árinu 2019 og mun að
lokinni skráningu standa vel undir hlutverki
sínu

Valgerður Björnsdóttir færði Héraðsskjalasafninu
bækur Björns Þorsteinssonar sagn-
fræðiprófessors að gjöf, alls 92 kassa og
lauk afhendingu 60 þeirra á árinu.

Ásgeir Svanbergsson ættfræðingur færði
Héraðsskjalasafninu veglega bókargjöf til
viðbótar fyrri gjöf árið 2015.

Á árinu 2019 naut Héraðsskjalasafnið starfs-
krafta frá Bókasafni Kópavogs við að fá bóka-
kost sinn skrásettann í Gegni.

SAMSKIPTI

Vefsíða

Vefsíða Héraðsskjalasafns Kópavogs <https://heradsskjalasafn.kopavogur.is/> hefur verið í nokkurri þróun, bæði var
upplýsingagildi hennar bætt í ýmsum atriðum, en veigamest
er sú viðbót að setja upp skjalavef þar sem birt eru opinber
skjöl er varða Kópavog. Annars vegar þau er hafa nokkra
almenna stjórnsýslulega þýðingu fyrir Kópavog, hins
vegar þau er til almenns gagns og gleði horfa. Skýringar,
samanteknar af starfsmönnum Héraðsskjalasafns Kópavogs,
eru látnar fylgja til að stuðla að skilningi á eðli og samhengi
skjalanna. Var byrjað á að birta stofnaskjöl Kópavogshrepps og
Kópavogsbæjar, sérlæg og bæjarmálasambykktir frá upphafi.

Héraðsskjalaverðirnir í Kópavogi og Árnassýslu halda úti
Skjalavefnum, upplýsingasíðu um skjalavörslumál: www.heradsskjalasafn.is.

SAMSTARF/NÝSKÖPUN

Samstarf við Sögufélag Kópavogs var með hefðbundnum
hætti. Félagið átti sinn sess í dagskrá Safnanætur. Sameiginlegt
aðventukaffi í desember var haldið með því og var vel sótt
og stjórn félagsins fundaði í húsnæði Héraðsskjalasafnsins.
Ritnefnd um Ævintýrið í Sunnuhlíð eftir Ásgeir Jóhannesson,
sögu dvalarheimilisins Sunnuhlíðar sem Sögufélag Kópavogs
stendur að fundaði í húsnæði Héraðsskjalasafnsins.

Gerður var samstarfssamningur fimm héraðsskjalasafna
þ.e. Héraðsskjalasafns Kópavogs, Héraðsskjalasafns
Austur- Skaftafellssýslu, Héraðsskjalasafns Árneseinga,
Héraðsskjalasafns Akraness, Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar
6. mars 2019. Tilgangurinn er að skapa grundvöll fyrir samvinnu
þeirra í faglegum efnum, langtímavarsla rafrænna skjala, og
eftirliti og ráðgjöf. Héraðsskjalasöfnin héldu vinnufund með
sér á Höfn í Hornafirði 6.-8. nóvember og héraðsskjalaverðirnir
eiga reglulega samráðsfundi. Þróun verkferla og efling
starfsmanna með sameiginlegu námskeiðahaldi eru meðal
þess sem unnið er að.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

HÉRAÐSSKJALASAFN KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020



VIÐBURÐIR

Á Safnanótt 2019 voru sýndar kvikmyndir frá ýmsum tímum undir leiðsögn valinkunnra sagnapula undir yfirskriftinni „Þín eigin svipmynd af Kópavogi.“

Myndgreiningarmorgnar voru haldnir 18 sinnum árið 2019 á miðvikudagsmorgnum kl. 10:30. Alls var farið yfir 695 myndir á árinu. Gestakomur á fundina voru 423 eða að meðaltali 23,5 gestir á hvern fund.

Skólaheimsóknir

Nemendur í skjalfræðum við Háskóla Íslands sóttu kynningarfund í Héraðsskjalasafninu haustið 2019 og hefur það verið árviss viðburður í um áratug.

Héraðsskjalasafnið tók þátt í kynningarfundum á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi fyrir nemendur í menningar- miðlun í Háskóla Íslands.

Ekki var um að ræða skipulegar kynningar eða fræðslu fyrir skólabörn á árinu eins og stefnt var að, en einn skólabekkur úr Kársnesskóla sem átti leið hjá með kennara sínum Þóru Marteinsdóttur leit inn og fékk að skoða skjalageymslurnar og gladdi starfsmenn með söng við undirleik þar sem stofuorgelið úr Kópavogsskóla kom í góðar þarfir.

HELSTU VERKEFNI 2020

Framtíðarsýn

Regluleg og fastmótuð skjalavarsla stjórnsýslu, stofnana, ráða og nefnda er forsenda aðgengis að skjölum og lýðræðislegs gagnsæis. Skyldubundnar aðferðir til að ná þessu fram eru skjalavistunaráætlanir og bréfalyklar (málalyklar).

Héraðsskjalasafn Kópavogs mun stuðla að því að koma þessum aðferðum á í samvinnu við forstöðumenn á hverjum stað en þeir eru ábyrgðarmenn skjalavörslu að lögum. Þetta er t.d. frumforsenda þess að nýta stafræna tækni við skjalavörslu.

Aðfangastefnu um einkaskjalasöfn verði framfylgt betur, fræðsla og kynning á tilvist og starfsemi Héraðsskjalasafnsins er mikilvægur þáttur í því að bjarga merkilegum skjölum einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja frá því að glatast.

Samstarf Héraðsskjalasafns Kópavogs við önnur héraðsskjalasöfn er vænleg leið til þess að styðja við þessi áform.

Þjónusta

Enn sem fyrr verður stefnt að því að auka notagildi Héraðsskjalasafnsins fyrir almenning með meiri skráningu og birtingu skráa jafnt yfir skjöl í vörslu þess sem bókakost.

Stefnt er að því að ljúka skráningu minjasafns bæjarins og birta á vef Héraðsskjalasafns Kópavogs á árinu.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Stefnt er að áframhaldandi útgáfu smárita í samvinnu við Sögufélag Kópavogs. Stefnt er að áframhaldandi samvinnu við umhverfissvið Kópavogsbæjar um fræðsluskilti. Einnig að því að halda reglulega fræðslustundir fyrir grunnskólanemendur um starfsemi héraðsskjalasafnsins.

Haldið verður áfram að bæta við birtar myndir á myndavef og fleira verður birt á skjalavef. Jafnframt verður bætt við á vefsíðu upplýsingum fyrir notendur skjala.

Húsnæði og búnaður

Aukið geymslurými er nauðsynlegt til þess að starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs fái þrífist. Leitað verður leiða til lausnar á þeim vanda.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI


LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða	Gestafjöldi 2019
Gestir á Héraðsskjalasafni		1.043
Viðburðir í Héraðsskjalasafni	19	525
- þar af viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	1	100
Fjöldi		
Afhendingar		68
Umfang afhendinga í hillumetrum		31
Afgreiðslur		um 600

FJÁRMÁL 2019 OG ÁÆTLUN 2020

	2019 í þús. kr.	2020 í þús. kr.
Tekjur		
Rekstrartekjur	894	855
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	31.870	41.977
Annar rekstrarkostnaður	16.830	19.487
Rekstrarniðurstaða	47.805	60.609

HÉRAÐSSKJALASAFN KÓPAVOGS

GESTIR ALLS



ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA KÓPAVOGS

Náttúrufræðistofa Kópavogs lauk sínu 36. starfsári 2019. Starfið einkenndist af umfangsmiklum viðburðum í tengslum við 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og innleiðingu á heimsmarkmiðum þeirra hjá Kópavogsbæ. Samstarf Menningarhúsanna í Kópavogi (Bókasafns Kópavogs, Gerðarsafns, Héraðsskjalasafns og Salarins, auk Náttúrufræðistofunnar) var öflugt eins og á síðasta ári og góð mæting er á sameiginlega viðburði sem verðskuldað vekja athygli á stofnununum.

Náttúrufræðistofan starfar í samræmi við stofnskrá sem síðast var endurskoðuð árið 2013. Náttúrufræðistofan er viðurkennt safn á grundvelli safnalaga nr. 141/2011 og reglugerðar nr. 900/2013. Því fylgir réttur til að senda inn styrkumsóknir í safnasjóð, bæði til rekstrar og í skilgreind verkefni. Þá starfar safnið einnig eftir reglum Alþjóðaráðs safna (ICOM). Frá stofnun Náttúrufræðistofunnar hefur stofan gefið út ársskýrslu um starfsemi hvers árs en héðan í frá mun sameiginleg ársskýrsla Menningarhúsanna í Kópavogi innihalda ítarlegri umfjöllun um starf stofunnar, sem gerir sér ársskýrslu óþarfa.

HLUTVERK

Samkvæmt stofnskrá eru aðalhlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs:

- * að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,
- * að safna náttúrufræðilegum gögnum og heimildum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,
- * að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,
- * að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,
- * að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir.

LEIÐARLJÓS

Á Náttúrufræðistofu Kópavogs er rekið þróttmikið rannsókn- og safnastarf með það að leiðarljósi að afla og draga saman þekkingu á sem flestum sviðum náttúrufræða og miðla henni sem víðast. Liður í þeirri viðleitni er að skapa hindrunarlaust aðgengi að náttúrugripasafni stofunnar, óháð þjóðfélagsstöðu, líkamlegri færni og efnahag. Auk hefðbundins safnastarfs er þátttaka í fjölbreyttu viðburðahaldi, þar sem leitast er við að allir finni eitthvað við sitt hæfi til fræðslu eða afþreyingar, órjúfanlegur og vaxandi þáttur í starfseminni.

MARKMIÐ

Meginhlutverk Náttúrufræðistofunnar markast af sviði náttúrufræða og umhverfisverndar (sbr. 3. gr. stofnskrár). Það er meginmarkmið í starfsemi Náttúrufræðistofunnar að safnið verði öllum opið, aðgengilegt og gagnlegt almenningi. Safngestir njóti heimsóknar á safnið sem best og upplifi það sem þeir sækjast eftir. Á næstu misserum verður unnið að því að efla upplýsingamiðlun í gegnum margmiðlun og afþreyingu. Einnig verður áfram unnið að því að rækta samstarf við öll skólastig í Kópavogi og finna nýja samstarfsmöguleika. Áfram verður unnið að því að halda úti öflugum rannsóknarstarfi Náttúrufræðistofunnar á sviði vatnavistfræði. Almennt er viðurkennt að rannsóknarstarfsemi efli faglegt starf safna með margvíslegum hætti.

STARFSEMI 2019

Opnunartími og aðgangseyrir

Sýningarsalir Náttúrufræðistofunnar voru opnir almenningi sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 8–18

Föstudaga og laugardaga kl. 11–17

Aðgangur að safninu var ókeypis eins og verið hefur frá upphafi, en safnabæklingur á ensku var seldur á kr. 500,-.

GESTIR

Árið 2019 er áætlað að 26.243 gestir hafi heimsótt safnið og eða tekið þátt í viðburðum og fræðsluverkefnum á vegum Náttúrufræðistofunnar, en það er 37% fjölgun frá fyrra ári. Framkvæmd fræðsluverkefna fór, eftir atvikum, annað hvort fram á Náttúrufræðistofunni sjálfri eða í viðeigandi skóla, en var þó ávallt undir stjórn verkefnastjóra stofunnar. Eins fólu sum hinna stóru, langtíma fræðsluverkefna í sér marga mismunandi viðburði og fræðslu. Hvað safngestina varðar er áréttað að ekki er um nákvæma talningu að ræða þar sem ekki er höfð föst viðvera starfsmanns í anddyri hússins frá opnun á morgnana og fram til kl. 17, en fjöldi almennra gesta hefur verið áætlaður út frá talningum í styttri tíma. Einnig er stuðst við heimsóknir á laugardögum. Á laugardögum er safnvarsla allan opnunartímann og er þá samfelld talning. Árið 2018 komu um 3.700 gestir á laugardögum en árið 2019 voru þeir um 3.550.

Erlendir ferðamenn

Erlendir ferðamenn virðast hafa verið eitthvað færri 2019 heldur en árið á undan. Áætlunin hljóðar uppá 857 ferðamenn, grunur er um að þar séu einhver vanhöld á áætluninni.

Fjölmennig

Eftir fremsta megni er reynt að taka á móti nýbúum eins og öðrum gestum á Náttúrufræðistofuna. Bæklingur hefur verið til á ensku sem leiðsegir gestum í gegnum sýningarnar. Starfsmenn verða líka varir við það að notkun á farsímum er nokkuð algeng og gestir verða sér úti um upplýsingar í gegnum snjalltæki. Stefnt er að því að aukinn rafrænn aðgangur að upplýsingum í tengslum við sýningarnar verði aðgengilegur í sýningarsölunum í náinni framtíð.

STARFSMANNAMÁL

Á árinu störfuðu fimm fastir starfsmenn á Náttúrufræðistofunni í 4,7 föstum stöðugildum. Að auki var sumarstarfsmaður ráðinn til afleysinga og tveir voru verkefnaráðnir. Unnin stöðugildi árið 2019 voru 5,89 en stöðugildi umfram hin föstu eru tengd útseldum rannsóknarverkefnum og sumarafleysingum.

Kristín Harðardóttir lét af störfum hjá Náttúrufræðistofunni í lok mars 2019 eftir sex ára starf. Í hennar stað kom Grétar Guðmundsson, M.Sc. líffræðingur. Grétar hóf störf í júlí 2019 og er í 75% stöðu.

Sí- og endurmenntun

Á hverju ári sækja starfsmenn málþing og ráðstefnur en árið 2019 hófst með kynnisferð á söfn í Stokkhólmi. Ferðin var farin í tengslum við vinnu við endurhönnun á grunnsýningum Náttúrufræðistofunnar. Heimsótt voru sex mismunandi söfn þótt flest væru á sviði vísinda og tækni. Þar kynntist starfsfólk mismunandi leiðum í uppsetningu sýninga og framsetningu á kynningarefni.

Dagana 30. september – 1. október sótti Ríkey Hlín Sævarsdóttir barnamenningar-ráðstefnuna International Children's Culture Forum 2019 í Tampere í Finnlandi ásamt Soffíu Karlsdóttur, forstöðumanni menningarmála Kópavogsbæjar, Ólöfu Breiðfjörð, verkefnastjóra barnamenningar hjá Menningarhúsunum og Lísu Z. Valdimarsdóttur, forstöðumanni Bókasafns Kópavogs.

Dagana 2. og 3. október stóðu Haf-rannsóknastofnun og Mátis saman að málþingi um möguleika á notkun svokallaðs umhverfiserfðaeftnis (eDNA) við rannsóknir og vöktun á stofnum lífvera í náttúrunni. Finnur Ingimarsson og Grétar Guðmundsson sóttu þetta þing.

Dagana 17.–19. október fór fram ein stærsta líffræðiráðstefna sem haldin er hérlendis af Líffræðifélagi Íslands og Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Þar var kynnt veggspjald með niðurstöðum Náttúrufræðistofunnar og samstarfsmanna hennar á hitabreytingum í Þingvallavatni.

Félagsstörf

Haraldur Rafn Ingvason hefur setið í stjórn og samninganefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) undanfarin ár og Stefán Már Stefánsson hefur gegnt hlutverki trúnaðarmanns FÍN fyrir starfsmenn Náttúrufræðistofunnar, Heilbrigðisefirlits Kópavogs og Hafnarfjarðar og Hjartaverndar. Að auki átti Náttúrufræðistofan fulltrúa í stjórn og nefndum Starfsmannafélags Menningarhúsanna.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Náttúrufræðistofa Kópavogs er ásamt Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni, Salnum og Héraðsskjalasafni eitt af Menningarhúsum Kópavogs. Náttúrufræðistofan er til húsa að Hamraborg 6a ásamt Bókasafni Kópavogs. Grunnflötur hússins er um 900 m². Öll starfsemi Náttúrufræðistofunnar er á jarðhæð og tilheyrar stofunni um 700 m². Þá deilir Náttúrufræðistofan þremur margmiðlunar- og fundarsölum með Bókasafni Kópavogs og einnig kaffistofu starfsfólks á 3. hæð. Náttúrufræðistofan er vel búin tækjum. Á rannsóknarstofu eru þrjár hágæða víðsjár og ein af eldri gerð. Ein hágæða smásjá er tiltæk en öll hágæða stækkunartækin eru af Olympus gerð og hægt er að tengja á þau teiknitúbu og myndatökubúnað. Allur búnaður til sýnatöku á líffræðilegum sýnum í stöðuvötnum og ám er til staðar sem og mælinga á eðlisfræðilegum þáttum. Hefur Náttúrufræðistofan yfir að ráða tveimur plastbátum sem eru í sameign með fleiri aðilum. Að auki eru til tveir litlir gúmmí-bátar. Allir bátarnir eru búnir utanborðsmótorum. Skrifstofubúnaður er til staðar og tölvubúnaður er þjónustaður af UT-deild Kópavogsbæjar.

Innkaup

Flest innkaup eru smá í sniðum en ávallt er leitað hagstæðra verða. Fyrir stærri hluti er leitað útboða og þá oftast í samvinnu við stoðdeildir Kópavogsbæjar.

Vörslusamningur

Náttúrufræðistofan og Bókasafnið eiga saman frumrit af Íslandskorti sem gefið var út í Hollandi árið 1580 og er kortagerðin eignuð Guðbrandi Hólabiskupi. Er kortið varðveitt við viðurkenndar aðstæður á listaverkasafni Gerðarsafns.

Endurbætur

Á árinu var ráðist í að endurnýja gólfefni á fyrstu hæð Hamraborgar 6a þar sem steinteppi hefur verið frá upphafi. Flotað var yfir steinteppið og gólfdukur settur ofan á. Var þetta gert í anddyrinu, á svæði Bókasafns Kópavogs og inn jarðfræðigang Náttúrufræðistofunnar, en á grundvelli sýningarlegrar umgjarðar um líffræðisýninguna var steinteppið látið halda sér í vöndarhúsinu.

SAFNEIGN/SAFNKOSTUR

Þrjár helstu sýningadeildir Náttúrufræðistofunnar eru lindýra-, fugla- og jarðfræðideild. Aðrar sýninga- og safneiningar eru krabbadýr og skrápdyr. Að auki eru til sýnis uppstoppuð spendýr og í fimm stórum fiskabúrum eru lifandi sjávar- og ferskvatnsfiskar, hryggleysingjar og vatnplöntur. Í anddyri er fræðsluhorn um hvali þar sem til sýnis er beinagrind af háhyrningi. Sú breyting varð 2019 að sýningu á lifandi grænþörungum sem kallast kúluskítur og fannst í Mývatni lauk. Ástæðan er sú að sýningareintökin voru orðin öldruð og ekki sýningarhæf. Breytingar sem orðið hafa í Mývatni hafa leitt til þess að kúluskítur finnst þar ekki lengur og því var ekki hægt að endurnýja eintökin.

Verk í almenningsrými og stofnunum

Að jafnaði eru munir Náttúrufræðistofu geymdir í geymslum hennar. Það gerist reglulega að falast er eftir munum til láns í tengslum við viðburði. Myndlistarskóli Kópavogs hefur verið nokkuð reglulegur lánþegi og um nokkurt skeið hafa nokkrir fuglar verið til láns í Hörðuvallaskóla.

Stafræn og rafræn gögn

Í tengslum við endurskoðun og úttekt á safngripaskráningum Náttúrufræðistofunnar er unnið að því að safna ljósmyndum af hverjum grip. Er þessi vinna komin af stað varðandi jarðfræðigripi. Eftir er að ákveða hvernig þetta verður framkvæmt fyrir líffræðigripi.

Gjafir

Á árinu 2019 bárust Náttúrufræðistofunni nokkrir nýir gripir. Steinn sem er jaspis í grunninn en í bland við hann eru kristallar af aragoníti. Er þetta því allsérstæður steinn.

SAMSKIPTI

Kynningarmál

Umsjón með kynningarmálum Náttúrufræðistofunnar var í höndum Haraldar Rafns Ingvasonar og Ríkeyjar Hlínar Sævarsdóttur. Íris María Stefánsdóttir var ráðin sem kynningar- og markaðsstjóri hjá Menningarhúsunum og er hún Náttúrufræðistofu innan handar með þessi mál. Náttúrufræðistofan hefur einnig haldið úti Facebook-síðu þar sem miðlað hefur verið upplýsingum um viðburði á vegum stofunnar sem og sameiginlegum viðburðum Menningarhúsanna. Þar hefur einnig verið deilt efni, náttúrufræðilegs eðlis, sem vafrað hefur um heima þessa samfélagsmiðils. Á árinu birtust einnig reglulega greinar og fréttir af viðburðum og verkefnum Náttúrufræðistofunnar, sem og samstarfsverkefnum Menningarhúsanna, í dagblöðum og bæjarblöðum á borð við Kópavogspóstinn og Kópavogsblaðið, en einnig á öðrum miðlum.

Vefsíða

Um allmörg ár hefur Náttúrufræðistofan haldið úti heimasíðu. Eru helstu fréttir af starfinu birtar þar sem og af samstarfi og viðburðum Menningarhúsanna. Þar hefur líka safnast margvíslegur fróðleikur um náttúru Íslands og lengi var þetta helsta síða á Íslandi með slíkum fróðleik.

Samfélagsmiðlar

Síðustu ár hefur Náttúrufræðistofan haldið úti Facebook-síðu þar sem viðburðir eru kynntir. Einnig er miðlað þangað efni náttúrufræðilegs efnis sem finnst vafrandi um heima samfélagsmiðlanna og þykir fróðlegt og skemmtilegt.

Fjölmíðlar

Greinar og fréttir af viðburðum og verkefnum Náttúrufræðistofunnar, sem og samstarfsverkefnum Menningarhúsanna, birtast reglulega í dagblöðum og bæjarblöðum á borð við Kópavogspóstinn og Kópavogsblaðið, sem og á öðrum miðlum.

Útgáfa

Árlega eru gefnar út skýrslur með niðurstöðum rannsókna sem Náttúrufræðistofan stundar eða vinnur fyrir utanaðkomandi aðila.

Einnig birtust tvær greinar í alþjóðlegum tímaritum. Önnur var um niðurstöður rannsókna á kransþörungaflóru íslenskra vatna en hin um útbreiðslu á ákveðnum hópi krabbadyra, skelkrebba (Ostracoda) í vatnakerfum á Íslandi. Annars er ritaskráin eftirfarandi:

Haraldur R. Ingvason, Kristín Harðardóttir, Stefán Már Stefánsson, Þóra Hrafnadóttir og Finnur Ingimarsson 2019. *Lífriki Silungatjarnar, Krókatjarnar og Selvatns árið 2016*. Náttúrufræðistofa Kópavogs. Fjölrit nr. 1-2019. 40 bls.

Haraldur R. Ingvason, Finnur Ingimarsson og Stefán Már Stefánsson 2019. *Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns Gagnaskýrsla fyrir árið 2018 Verkpáttur nr. 2: Lífríki og efna- og eðlisþættir í vatnsbol*. Náttúrufræðistofa Kópavogs. Fjölrit nr. 2-2019. 21 bls.

Jovana Alkalaj, Thora Hrafnadóttir, Finnur Ingimarsson, Robin J. Smith, Agnes-Katharina Kreiling and Steffen Mischke 2019. *Distribution of Recent non-marine ostracods in Icelandic lakes, springs and cave pools*. Journal of Crustacean Biology. doi.org/10.1093/jcabiol/ruz008.

Thora Hrafnadóttir, Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason, Stefan Mar Stefansson, Eva G. Þorvaldsdóttir, Hilmar J. Malmquist and Anders Langangen 2019. *New finds of charophytes in Iceland with an update on the distribution of the charopyte flora*. Nordic Journal of Botany. doi: 10.1111/njb.02111. 11 bls.

SAMSTARF / NÝSKÖPUN

Auk fjölbreytts samstarfs Náttúrufræðistofu og hinna Menningarhúsanna í Kópavogi gekk stofan einnig í samstarf við Borgarsögusafn á árinu varðandi viðburðahald á Barnadeginum í Viðey. Er því verkefni gerð nánari skil á öðrum stað í skýrslunni.

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR 2019

Árlega eru nokkrar skammtímasýningar settar upp í anddyri Náttúrufræðistofunnar. Árið 2019 voru þær færri en oft áður, en áætlaðar framkvæmdir við gólfefnaskipti á anddyrinu drógust á langinn. Í janúar var haldin sýningin Tíðarandi í teikningum en það var samstarfsverkefni með Bókasafni Kópavogs og Menntamálastofnun. Á sýningunni gaf að líta teikningar valinkunnra listamanna sem skreyttu íslenskar námsbækur á 20. öld og eru í eigu Menntamálastofnunar. Sýningarstjóri var Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir.

Í tengslum við Barnamenningarhátíð var efnt til samstarfs við valda leikskóla í Kópavogi með verkefninu Fuglar & fjöll. Verkefnið fól í sér fjölbreytta fræðslu og verkefnavinnu með leikskólabörnunum og var afraksturinn síðan settur upp á samnefndri teikninga- og skúlptúrasýningu á Náttúrufræðistofunni í apríl.

Í júlí opnuðu tvær litlar sérsýningar, annars vegar á Íslandkorti Björns Gunnlaugssonar og hins vegar á jarðfræðikortum Þorvaldar Thoroddsen. Frumrit þessara korta eru í eigu Náttúrufræðistofunnar en einnig eigum við sýningareintök sem tekin voru fram. Þá var í tilefni af sumrinu sett upp sýning á dúnungum nokkurra fuglategunda sem finnast á Íslandi. Fékk sýningin nafnið Þetta er ungt og leikur sér.

Þann 12. september bar svo við að sýningu lauk á hinu sérstæða lífformi er nefnt hefur verið kúluskítur, en þetta er þörungur sem einkum hefur fundist í Mývatni. Er þar um afar sjaldgæft kúlulaga vaxtarform grænþörungisins *Aegagrophila linnei* að ræða en það hefur horfið úr Mývatni. Því var ekki hægt að endurnýja öldruð eintök sem farin voru að láta á sjá, en sýningin var formlega opnuð þann 4. desember 2004.


Laugardaginn 28. september tók Náttúrufræðistofan þátt í hinni árlegu Vísindavöku RANNÍS. Þar kynna hinar ýmsu rannsóknarstofnanir rannsóknir sínar og starfsemi. Náttúrufræðistofan kynnti niðurstöður vöktunar á Reykjavíkurtjörn, börn gátu glímt við þrautina Er lífið flókið?, þar sem lífverum voru fundin heimkynni, og með smásjártækni voru vatnalífverur gerðar sýnilegar á sjónvarpsskjá.

Þann 20. nóvember, á Alþjóðlegum degi barna og 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, opnaði sýningin Pláneta A sem var afrakstur umfangsmikils umhverfis- og loftslagsverkefnis með nemendum 8. bekkja grunnskóla Kópavogs. Sýningin stóð fram að byrjun aðventu, vakti mikla athygli og dró að sér um 1.150 gesti.

ENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020



Dagskrá Menningarhúsanna

Menningarhúsin standa sameiginlega að vikulegri viðburðadagskrá, Menningu á miðvikudögum, sem felst í fræðsluerindum eða afþreyingu í hádeginu á hverjum miðvikudegi yfir vetrartímann. Þá er staðið fyrir viðburðaliðnum Fjölskyldustundum á laugardögum eftir hádegi hvern laugardag þar sem fjölskyldunni býðst að taka þátt í ýmsum verkefnum og smíðjum. Á árinu bættist síðan viðburðaliðurinn Foreldramorgnar við fyrrnefnda sameiginlega dagskrá Menningarhúsanna, sem húsin skiptast á að skipuleggja og halda. Gestir þeirra viðburða sem Náttúrufræðistofan stóð fyrir undir þessum dagskrárlíðum töldust vera alls 1293; 191 í Menningu á miðvikudögum (alls 9 viðburðir), 1102 á Fjölskyldustundum á laugardögum (alls 12 viðburðir) og 0 á Foreldramorgnum (alls 1 viðburður).

Aðrir sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna sem Náttúrufræðistofan átti hlutdeild í, en féllu ekki undir framantalda viðburðaliði, voru Safnanótt (8. febrúar), uppskerudagur Barnamenningarhátíðar (13. apríl), hátíðahöld á Þjóðhátíðardaginn (17. júní), sumarnámskeið Menningarhúsanna (12.-16. ágúst), haustfrí grunnskóla (21.-22. október), hátíðardagskrá á Alþjóðlegum degi barna/Barnasáttmálageginum (20. nóvember) og Aðventuhátíð Kópavogs (30. nóvember).

SKÓLAHEIMSÓKNIR

Á árinu komu alls 4.063 nemendur í 163 hópum frá leik-, grunn- og framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu í heimsókn á Náttúrufræðistofuna eða tóku þátt í fræðsluverkefnum á vegum hennar. Er þetta töliverð fjölgun frá síðasta ári þegar þessi hópur taldi 2.540 gesti í 118 hópum. Flestir skólahópar koma úr leik- og grunnskólum Kópavogs, en einnig er góð aðsókn frá skólum í sveitarfélögnum í kring. Hóparnir fengu annað hvort leiðsögn um safnið eða tóku þátt í þeim fræðsluverkefnum sem fjallað er um í kaflanum hér að aftan. Að auki hefur það verið fastur liður hjá nokkrum framhaldsskólum að nemendur leysa verkefni frá skólakennara á safninu. Fá þeir gjarnan stimpil stofunnar á verkefnið sem staðfestir að það hafi verið unnið á safninu. Slíkar heimsóknir eru ekki bókaðar sem hópar en lenda inni í almennum heimsóknum. Árið 2019 komu 3 erlendir skólahópar með alls 77 nemendur í heimsókn á safnið. Tveir hópanna samanstóðu af framhaldsskólanemendum frá Danmörku en sá þriðji var hópur heiðursnemenda frá Western Illinois University í Bandaríkjunum. Er þar nokkur fækkun frá fyrra ári en þá voru hóparnir óvenju margir, eða 8 talsins, með tæplega 200 nemendum. Ekki hefur verið markaðssett sérstaklega fyrir erlenda skólahópa né ferðamenn en finna má Náttúrufræðistofuna í gegnum smáforrit og vefsetur á borð við visitreykjavik.is, beiceland.is, nat.is, tripadvisor.com og lonelyplanet.com.

Fræðsla

Undir hatti Menningar fyrir alla; sameiginlegar fræðsludagskrár Menningarhúsanna fyrir nemendur leik- og grunnskóla, stóð Náttúrufræðistofan fyrir tveimur stórum fræðsluverkefnum á árinu: Í janúar og febrúar var nemendum 4. bekkja boðið í heimsókn á stofuna þar sem þeir fræddust um stærðir dýra, lífríkisrannsóknir og fjölbreyttan heim kristalla og steina. Rúmlega 360 nemendur tóku þátt í verkefninu. Á aðventunni tóku síðan 260 leikskólabörn þátt í fræðsluverkefninu Komdu kisa mín: Af jólakettinum og öðrum kattategundum þar sem sagt var frá jólakettinum og fleiri kynjaköttum í samstarfi við Bókasafn Kópavogs.

Á haustdögum kom út nýr dagskrárbæklingur Menningar fyrir alla fyrir skólaárið 2019/2020 og þann 12. september tók verkefnastjóri Náttúrufræðistofu, ásamt öðrum verkefnastjórum Menningarhúsanna, þátt í menningarmessunni Innblæstri í skóla- og frístundastarfi á Kjarvalsstöðum. Fjölmargar menningar- og fræðlustofnanir á höfuðborgarsvæðinu kynntu þar fræðsludagskrá sína fyrir komandi skólaár og var messan bæði fjölmenn og vel heppnuð.

Tvö önnur viðamikil fræðsluverkefni sem leidd voru af Náttúrufræðistofu litu dagsins ljós á árinu; Fuglar & fjöll og Pláneta A. Í aðdraganda Barnamenningarhátíðar tóku um 110 leikskólabörn í fjórum leikskólum bæjarins þátt í langtímaverkefninu Fuglar & fjöll, en fyrstu skref þess verkefnis voru tekin í árslok 2018. Verkefnastjórar Náttúrufræðistofu og Menningarhúsanna héldu utan um fjölbreytta fræðslu og verkefnavinnu með börnunum, bæði á Náttúrufræðistofunni sjálfri sem og í leikskólunum.

Á Barnamenningarhátíð var afrakstur verkefnisins settur upp á sýningu á Náttúrufræðistofunni, en að auki var 180 nemendum í 1. og 2. bekk grunnskóla bæjarins boðið í fræðsluheimsóknir og smíðjur á stofuna, sem byggðar voru á verkefninu Fuglar & fjöll, meðan á hátíðinni stóð. Í kjölfar hátíðarinnar héldu verkefnastjórar kynningu í maímánuði fyrir fjölþjóðlegan hóp leikskólakennara á vegum Erasmus-verkefnisins þar sem samstarfsverkefnið Fuglar & fjöll var kynnt, auk hugmyndafræði og framkvæmd Barnamenningarhátíðar í Kópavogi og helstu áhersla í starfi Menningarhúsanna. Mjög góður rómur var gerður að kynningunni og því faglega fræðslustarfi sem hér fer fram.

Umhverfis- og loftslagsverkefninu Plánetu A var hleypt af stokkunum á haustönn, en ráðist var í það af tilefni Alþjóðlegs dags barna og 30 ára afmælis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Um 450 nemendur í 8. bekkjum grunnskóla bæjarins tóku þátt í verkefninu en umsjón þess var í höndum Ríkeyjar Hlínar Sævarsdóttur, verkefnastjóra á Náttúrufræðistofu, og Sævars Helga Bragasonar, jarðfræðings og vísindamiðlara. Verkefnið var umfangsmikið og fól bæði í sér vandaðar fræðsluheimsóknir í þátttökuskólanna sem og verkefnavinnu. Niðurstöðum verkefnisins voru gerð góð skil á samnefndri sýningu sem opnuð var við hátíðlega athöfn á sjálfan Barnasáttmálaginn.



MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

RANNSÓKNASTARF

Forgangsvöktun Umhverfisstofnunar

Í upphafi árs tók Umhverfisstofnun fyrstu skref í vöktunar-áætlun á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Er það viðamikil áætlun um vöktun á vatnshlotum Íslands með sama hætti og gert er í Evrópu. Fyrsta skrefið var að hefja vöktun ákveðinna þátta í lífríki Mývatns. Annað skrefið var að hefja forgangsefnavöktun á nokkrum völdum vatnshlotum í kring um landið og tók Náttúrufræðistofan þátt í því með samningi við Umhverfisstofnun. Fólst í því umsjón með sýnatöku úr Þingvallavatni, Reykjavíkurtjörn og Elliðaárvgi en einnig bættist Kópavogslækur við. Tekin voru sýni einu sinni í mánuði til mælinga á s.k. forgangsefnum en það er allstór hópur mengandi efna frá margháttaðri starfsemi mannsins. Næstu skref eru að hefja vöktun á líffræðilegum þáttum í lífríki Þingvallavatns og mun Náttúrufræðistofan taka þátt í þeirri vinnu.

Þingvallavatn

Rannsóknastarf Náttúrufræðistofunnar hefur verið á sviði ferskvatnsvistfræði allt frá árinu 1992. Frá árinu 2007 hefur vöktunarverkefni á lífríki, efna- og eðlisfræði Þingvallavatns verið hryggjarstykki í rannsóknastarfinu. Verkefnið er unnið á grundvelli samstarfs Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Umhverfisstofnunar, Þingvallapjóðgarðs og Bláskógabyggðar um þessa vöktun. Á árinu 2019 gekk Umhverfisstofnun út úr samstarfinu þar sem stofnunin er að hefja vöktun vatnshlota á landsvísu á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Samstarfsaðilar hafa samþykkt að halda vöktuninni áfram og gekk Grímsnes- og Grafningshreppur inn í samstarfið. Meginmarkmið vöktunarinnar er að kortleggja ástand og fylgjast með breytingum sem kunna að verða á lífríki og efna- og eðlisþáttum í vatnsbol Þingvallavatns vegna hugsanlegra álagsþátta, þ.a.m. vegna mengunar og hlýnandi loftslags. Rannsóknir Náttúrufræðistofunnar taka til lífríkis og efna- og eðlisþátta í vatnsbol vatnsins. Fylgst er með magni þörunga og smádýra í svifi og ástandi á hrygningarstofni murtunnar. Einnig eru breytur á borð við vatnshita, sýrustig, sjóndýpi og rafleiðni mældar. Jarðvísindastofnun HÍ sér um mælingar á næringarefnum í innrennsli og útfalli vatnsins. Þá hefur Náttúrufræðistofan verið í samstarfi við Gunnar Stein Jónsson þörungafræðing um athuganir á svifþörungum í vatninu.

Þingvallavatn - strandbotn

Á árinu 2019 fékkst styrkur úr Verkefnasjóði Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til áframhaldandi úrvinnslu á sýnum af strandbotni Þingvallavatns sem tekin voru 2017. Tilgangurinn er að gera samanburð á lífríki þessa búsvæðis nú, við rannsóknir sem gerðar voru á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Tekin voru sýni á þremur dýptarsniðum og sex mismunandi dýpum, þeim sömu og sýni voru tekin á í fyrri rannsóknum. Með þessum rannsóknum er hægt að byggja undir frekari vöktun á lífríki vatnsins sem stefnt er að í fyrrnefndri vöktun Umhverfisstofnunar.

Elliðaár

Frá árinu 2011 hefur Náttúrufræðistofan séð um vöktun á smádýrum á botni Elliðaárna. Er það gert samkvæmt samningi við Stangaveiðifélag Reykjavíkur, en félagið hefur umsjón með ánum fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fylgjast með ástandi vistkerfisins í gegnum samfélög hryggleysingja í vatnakerfinu. Þannig er stuðlað að því að hægt sé að átta sig á og bregðast við utanaðkomandi álagi og þar með verndun þessarar laxveiði- og útivistarperlu innan borgarmarkanna. Niðurstöðum er skilað í árlegri skýrslu til Stangaveiðifélagsins.

Reykjavíkurtjörn

Áframhald hefur verið á vöktun á lífríki Reykjavíkurtjarnar sem hófst með rannsókn sem gerð var árin 2015 og 2016. Tekin hafa verið sýni af hornsílum og krabba- og þyrildýrum sem finnast í tjörnum Vatnsmýrarinnar en einnig var útbreiðsla og tegundasamsetning gróðurs könnuð. Er þetta sjálfstæður hluti af nokkuð ítarlegri vöktun á lífríki Vatnsmýrarinnar. Samningur um verkefnið náði til ársins 2019 en vonir standa til þess að áframhald verði á þessari vöktun.

Vötn á Miðdalsheiði

Að beiðni og í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hafa verið gerðar umhverfis-úttektir á vötnum á eftirlitssvæði heilbrigðiseftirlitsins. Árið 2016 hófst úttekt á völdum vötnum á Miðdalsheiði í Mosfellsbæ, Silungatjörn, Krókatjörn og Selvatni. Öll eru vötnin upp af Miðdal í Mosfellsbæ og öll eiga þau það sameiginlegt að allnokkur sumarhúsabyggð er í kringum vötnin. Unnið hefur verið að þessu verkefni undanfarin ár en því lauk á árinu 2019 og var gefin út skýrsla með niðurstöðum í lok árs.

Melrakkaslétta

Á eyðibýlinu Rifi á Melrakkaslettu hefur verið starfrækt rannsóknarstöð frá árinu 2014 sem beinir sjónum að vistkerfum norðurslóða. Um sjálfseignarstofnun er að ræða en hún var stofnsett með aðkomu Byggðastofnunar, sveitarfélagsins Norðurbings, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Háskólans á Akureyri sem og heimamanna. Helsta hlutverk hennar er að skapa aðstöðu fyrir vísindamenn sem hug hafa á rannsóknum á norðurslóðum (arctic ecosystems), en svæðið nær norður undir heimskautsbaug. Stöðin er aðili að alþjóðlegu samstarfi á norðurslóðum og ein þriggja stöðva sem hefja innleiðingu og prófun á CBMP vöktunaráætlun á vegum CAFF-samstarfsins (Conservation of Arctic Flora and Fauna). Vilji hefur verið hjá aðstandendum stöðvarinnar til að hefja vöktun á sem flestum þáttum er lúta að vistkerfum svæðisins. Náttúrufræðistofa Kópavogs hefur komið með ráðgefandi hætti að áætlunum um vöktun á lífríki í vötnum á svæðinu í samstarfi við Vatnavistfræðisvið Hafrannsóknastofnunar. Áætlað er að vöktunarverkefni fari í gang árið 2020.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020



Þjónusta

Þjónusta Náttúrufræðistofunnar er í formi sýningarhalds og fræðslu um náttúru Íslands fyrir nemendur, kennara og almenning. Frá upphafi hefur verið tekið á móti gestahópum í skipulögðum heimsóknum og þeim veitt leiðsögn um safnið. Leiðsagnir eru í höndum starfsmanna stofunnar og eru það einkum skólahópar af öllum skólastigum sem sækja í þessa þjónustu, líkt og að framan greinir. Að auki hefur orðið mikil aukning í fjölda og umfangi margvíslegra fræðsluverkefna sem stofan stendur fyrir, oft í samvinnu við Menningarhúsin. Hægt er að snúa sér til Náttúrufræðistofunnar til að fá greiningu á skordýrum og nýtir almenningur það í nokkrum mæli, ásamt því að fá ráðgjöf um viðbrögð sé um meindýr að ræða. Einnig koma meindýraeyðar með efnivið til greiningar. Þá er nokkuð um tilkynningar varðandi fugla sem fólk þekkir ekki, auk almennra fyrirspurna um náttúrufræðileg málefni. Einnig eru stundaðar rannsóknir á sviði ferskvatnsvistfræði. eru þessar rannsóknir bæði að frumkvæði Náttúrufræðistofunnar og útseld þjónusta til utanaðkomandi aðila.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Sem fyrr leggur Náttúrufræðistofan áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf auk viðburða- og sýningahalds þar sem margvíslegum fróðleik um náttúru Íslands er miðlað til nemenda og almennings á spennandi og lifandi hátt. Þessum hluta af starfsemi stofunnar hefur vaxið mjög fiskur um hrygg síðustu misserin og kemur þar m.a. til aukið samstarf við Menningarhúsin og aukning í sameiginlegri viðburða- og fræðsludagskrá húsanna. Með tilkomu nýs stöðugildis verkefnastjóra viðburða og fræðslu hjá Náttúrufræðistofunni hefur áhersla aukist á þessum hluta starfsemi stofunnar.

Rannsóknarstarf

Rannsóknarstarfið skiptist í tvennt. Annars vegar vöktunarverkefniserutillengritímaogsvohinsvegartilfallandiúttektir sem oft eru í tengslum við tilteknar framkvæmdir. Vöktunarverkefnineruþrjúsemígangieru en þautengjast Þingvallavatni, Elliðaám og Reykjavíkurtjörn og þar hafa verið árlegar sýnatökur. Nýtt vöktunarverkefni er að hefjast sem unnið er fyrir Umhverfisstofnun og er á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Þar koma til verkefni á næstu árum sem verða á nokkurra ára fresti en Náttúrufræðistofan tengist helst vöktun Þingvallavatns. Framtíðarsýn rannsóknarstarfsins er því nokkuð góð fyrir árið 2020 sem og næstu ár. Vert er að leggja áherslu á mikilvægi þess að vakta mikilvæga þætti í umhverfi okkar til þess að við getum með markvissum hætti fylgst með heilsufari þess í umbreytingum tímans.

Húsnæði og búnaður

Náttúrufræðistofan er til húsa að Hamraborg 6a ásamt Bókasafni Kópavogs. Grunnflötur hússins er um 900 m². Öll starfsemi Náttúrufræðistofunnar er á jarðhæð og tilheyrir stofunni um 700 m². Þá deilir Náttúrufræðistofan þremur margmiðlunar- og fundarsölum með Bókasafni Kópavogs og einnig kaffistofu starfsfólks á 3. hæð. Aðstöðutilgeymsluájarðfræðimunum, vísindasýnum, tólum og tækjum hefur Náttúrufræðistofan á jarðhæð í safnaðarheimili Kópavogskirkju, alls um 100 m². Í Hamraborg 6a eru geymslur fyrir skjöl og líffræðimuni.

Markaðs- og kynningarmál

Náttúrufræðistofan stefnir á að auka enn sýnileika, fræðslu og upplýsingagjöf á samfélagsmiðlum og heimasíðu í samstarfi við kynningar- og markaðsstjóra Menningarhúsanna, m.a. með innleiðingu nýrra miðla á borð við Instagram.

Framtíðarsýn

Megin framtíðarsýn Náttúrufræðistofu er að miðla fróðleik um náttúru Íslands til almennings. Mikilvægi þess að allir hafi grunnþekkingu á umhverfi sínu stuðlar að skynsamlegri umgengni okkar og viðheldur gæðum í náttúru landsins. Á Náttúrufræðistofu eru einnig skapaðar aðstæður fyrir kennara á mismunandi skólastigum til að koma námsefni til nemenda á spennandi hátt.


MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða	Gestafjöldi 2019
Gestir á Náttúrufræðistofu		26.243
Viðburðir í Náttúrufræðistofu	38	5.437
- þar af viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	30	4.470
Skólaheimsóknir	163	4.063
- þar af Menning fyrir alla	28	623
		Fjöldi
Útgefin verk		4
Safnkostur		7.000

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA KÓPAVOGS

FJÁRMÁL 2019 OG ÁÆTLUN 2020	2019 í þús. kr.	2020 í þús. kr.
Tekjur		
<i>Rekstrartekjur</i>	20.480	16.167
Gjöld		
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	59.807	56.581
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	34.962	30.668
Rekstrarniðurstaða	74.289	71.082

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020





Stofnanir sviðsins

SALURINN

HLUTVERK

Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi. Sem og að eiga sem best samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum, einkum við höfunda og flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Salarins, sem eitt flaggskipa Kópavogsbæjar, er að vera miðstöð tónlistar þar sem allir samfélagshópar eru velkomnir. Hlúð sé að tónlistarmönnum, tónlistarflutningi og nýsköpun í tónlist þannig að börn, unglingar og fullorðnir líti á Salinn sem stað sem gaman sé að heimsækja til að upplifa góðar stundir.

MARKMIÐ

Stefnan er tekin á að:

- * Þjóða upp á metnaðarfullar tónleikaraðir með afburða tónlistarmönnum.
- * Þjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti.
- * Efla barna- og fræðslustarf svo að húsið verði lifandi stofnun í samfélaginu um leið og aldar eru upp næstu kynslóðir tónlistarunnenda.
- * Stuðla að frumsköpun í tónverkagerð.
- * Ná til sem breiðasta hóps samfélagsins.

STARFSEMI 2019

Opnunartími

Miðasala Salarins er opin þriðjudaga til fimmtudaga kl. 12:00 – 16:00 og klukkutíma fyrir viðburð. Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 10:00 – 17:00.

Lokað er í Salnum í júlí vegna sumarleyfa starfsmanna.

Þjónusta

Ríflega þrjátíu þúsund gestir sóttu Salinn heim á 220 viðburði. Starfsmenn Salarins leitast við að veita samstarfsfólki Salarins, hvort heldur um tónlistarmenn, tónleikahaldara, ráðstefnuhaldara eða tónleikagesti er að ræða, góða og persónulega þjónustu.

Starfsmannamál

Þrjú föst stöðugildi eru í Salnum sem eru forstöðumaður, tæknimaður og móttökuritari auk þess sem átta tímastarfsmenn starfa í miðasölu og veitingasölu í kringum viðburði.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Á árinu var ráðist í að setja upp auglýsingaskjái í anddyri Salarins sem annars vegar snúa út til gangandi vegfarenda og hins vegar inn í anddyrið. Tóku skjáirnir við af veggspjöldum sem áður var stillt á spjöld í gluggunum. Eins var keyptur stór fristandandi skjár á fæti fyrir fundi og veislur í fordyrinu.

Framhúsbúnaður í eldhúsi var endurnýjaður sem og vinnu-fatnaður starfsmanna í veitinga- og miðasölu. Unnið var að því að skoða nýtt hljóðkerfi en EXTON, Origo og LÚXOR komu og kynntu búnað sem kæmi til greina fyrir Salinn.

Fyrstu skref voru stigin á árinu í að endurhanna ljósastryringu og búnað í fordyri Salarins sem og húsljós í salnum sjálfum. Er verkið í höndum Arnars Leifssonar hjá Rafmiðlun.

SAMSKIPTI

Kynningarmál í Salnum voru sem fyrr í ágætum farvegi en á árinu var gerður samningur um auglýsingar við Morgunblaðið fyrir Tíbrá tónleikaröðina. Eins voru samlesnar auglýsingar hjá Ríkisútvarpinu nýttar fyrir tónleika. Leitast var við að fá umfjallanir í blöðum sem og útvarpsviðtöl. Gefnir voru út bæklingar með dagskrá Tíbrá tónleikaraðarinnar sem og fyrir Af fingrum fram tónleikana og vetrardagskráin kynnt með heilsíðu auglýsingum í Kópavogsbldunum.

Samfélagsmiðlar voru áfram nýttir til að ná til fólks sem og markpóstar á póstlista Salarins. Á haustmánuðum var ráðinn kynningar- og markaðsstjóri Menningarhúsa Kópavogs og var hafin samvinna við hann um kynningarmál Salarins.



TÓNLEIKAHALD, VIÐBURÐIR OG ÖNNUR VERKEFNI

Á þessu tuttugasta starfsári Salarins var bryddað upp á nýjungum ásamt því að halda áfram að byggja upp og bæta það sem fyrir var en hér er stiklað á stóru yfir helstu verkefni sem unnin voru í Salnum árið 2019.

Tíbrá tónleikaröð Salarins

Auglýst var í fjórða sinn eftir umsóknum í Tíbrátónleikaröðina fyrir veturinn 2019 – 20 í febrúar 2019 og rann umsóknarfresturinn út 15. mars. Fimmtíu og þrjár umsóknir bárust fyrir fimmtíu og fjórum verkefnum. Forstöðumaður Salarins ásamt verkefnastjóra Menningarhúsanna mat og afgreiddi umsóknirnar.

Við val á tónleikum var áfram gætt að því að bjóða upp á fjölbreytta tónleika hvað varðar efnistöð og hljóðfæri og áfram var leitast við að gefa ungum og efnilegum tónlistarmönnum tækifæri sem og að bjóða upp á tónleika með reyndari tónlistarmönnum og hópum.

Níu tónleikar voru í Tíbrá tónleikaröðinni árið 2019 en einir af tónleikunum sem fyrir-hugaðir voru á haustönn 2019 frestuðust til vors 2020 vegna veikinda. Þrjátíu og fjórir tónlistarmenn komu fram í Tíbrá tónleikaröðinni árið 2019.

Tekin var ákvörðun um að allir Tíbrá tónleikar frá og með hausti 2019 yrðu á þriðjudagskvöldum kl. 19:30.

Bryddað var upp á þeirri nýjung að bjóða upp á sófaspjall og tónleikakynningar fyrir valda tónleika kl. 18:30

Til að byggja enn frekar upp fasta áskrifendur að tónleikaröðinni var Tíbrá boðin í áskrift þannig að ef keyptir voru miðar á alla tónleikana tíu veturinn 2019 – 20 fékkst 50% afsláttur af miðaverði. Nokkuð vel var tekið í þetta góða boð og hefur nú Tíbrá fastan kjarna tónleikagesta sem sækja alla tónleika vetrarins.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

- 09/01 Klassík á nýju ári
Rannveig Marta Sarc, fiðla og Jane Ade Sutarjo, píanó.
- 03/02 Spænskur ljóðaleikur og ástarljóðavalsar
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, sópran, Hanna Dóra Sturludóttir, mezzósópran, Þorsteinn Freyr Sigurðsson, tenór, Fjöltnir Ólafsson, baritón, Hrönn Þráinsdóttir, píanó og Matthildur Anna Gísladóttir, píanó.
- 03/03 Harpa í tvívídd
Elisabet Waage, harpa og Katie Buckley, harpa.
- 17/03 Los Mambolitos
Alexandra Kjeld, kontrabassi, Daniel Helgason, bassi, Kristofer Rodrigues Svönuson, slagverk, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, fiðla og básúna, Sólvéig Moráček, klarinett og Matthías Hemstock, slagverk.
- 14/04 Píanótrío með Trío Nordica
Auður Hafsteinsdóttir, fiðla, Bryndís Halla Gylfadóttir, selló og Mona Kontra, píanó.
- 10/09 Strokkvartettinn Siggí – Terra Memoria
Una Sveinbjarnardóttir, fiðla, Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla, Þórunn Ósk Marínósdóttir, víóla og Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló.
- Tónleikakynning í umsjón Friðriks Margrétar-Guðmundssonar var fyrir tónleikana kl. 18:30 í fordyri Salarins.*
- 08/10 Svítur og svör með selló og harmonikku
Ragnar Jónsson, selló og Jónas Ásgeir Ásgeirsson, harmonikka.
- 22/10 Mezzó, flauta og píanó
Hanna Dóra Sturludóttir, mezzósópran, Martial Nardeau, flauta og Snorri Sigfús Birgisson, píanó.
- 05/11 Le Grand Tango
Olivier Manoury, bandoneon, Edda Erlendsdóttir, píanó, Auður Hafsteinsdóttir, fiðla, Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir, fiðla, Þórunn Ósk Marínósdóttir, víóla, Bryndís Halla Gylfadóttir, selló og Richard Korn, kontrabassi.
- Fyrir tónleikana kl. 18:30 var boðið upp á sófaspjall með Olivier Manoury í umsjón Arndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur.*

SALURINN

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

PULS verkefni Norræna menningarsjóðsins

Salurinn er hluti af samstarfsneti Norræna menningarsjóðsins PULS til ársins 2021. Salurinn hlýtur árlega styrk til þess að bjóða norrænum tónlistarmönnum til landsins og kynna tónlist þeirra fyrir Íslendingum. Salurinn gengur um leið inn í tengslanet norrænna tónleikahaldara sem funda árlega og efla þannig samstarf milli viðburðahaldara á Norðurlöndunum. Forstöðumaður Salarins sótti slíkan fund til Helsinki í október 2019.

Í janúar bauð Salurinn upp á rapp og hipp hopp kvöld í Salnum þar sem íslenskir og norrænir rapp og hipp hopp tónlistarmenn stigu á svið á þrennum tónleikum. Erpur Eyvindarson tónlistarmaður var forstöðumanni til ráðgjafar um val á norrænum tónlistarmönnum. Vorutónleikarnirsamhliða Dögum ljóðsins í Kópavogi en auk þeirra var meðal annars börnum boðið upp á rapp námskeið í umsjón Sesars A á Fjölskyldu-stund.

Norrænu tónlistarmennirnir sem stigu á svið komu annars vegar frá Danmörku og hins vegar frá Svíþjóð. Hinn danski Raske Penge er einn af fremstu og þekktustu tónlistarmönnum á sviði dancehall/reggí tónlistar í Danmörku. Með honum var sóló listamaðurinn Ham Der Hasse sem er hvað þekktastur úr dönsku reggí senunni. Iris Gold kom sömuleiðis frá Danmörku en tónlist hennar er blanda af klassísku hipp hoppi, poppi og soul tónlist. Lilla Namó sló í gegn árið 2012 í Svíþjóð og hefur verið tilnefnd til fjölda verðlauna meðal annars til Grammy sem textahöfundur ársins 2012. Auk norrænu tónlistarmannanna komu íslensku tónlistarmennirnir Blaz Roca, Cell7, Herra Hnetusmjör og Huginn fram.

- kl. 19:00 Blaz Roca og Iris Gold
- kl. 20:30 Cell7, Huginn og Lilla Namó
- kl. 22:00 Herra Hnetusmjör og Raske Penge

Tónleikakynningar og sófaspjall

Bryddað var upp á þeirri nýjung að bjóða upp á sófaspjall og tónleikakynningar fyrir valda tónleika kl. 18:30. Friðrik Margrétar-Guðmundssonar var með tónleikakynningu fyrir tónleika Strokkvartettsins Siggá í Tíbrá 10. september og Arndís Björk Ásgeirsdóttir tók sófaspjall við bandoneonleikarann Olivier Manoury fyrir Tíbrá tónleikana Le Grand Tango þann 5. nóvember.

Sumarjazz í Salnum

Í tilefni 20 ára starfsafmælis Salarins styrkti lista- og menningarráð Salinn um jazz tónleikaröð í forsal Salarins. Sautján tónlistarmenn komu fram á sex klukkustundarlöngum tónleikum í forsalnum í júní og ágúst.

Markmiðið var að bjóða upp á gæða jazztónleika og að skapa jazzklúbba stemningu í Salnum þar sem fólk gæti notið tónlistar í fallegu umhverfi í lok vinnudags. Við val á tónleikum var litið til þess að bjóða upp á tónleika með tríóum og dúettum sem hefðu ekki komið fram nýlega og myndu ekki vera með sömu tónleika í boði annars staðar um sumarið. Eins var óskað eftir nýju efni í bland við gamalt. Litið var til þess að Sumarjazz í Salnum endurspeglaði yngri jazztónlistarmenn sem eru að hefja feril sinn í jazzgeiranum í bland við þá eldri og reyndari. Kontrabassaleikarinn Jón Rafnsson var forstöðumanni Salarins til ráðgjafar við val á dagskrá Sumarjazz í Salnum.

Óhætt er að segja að Sumarjazzinn hafi slegið í gegn hjá Kópavogsbúum og öðrum gestum. Fastur kjarni mætti á alla tónleikana og á flestum þeirra var fullt út að dyrum.

06/06	Gítar Islancio Björn Thoroddsen, Gunnar Þórðarson og Jón Rafnsson.
13/06	Trío Andrésar Þórs Andrés Þór Gunnlaugsson, Þorgrímur Jónsson og Scott McLemore.
20/06	Karl Olgeirsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Þórdís Gerður Jónsdóttir
15/08	Trío Ómars Einarssonar Ómar Einarsson, Jón Rafnsson og Erik Qvick.
22/08	Marína Ósk Þórólfsdóttir og Mikael Máni Ásmundsson.
29/08	Hot Eskimos Karl Olgeirsson, Jón Rafnsson og Kristinn SnærAgnarsson.

SAMSTARFSVERKEFNI SALARINS

Af fingrum fram

Níu tónlistarmenn heimsóttu Jón Ólafsson í Salinn í tónleikaröð hans Af fingrum fram.

24/01	Ragga Gísla
06/02 & 07/02	Stefán Hilmarsson
21/02	Pálmi Gunnarsson
14/03	Páll Óskar
04/04	Valdimar
12/09 & 13/09	Emiliana Torrini
03/10	Daníel Ágúst
24/10	Helgi Björnsson
07/11	Eypór Ingi
21/11	Ragga Gísla

Jazz í Salnum

Fjórir framúrskarandi erlendir jazztónlistarmenn komu fram í tónleikaröð Sunnu Gunnlaugsdóttur, Jazz í Salnum. Voru það jazzgítar goðsögnin John Scofield frá Bandaríkjunum, ítalski jazzpíanistinn Rita Marcotulli, Gwilym Simcock jazzpíanisti frá Wales og Bandaríski jazzgítarleikarinn Miles Okazaki.

Tónleikaröðin hefur vakið athygli fyrir framúrskarandi tónleika en gagnrýnandi Fréttablaðsins, Jónas Sen, nefndi að röðin væri í algjörum sérflokki með framúrskarandi einleikstónleikum sem eru sjaldheyrðir hér á landi.

17/02	John Scofield Solo
08/03	Rita Marcotulli
15/10	Gwilym Simcock
12/11	Miles Okazaki

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Da Capo

Á vormánuðum var bryddað upp á sex samtalstónleika að frumkvæði Gunnars Guðbjörnssonar óperusöngvara. Fékk hann til sín nokkra af þekktustu óperusöngvurum landsins og fór með þeim yfir söngferil þeirra, lífið og listina í tali og tónum. Píanóleikararnir Anna Guðný Guðmundsdóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir sáu um píanóleik.

09/02	Elmar Gilbertsson
24/02	Kristinn Sigmundsson
02/03	Dísella Lárusdóttir
30/03	Bergþór Pálsson
28/04	Sigrún Hjálmtýsdóttir - Diddú
18/05	Þóra Einarsdóttir

Almennir tónleikar

Á árinu fóru 75 viðburðir í sölu á miðasöluvef Salarins. Tónleikar með hljóðkerfi voru 41 talsins, 31 tónleikar án hljóðkerfis og þrjú viðburður aðrir en tónleikar. Alls seldust 14.746 miðar.

Auk ofangreindra tónleikaraða og samstarfsverkefna var fjöldi stakra tónleika í Salnum.

25/01	Ungverskt-Austurrískt Vínartónleikar - Hver skrifaði, Ég er kominn heim?	11/10	Brautryðjendur 4 Einsöngsperlur og óperusmellir
27/01	Söngvakeppnin Vox Domini - Úrslitakvöld	12/10, 19/10 & 25/10	Afmælistónleikar Geirmundar Valtýssonar
10/02	Töfrasýning í Salnum Ingó Geirdal	17/10	Við spilum Spilverk Valdimar, Hildur Vala og Skafarnir
15/02 & 16/02	Jóhanna Guðrún syngur Celine Dion	18/10	Gissur Páll og Árni Heiðar - Við nyrstu voga, Íslensk sönglög af nýjum geisladiski
19/02	Vetrarkyrröð Söngtónleikar með Jóni Svavari Jósepssyni og Guðrúnu Dalíu Salómonsóttir	20/10	Hjördís Geirs - Söngkona í 60 ár
01/03	Við eigum samleið - Lögin sem allir elska með Sigríði Beinteinsdóttur, Guðrúnu Gunnarsdóttur og Jogvan Hansen	26/10	Bestu lög Eagles - Jógvan, Vignir og Matti
10/03	Urpíð - Söngvakeppni NMF og NFFG	03/11	Manuel Barrueco - Gítartónlist frá Kúbu og Spáni
23/03	Heiða Ólafs - Útgáfutónleikar	30/11, 30/11, 06/12, 07/12 & 07/12	Heima um jólin - Friðrik Ómar ásamt gestum
09/04	Karлакór Rangæinga ásamt Óskari Péturssyni	08/12, 09/12, 11/12 & 19/12	Jólatónleikar Sætabrauðsdrengjanna
11/04	Hana Nú! - Ljúf stund með lögum Vilhjálms Vilhjálmssonar	12/12	Nat King Cole 100 ára - Hátíðartónleikar
14/04	Hjördís Geirs - Söngkona í 60 ár	14/12	Þrjár systur - Jólaboð
09/05 & 11/05	Karлакór Kópavogs - Hæ, tröllum á meðan við tórum		
10/05	DíLað við Ladda		

SALURINN

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

Frumflutningar

Hörpuleikararnir Katie Buckley og Elísabet Waage frumfluttu Þrjár etýður ásamt bakþanka fyrir tvær hörpur tileinkaðar Katie og Elísabetu eftir Kolbein Bjarnason á Tíbrá tónleikum 3. mars 2019.

Strokkvartettinn Siggí frumflutti verkið Strengjakvartett nr. 2 eftir Arngerði Maríu Árnadóttur á Tíbrá tónleikum 10. september 2019.

Hanna Dóra Sturludóttir, mezzósópran, og Snorri Sigfús Birgisson, píanóleikari frumfluttu verkið Hvorki nú né þá eftir Snorra við ljóð Önnu S. Snorradóttur á Tíbrá tónleikum 22. október 2019.

Tónverk 20 / 21

Á árinu var verkefninu Tónverk 20/21 hrundið af stað þegar auglýst var eftir umsóknum frá tónskáldum til að semja strengjakvartett fyrir Salinn. Umsóknarfrestur rann út 20. nóvember og bárust sextán umsóknir. Markmið verkefnisins er að stuðla að frumsköpun í tónverkagerð og að kynna íslensk tónskáld.

Fjögur tónskáld verða valin úr hópi umsækjenda til að semja strengjakvartett sem er saminn sérstaklega með Salinn í huga. Verkin verða síðan frumflutt í Tíbrá tónleikaröð Salarins veturinn 2020 – 21. Samstarfsaðilar Salarins í Tónverk 20/21 er Strokkvartettinn Siggí sem mun frumflytja verkin og Tónverkamiðstöð Íslands sem mun sjá um að ganga frá nótum til flytjenda verksins og síðan að varðveita þau.

Í valnefnd sitja Atli Ingólfsson fyrir Salinn, Karólína Eiríksdóttir fyrir Tónskáldafélag Íslands og Una Sveinbjarnardóttir fyrir Strokkvartettinn Siggá. Valnefnd sat enn að störfum í lok árs 2019.

Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi í Salnum

Gróskumikið samstarf og fjölbreytt sameiginleg verkefni voru hjá Menningarhúsunum í Kópavogi og sem fyrr var Salurinn hluti af þeirri starfsemi. Bryddað var upp á nýbreytni í Fjölskyldustundum á laugardögum með því að hefja samstarf við söngkonuna Valgerði Guðnadóttur og píanóleikarann Sigurð Helga Oddson um umsjón nokkurra Fjölskyldustunda yfir veturinn.

Fjölskyldustundir á laugardögum í Salnum voru átta yfir árið. Boðið var upp á rappsmíðju fyrir tíu til fjórtán ára í umsjón Sesars A og var smíðjan í tengslum við Rapp í Kópavogi og Daga ljóðsins í janúar. Regína Ósk söng lög úr ýmsum áttum og virkjaði börnin með sér í söng og hreyfingu í febrúar. Gagnvirk tónlistarsmíðja með meðlimum Sláturs var í mars. Á Barnamenningarhátíð skemmti Dúó Stemma foreldrum og börnum á Fjölskyldustund í apríl. Í upphafi vetrarstarfs í lok ágúst flutti söngkonan Valgerður Guðnadóttir frumsamið tónlistarævintýri samið sérstaklega fyrir Salinn og Menningarhúsin í Kópavogi. Með Valgerði voru á sviðinu Matthías Stefánsson fiðluleikari og Sigurður Helgi Oddsson auk þess sem Ingibjörg Ásta Tómasdóttir tók nokkur lindyhopp spor með Sigurði. Í september var boðið upp á ljóðatónleika fyrir börn með Hallveigu Rúnarsdóttur og Hrönn Þráinsdóttur sem báru heitið Er þetta faraldur, Haraldur? Í október var flautufjör með Flautukerum og í nóvember kynntu Guðrún Hrund Harðardóttir víóluleikari og Laufey Jensdóttir fiðluleikari undrabarnið Mozart fyrir tónleikagestum. Á aðventuhátíðinni stigu Valgerður Guðnadóttir, Sigurður Helgi Oddsson og steppdansarinn Thomas Wadeldon frá Ástralíu á svið í fordyri Salarins og fluttu jólalög úr ýmsum áttum.

Fjölskyldustundirnar eru liður í að efla barna- og fjölskyldustarf í Salnum. Kynna ólíkar tónlistarstefnur fyrir börnum með fjölbreyttum tónleikum og eins að gefa börnum færi á að spreyta sig í smíðjum tengdum tónlistarsköpun. Aðgangur er ókeypis á allar Fjölskyldustundir.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Menning fyrir alla er annar þáttur í starfi Salarins sem snýr að tónlistaruppeldi barna en þá fá leik- og grunnskólabörn í Kópavogi tækifæri til að sækja Salinn reglulega heim á margvíslega tónleika og kynnast hinum ýmsu tónlistarstefnum.

List fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis bauð upp á sýninguna Flautumaðurinn fyrir 5. – 7. bekk í apríl við mikinn fögnuð áheyrenda. Flaututrúðurinn með flautuleikaranum og trúðnum Gabor Vosteen hefur farið sigurför um allt Þýskaland og mikið gleðiefni var að geta boðið miðstigi grunnskóla Kópavogs á sýninguna hans.

Dúó Stemma með þeim Herdís Önnu Jónsdóttur víóluleikara og Steef van Oosterhout slagverksleikara fagnaði vorinu með íslenskum þjóðvísu, þulum og ljóðum og hljóðum tengdum vorinu á Barnamenningarhátíð í apríl. Eldri deildum í leikskólum Kópavogs var boðið á tvenna tónleika sem voru þéttsetnir og komust færri að en vildu. Dúó Stemma sýndi einnig á Fjölskyldustund laugardaginn 13. apríl þegar uppskeruhátíð Barnamenningarhátíðar átti sér stað í Menningarhúsunum.

Unglingastigi grunnskóla Kópavogs var jafnframt boðið á tvenna tónleika með Mandólín á Barnamenningarhátíð. Hljómsveitin Mandólín er skipuð þeim Ástvaldi Traustasyni, Bjarna Braga Kjartanssyni, Elísabetu Indru Ragnarsdóttur, Guðrúnu Árnadóttur, Martin Kollmar, Óskari Sturlusyni og Sigríði Ástu Árnadóttur og er kjarni tónlistar þeirra tangóar og innileg klezmertónlist. Salurinn var þéttsetinn og almenn ánægja var með tónleikana meðal unglínganna.

Alþjóðadagur barna 20. nóvember

Haldið var upp á þrjátíu ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember. Dagurinn hófst með opnun sýningarinnar Friður í fordyri Salarins en sýningin var unnin af börnum í leikskólanum Rjúpnahæð og byggði á túlkun barnanna á friði. Við opnun sýningarinnar var Friðarlagið flutt í Salnum af elstu börnum leikskólanna Rjúpnahæðar, Urðarhóls, Grænatúns, Kópasteins, Austurkórs og Álfaheiðar. Friðarlagið var samið sérstaklega í tengslum við sýninguna en lagið er eftir Hjört Jóhannsson og texti eftir Kristján Hreinsson.

Tvö hundruð börn úr fimmtu bekkjum í skólum Kópavogs héldu málþingið Krakkaveldi þar sem þau kynntu hugmyndir sínar um hvernig Ísland verður þegar þau fá loks að ráða. Krakkaveldi er verkefni Salvarar Gullbrár Þórarinsdóttur og er markmiðið að vald efla börn og velta upp spurningum um lýðræði og vald barna til að hafa áhrif í samfélaginu.

Að lokum hélt Skólahljómsveit Kópavogs hádegistónleika þar sem tónlistin var tengd við Barnasáttmálann og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Á tónleikunum sem stjórnað var af Össuri Geirssyni og Jóhanni Birni Ævarssyni sögðu tónlistarnemar A og B sveitar hljómsveitarinnar frá lögunum, hvernig þeir upplifa tónlistina og hvaða skilaboðum þeir vilja koma áleiðis með sínum tónlistarflutningi.

SALURINN

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

Það var líf og fjör í Salnum þennan dag og fjölmenni mikið yfir daginn og færri komust að en vildu á tónleika Skólahljómsveitarinnar.

Menning á miðvikudögum hélt áfram göngu sinni og bauð Salurinn upp á átta hádegistónleika og komu alls þrettán tónlistarmenn fram sem voru hverjir fyrir sig hálf tíma langir. Auk þessara átta tónleika voru einir hádegistónleikar á Alþjóðadegi barna þar sem Skólahljómsveit Kópavogs kom fram. Í janúar söng Sólveig Thoroddsen og spilaði á barokkhörpu, í febrúar buðu Hallveig Rúnarsdóttir og Hrönn Þráinsdóttir upp á söngtónleika með íslenskum sönglögum sem og lögum eftir Brahms. Í mars söng fiðlan í höndum Sif Tulinius við píanóleik Sólveigar Önnu Jónsdóttur. Í apríl bauð Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari upp á tuttugustu aldar klassík og í maí söng Eyjólfur Eyjólfsson og lék á langspil. Gríska mezzósópraninn Marina Kargianni og píanóleikarinn Eva Þyri Hilmarsdóttir fluttu sönglög suður úr Eyjahafi í september og í október var spilað á báða flygla Salarins af þeim Laufeyju Sigrúnu Haraldsdóttur og Sólborgu Valdímarsdóttur. Í desember buðu söngkonan Valdís Gregory og píanóleikarinn Guðríður St. Sigurðardóttir upp á töfra í desember.

Á Safnanótt söng Þóra Einarsdóttir við píanóleik Kristins Arnar Kristinssonar fyrir Safnanæturgesti í fordyri Salarins. Var söngnum varpað út til gesta og gangandi við mikla ánægju Safnanæturgesta.

LHÍ samstarf

Fjórðán útskriftartónleikar frá LHÍ voru haldnir í Salnum vorið 2019. Var þetta síðasta árið í samningi milli Salarins og Listaháskóla Íslands. Samstarfið stuðlar að því að framtíðartónlistarmenn kynnist Salnum og tónleikahaldi í tónlistarhúsi.

Samstarf við Tónlistarskóla Kópavogs

Salurinn hefur frá upphafi verið heimili Tónlistarskóla Kópavogs. TK hefur fasta æfingartíma í Salnum alla mánudaga frá kl. 15 auk þess sem nemendur skólans fá reynslu af því að koma fram á tónleikum. Eins hafa framhaldsprófstónleikar TK farið fram í Salnum. Árið 2019 voru 45 tónfundir nemenda Tónlistarskóla Kópavogs í Salnum og þrennir framhaldsprófstónleikar.

Söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs flutti óperuna Brúðkaup Fígarós eftir Wolfgang Amadeus Mozart í tvígang í Salnum í apríl. Í uppfærslunni var óperan nokkuð stytta og leikurinn færður til okkar tíma. Leikstjóri óperunnar var Anna Júlíana Sveinsdóttir og tónlistarstjóri og píanóleikari var Aladár Rácz.

Nýting TK á Salnum miðast við að eiga sér stað þá daga og kvöld sem minna er um að vera í Salnum og er víkjandi fyrir starfsemi Salarins.

Skólahljómsveit Kópavogs hélt níu tónfundi í Salnum.

Ráðstefnur og fundir

Á árinu voru fjölbreyttir viðburðir í Salnum aðrir en tónleikar. Má meðal annars nefna fund um þriðja orkupakkann, ráðstefnu Students of liberty, ráðstefnu á alþjóðadegi geðheilbrigðis, ráðstefnu um heilsu kvenna auk þess sem verðlaun ljóðasamkeppni Jóns úr Vör voru afhent, undankeppni Nótunnar haldin, Söngvakeppni félagsmiðstöðva í Kópavogi, Upplestrarkeppni grunnskólanna, páskaskemmtun Waldorfskóla, fermingar Siðmenntar, Kópurinn, afhending viðurkenningar úr sjóði Halldórs Hansens, afhendingu jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogs, stuttmyndahátíð félagsmiðstöðva Kópavogs, kynningu á bókasafninu Oodi í Helsinki, jólagleði stjórnsýslusviðs og margt fleira.

HELSTU VERKEFNI 2020

Helstu verkefni árið 2020 er að halda áfram að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá fyrir alla aldurshópa. Eins verður leitast við að bjóða upp á tónleika yfir sumartímann og efla enn frekar samstarf við tónlistarmenn. Norrænum tónlistarmönnum verður boðið að halda tónleika í Salnum innan PULS verkefnisins og haldið verður veglega upp á að 250 ár eru frá fæðingu Beethovens. Áframhald verður á endurnýjun tækni-búnaðar og aðbúnaðar í Salnum og sem fyrr verður boðið upp á góða og persónulega þjónustu við samstarfsaðila og gesti Salarins.

Tíbrá tónleikaröð Salarins, Sumarjazz í Salnum og ný samstarfsverkefni

Tíbrá tónleikaröðin hefur verið hryggjarstykkið í starfi Salarins nánast frá upphafi og stefnt er að því að festa röðina enn frekar í sessi á árinu. Áfram verður boðið upp á góðan afslátt í forsölu og áskrift til að byggja upp fastan áheyrendahóp Tíbrár. Boðið verður upp á tónleikakynningar fyrir valda tónleika til

að gefa tónleikagestum innsýn inn í heim tónlistarinnar og leitast verður við að ná til þjóðfélagshópa sem öllu jöfnu sækja ekki tónleika. Í byrjun hvers árs er auglýst eftir umsóknum í Tíbrá tónleikaröðina og stefnt að því að dagskrá komandi vetrar liggja ávallt fyrir að vori.

Skoðað verður með möguleikann á því að streyma tónleikunum til hjúkrunarheimila og þeirra sem eiga ekki heimangengt. Yrði þetta unnið í samvinnu við Velferðarsvið Kópavogs og Upplýsingatæknideild Kópavogs-þæjar.

Sumarið 2020 verður áfram boðið upp á Sumarjazz í fordyri Salarins sem eru líkt og Tíbrá styrktir af lista- og menningarráði Kópavogs.

Samstarfinu við Sunnu Gunnlaugsdóttur með Jazz í Salnum verður fram haldið og þannig boðið upp á tónleika með jazztónlistarmönnum á heimsmaelikvarða. Haustið 2020 verður nýrri tónleikaröð hrint af stað í samstarfi við landslið píanóleikara landsins þar sem allar píanósónötur Beethovens verða fluttar á tíu tónleikum. Er tónleikaröðin í tilefni þess að 250 ár eru liðin frá fæðingu Beethovens.

Salurinn er fyrir alla

Mikilvægur þáttur í fræðslu og barnastarfi Salarins er Menning fyrir alla þegar öllum stigum í grunnskólum Kópavogs er boðið á tónleika í Salnum. Eins er leikskólabörnum boðið á tónleika á Barnamenningarhátíð. Áframhald verður á þessu góða starfi árið 2020.

Skólaheimsóknirnar ásamt Fjölskyldustundum á laugardögum og Menningu á miðvikudögum einu sinni í mánuði og Sumarjazzinn eru mikilvægur þáttur í að kynna Salinn fyrir öllum og að allir geti notið tónlistar óháð efnahag. Fjölskyldustundir og Menning á miðvikudögum hafa verið nokkuð vel sóttir en þó er rými fyrir fleiri gesti.

Unnið verður að verkefni samhliða Tónverki 20-21 sem kallast Tónverk barna þar sem börn í miðstigi grunnskóla gefst tækifæri til að vera virkir þátttakendur í tónverkagerð.

Nýsköpun

Tónverk 20/21 auglýsti eftir umsóknum í fyrsta sinn í lok árs 2019 og munu tónskáld vinna að nýjum strengjakvartettum fyrir Salinn á árinu. Auglýst verður eftir umsóknum aftur í lok árs 2020 fyrir tónleikaveturinn 2021 – 22 og stefnt að því að festa verkefnið í sessi. Hugmyndin með sjóðnum er að stuðla að frumsköpun í tónverkagerð með því að fá tónskáld til þess að semja verk sem eru síðar frumflutt í Salnum.

Áfram verða þróaðar hugmyndir að því hvernig Salurinn getur nýst ungu tónlistarfólki. Hvort heldur í tónsköpun eða við að koma tónlist sinni á framfæri. Stefnt er að því að rammi að slíku verkefni liggja fyrir í byrjun árs 2021.

PULS verkefni Nordisk kulturfond

Salurinn er hluti af samstarfsneti norræna menningarsjóðsins PULS árið 2019 - 2021. Salurinn hlýtur því styrk til þriggja ára til þess að bjóða norrænum tónlistarmönnum til landsins og kynna tónlist þeirra fyrir Íslendingum. Salurinn gengur um leið inn í tengslanet norrænna tónleikahaldara sem funda árlega og efla þannig samstarf milli Norðurlandanna. Árið 2020 verður þremur norrænum tónlistarmönnum boðið til landsins til að halda tónleika í Salnum samhliða íslenskum tónlistarmönnum.

Bættur aðbúnaður

Eitt af markmiðum Salarins er að bjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti. Eins og gefur að skilja er töluvert af búnaði Salarins kominn til ára sinna þó hefur mynddreifibúnaði og sviðsljósakostur verið endurnýjaður. Á fjárhagsáætlun 2019 var gert ráð fyrir endurnýjun á hljóðkerfi og búnaði Salarins. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið á sumarmánuðum 2020.



Á árinu stendur til að klára að tengja nýjan ljósabúnað í eitt ljósaborð og stilla lýsingar fyrir ýmis tækifæri. Eins verður unnið með sviðshönnuði að ólíkum sviðsmyndum og sviðsbúnaður (props) endurnýjað. Ásýnd sviðs og fjölbreytileg lýsing er mun mikilvægari nú en áður með tilkomu samfélagsmiðla og myndavéla í síma.



Eins er stefnt að því að bæta baksviðs-aðstöðu, endurnýja framhúsbúnað og bar sem og vinnuáðstöðu og móttökusvæði í fordyri. Undirbúningur að endurnýjun ljósabúnaðar í fordyri sem og húsljósá í sal sem hófst í lok árs 2019 verður jafnfram fram haldið.

Gott og náð samstarf

Áfram verður unnið að farsælu samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi og við tónlistarmenn sem vilja koma hugmyndum sínum í framkvæmd og þurfa til þess stuðning og ramma sem Salurinn getur boðið upp á.

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða	Gestafjöldi 2019
Gestir í Salnum		31.707
Viðburðir í Salnum	220	30.455
- þar af tónleikar Salarins og samstarfsverkefni	43	5.997
- þar afviðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	27	2.770
- þar af almennir tónleikar (útleiga)	59	11.435
- þar af ráðstefnur og fundir	36	5.544
- þar af Tónfundir Tónlistarskóla Kópavogs	45	1.965
Skólaheimsóknir	10	2.744
- þar af Menning fyrir alla	7	2.036
- þar af List fyrir alla	3	708
Æfingar	72	1.227
- þar af æfingar Tónlistarskóla Kópavogs	42	810
Upptökur	3	15

FJÁRMÁL 2019 OG ÁÆTLUN 2020	2019 í þús. kr.	2020 í þús. kr.
Tekjur		
<i>Rekstrartekjur</i>	34.853	36.257
Gjöld		
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	37.155	38.865
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	65.910	64.085
Rekstrarniðurstaða	68.212	63.693



MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

SALURINN

ÁRSSKÝRSLA 2019 OG STARFSÁÆTLUN 2020

menningarhusin.kopavogur.is

bokasafn.kopavogur.is

gerdarsafn.kopavogur.is

heradsskjalasafn.kopavogur.is

natkop.kopavogur.is

salurinn.kopavogur.is